

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalnámskrá grunnskóla.

#### 1. gr.

Með vísan til 24. og 25. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, með áorðnum breytingum, staðfestir mennta- og barnamálaráðherra hér með eftirfarandi breytingar á aðalnámskrá grunnskóla:

Breytingar verða á greinasviðum með því að nýir kaflar 17. til 26., sem birtir eru sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, koma í stað 17. til 27. kafla gildandi aðalnámskrár.

#### 2. gr.

Breytingar þessar á aðalnámskrá grunnskóla öðlast þegar gildi og skulu vera komnar til framkvæmda við upphaf skólaárs 2025/2026.

Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 17. október 2024.

Ásmundur Einar Daðason.

Anna Tryggvadóttir.

### Fylgiskjal I.

#### Kafli 17 – Greinasvið – Kennsla, nám og námsmat.

Í köflum 18–26 er fjallað um lykilhæfni, námsgreinar og námssvið í samræmi við ákvæði laga um grunnskóla. Innan hvers námssviðs og námsgreinar er gerð grein fyrir hæfniviðmiðum við lok 4., 7. og 10. bekkjar en í erlendum tungumálum og íslensku sem öðru tungumáli er miðað við stig í stað árganga. Í lok hvers kafla er gerð grein fyrir matsviðmiðum við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Ekki eru sett fram matsviðmið fyrir lykilhæfni og ekki er gert ráð fyrir að einkunn í lykilhæfni sé birt á vitnisburðarskírteini nemenda við lok grunnskóla. Skólar setja viðmið um árangur fyrir alla árganga í lykilhæfni sem birta á í skólanámskrá skólans.

Hæfniviðmið aðalnámskrár við lok 10. bekkjar ramma inn þá hæfni sem nemendur eiga að hafa náð við lok grunnskóla en hæfniviðmið við lok 4. og 7. bekkjar eru vörður nemenda á leið sinni þangað. Til þess að nám nemenda verði sem samfelldast er hverjum skóla ætlað að forgangsraða hæfniviðmiðum fyrir hvern árgang, setja við þau námsmarkmið sem skilgreind eru í skólanámskrá og ákvarða hver þeirra liggja til grundvallar námsmati hverju sinni. Hæfniviðmið sem liggja til grundvallar námsmati við lok 10. bekkjar móta þau matsviðmið sem birt eru í aðalnámskrá og skal nýta við vitnisburð við lok grunnskóla.

Á grundvelli hæfniviðmiða eru kennsluhættir, kennsluáferðir, námsgögn og námsmatsaðferðir valdar en gera skal grein fyrir öllum þessum þáttum í skólanámskrá. Hverjum skóla er í sjálfsvald sett hvort námsgreinar séu kenndar aðgreindar eða samþættar. Þess ber þó að gæta að námið verði heildstætt og sem samfelldast.

#### 17.1 Nám, kennsla og kennsluhættir.

Hlutverk kennara er að skipuleggja nám og kennslu út frá hæfniviðmiðum námsgreina og námssviða aðalnámskrár með þeim hætti að nemendur öðlist þá hæfni sem til er ætlast. Einnig er það hlutverk þeirra að skapa nemendum aðstæður til merkingarbærs náms þar sem nemendur eru virkir þátttakendur.

Nemendur eiga að fá tækifæri til að vinna að raunhæfum viðfangsefnum þar sem kennarar taka ríkan þátt í námi þeirra, leiðbeina, gefa uppbyggjandi endurgjöf jafnt og þétt í námsferlinu og styðja þá til sjálfstæðra verka sem og samvinnu. Mikilvægt er að í skólastofunni eigi sér stað samtál, nemendur fái

þjálfun í rökræðu og gagnrýninni hugsun og tækifæri til þess að skiptast á skoðunum um viðfangsefni og málefni daglegs lífs og það sem er efst á baugi í málefnum líðandi stundar.

Margbreytileiki nemenda kallar á fjölbreytta kennsluhætti þar sem allir fá að njóta sín og miðla þekkingu sinni, reynslu og skapandi hugsun á þann hátt sem hverjum er fær. Viðfangsefni og verkefni eiga að höfða til nemenda og miða að því að auka þekkingu þeirra, orðaforða og námsáhuga.

Öll hæfniviðmið allra námsgreina og námssviða eiga að liggja til grundvallar námi og kennslu og mikilvægt er að nemendum sé ljóst hver þeirra unnið er með hverju sinni. Með góðu skipulagi náms og kennslu, þar sem fjölbreyttum og leiðbeinandi kennsluháttum er beitt, er hægt að nýta áhuga og styrkleika hvers og eins sem best. Hafa skal í huga þann ramma sem námsgreinum og námssviðum er markaður í kafla 8.5 um viðmiðunarstundaskrá og í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla.

### Lykilhæfni og grunnþættir menntunar.

Lykilhæfni og grunnþáttum menntunar er ætlað að lita allt skólastarf og fléttast inn í allt nám og kennslu.

Jöfnum höndum á að leggja áherslu á lykilhæfni og sértæka hæfni fyrir viðkomandi námsgrein eða námssvið. Skipulag kennslustunda, verkefna og viðfangsefna á að vera þess eðlis að það reyni á hæfni nemenda til að tjá sig og hlusta á aðra, miðla upplýsingum og verkefnum á fjölbreyttan hátt, ná tökum á að nota skapandi og gagnrýna hugsun, beita sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu og nýta fjölbreyttar uppsprettur þekkingar og greina og miðla upplýsingum.

Í kafla 18 eru sett fram hæfniviðmið um lykilhæfni sem skipt er í fimm kafla þ.e.:

- **Tjáning og miðlun**, þar sem nemendur þjálfu hæfni sína í að miðla verkefnum og viðfangsefnum á fjölbreyttan hátt og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega, tjá hugsanir sínar og skoðanir á sem fjölbreyttastan hátt og taka þátt í samræðum og rökræðum.
- **Skapandi og gagnrýnin hugsun**, þar sem nemendur þjálfu hæfni sína í að spyrja gagnrýninnu spurninga og nýta gagnrýna hugsun, draga ályktanir og beita röksemdafærslu.
- **Sjálfstæði og samvinna**, þar sem nemendur þjálfu hæfni sína í að vinna sjálfstætt og í samstarfi við aðra á ábyrgan og lýðræðislegan hátt, taka á móti leiðsögn og gagnrýni og vinna með á uppbyggjandi hátt.
- **Nýting miðla og upplýsinga**, þar sem nemendur þjálfu hæfni sína í að vinna með áreiðanleika upplýsinga, ábyrgð í upplýsingaöflun og miðlun, greina heimildir ólíkra miðla, sýna siðferðilega ábyrgð og beita gagnrýnni hugsun.
- **Ábyrgð og mat á eigin námi**, þar sem nemendur þjálfu hæfni sína með ábyrgð og sjálfsþekkingu gagnvart eigin námi og námsáhuga, vinnubrögðum, frammistöðu og markmiðasetningu að leiðarljósi og getu til að leggja raunhæft mat á vinnu sína og árangur.

Öll hæfniviðmið lykilhæfninnar eru mikilvæg til að standa vörð um lýðræði og getu til að taka afstöðu til siðferðilegra álitamála. Þannig er einnig staðið vörð um mannréttindi sem eiga þátt í að skapa samfélag jafnréttis, sjálfbærni, heilbrigði og velferðar. Allir þessir þættir eru grunnþættir menntunar ásamt læsi og sköpun og skulu fléttast inn í allt skólastarf, nám og kennslu.

Í kafla 2 í aðalnámskrá grunnskóla er fjallað um sex grunnþætti menntunar. Þeir tengjast allir innbyrðis í menntun og skólastarfi og eru háðir hver öðrum. Með því að hugsa skólastarf út frá grunnþáttum menntunar má skapa meiri heildarsýn um það.

- **Heilbrigði og velferð**, hvernig efla má heilbrigði og stuðla að velferð og vellíðan með áherslu á jákvæða og raunsanna sjálfsmynd, hreyfingu, næringu, hvíld, geðrækt, andlega og líkamlega vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilning á eigin tilfinningum og annarra.
- **Jafnrétti**, hvernig efla má jafnréttismenntun og skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum í anda virðingar og jafnréttis.

- **Lýðræði og mannréttindi**, hvernig efla má þátttöku nemenda í lýðræðislegu samfélagi með áherslu á virðingu fyrir manngildi hvers og eins sem og mannréttindum allra.
- **Læsi**, hvernig efla má hæfnina að skilja, nýta sér, ígrunda og ástunda lestur á fjölbreyttum texta og upplýsingum í þeim tilgangi að ná markmiðum sínum, þróa þekkingu sína og möguleika á að geta tekið virkan þátt í samfélaginu.
- **Sjálfbærni**, hvernig efla má menntun til sjálfbærni í öllu námi sem miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem snúa að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags sem jafnframt styrkja hnattræna hugsun og nálgun.
- **Sköpun**, hvernig efla má margbreytilegt skapandi starf í skólum og með hvaða hætti sköpun tengist inn í allar námsgreinar og allt skólastarf, bæði í formlegu og óformlegu námi, frístunda- og félagsstarfi.

Vinna með lykillæfni og grunnþætti menntunar styður vel við fjölbreytta og leiðbeinandi kennslu-hætti.

### Aðstæður til náms.

Til að nemendur nái þeim hæfniviðmiðum sem að er stefnt þarf að tryggja að starfshættir skóla, viðfangsefni, skipulag og aðstæður laði fram sem mestan námsáhuga og bestan námsárangur. Í skóla-samfélagi, þar sem eru nemendur með ólíkar þarfir, er það á ábyrgð kennara að skapa aðstæður sem hvetja til náms og hlusta eftir þeim hugmyndum sem hver og einn hefur fram að færa svo nemendur finni til öryggis og tilgangs. Leggja þarf áherslu á að hugmyndir allra séu virtar og metnar að verðleikum og að rými sé fyrir alla nemendur að taka út faglegan og félagslegan þroska og þjálfast í lýðræðislegum vinnubrögðum. Viðbrögð við hugmyndum nemenda og ólíkum lausnaleyðum þeirra hafa afgerandi áhrif á menningu í skólastofunni og öðru námsumhverfi sem og virðingu nemenda fyrir framlagi allra til að skapa öflugt námssamfélag. Nemendum þarf að vera ljóst að mistök skapa tækifæri til að læra af, greina hvað fór úrskeiðis og styrkja þannig skilning á viðfangsefninu.

Í skólastofu, vinnusvæðum og í útinámi þar sem nemendum standa til boða margvíslegar úrvinnslu-leiðir við einstaklings- og hópaverkefni þurfa öll námsgögn, hjálpartæki, tæknibúnaður, líkön og verkfæri sem á þarf að halda að vera aðgengileg og nemendum kennt að umgangast þau og nota með ábyrgum og öruggum hætti. Sama á við um skólasöfn og aðrar upplýsingamiðstöðvar þar sem nemendur geta nálgast bækur, rit og tæknibúnað.

Útikennsla gefur tækifæri til að nýta skynfæri með því að tengja viðfangsefni ýmsum þáttum náms-sviða og námsgreina samhliða hreyfipjálfun. Þannig er útikennsla góð viðbót og tækifæri til samþættingar námsgreina og námssviða. Fjölbreytt hreyfinám á sér stað við útiveru, einkum í náttúrulegu umhverfi. Útikennsla gefur gott tækifæri til að tengja heilsuuppeldi og sjálfbærni í lífnaðarháttum. Nemendur þurfa að þekkja, skilja og virða náttúruna og næsta umhverfi sitt, manngert eða náttúrulegt.

### Íslenska í öllum námssviðum.

Góður skilningur og þekking á tungumálinu, hvort sem um er að ræða talað mál eða táknmál, er grundvöllur virkrar lýðræðislegrar þátttöku, samskipta og náms.

Tungumál er undirstaða alls skólastarfs og eru kennarar og starfsfólk skóla í lykilhlutverki þegar kemur að því að styðja nemendur við að auka færni sína í íslensku í öllum námssviðum með því að nota íslensku og annan tungumálaforða sinn á fjölbreyttan, skapandi og árangursríkan hátt í námi og félagslegum samskiptum. Þannig er stuðlað að því að skapa andrúmsloft forvitni og áhuga hjá öllum nemendum óháð tungumálabakgrunni þeirra um leið og leitast við að styðja samskipti á milli nemenda og vaxandi skilnings á tungumáli námsgreina.

Markmið með kennslu íslensku sem annars tungumáls er að nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn tileinki sér og læri íslensku þannig að þeir geti stundað heildstætt nám í íslensku skólastarfi. Með því að huga markvisst að breidd og dýpt orðaforða sem og málnotkun í öllum námsgreinum er stutt við aukin tækifæri allra nemenda til náms.

**Lestur og lestrarmenning.**

Mikilvægt er að í hverjum skóla sé lagður grunnur að lestrarmenningu með vandaðri og fjölbreyttri lestrarkennslu og góðu aðgengi að fjölbreyttu lesefni í vel búnu kennslurými og skólasafni. Nemendur þurfa að fá tækifæri til að byggja upp og tileinka sér orðaforða námsgreina og námssviða, þjálfast í notkun hans og að geta beitt honum í tali og rituðum texta við ólíkar aðstæður. Ríkulegur orðaforði er forsenda mál- og lesskilnings og góður lesskilningur og góð lesfimi eru lykilþættir læsis. Góð lestrarmenning í skóla gerir lestri og læsi hátt undir höfði og setur hvort tveggja í merkingarbært samhengi fyrir nemendur í öllum námsgreinum og námssviðum.

**Samþætting námsgreina.**

Hæfniviðmiðum námsgreina og námssviða er skipt í nokkra flokka. Flokkarnir eru ekki einangraðir innan síns sviðs heldur hlutar af samofinni heild þar sem hver flokkur getur haft gagn af hinum, innan og á milli námsgreina og námssviða. Tækifæri til samþættingar eru margvísleg og kalla á kennsluhætti þar sem nemendur fá að nýta og yfirfæra þá þekkingu, leikni og hæfni sem þeir búa yfir. Með samþættingu er horft til viðfangsefna sem tengjast t.d. daglegu lífi nemenda og áhugamálum og hafa snertifleti við hæfniviðmið margra námsgreina og námssviða og nærsamfélag skólans.

Yfirheiti hæfniviðmiða geta auðveldað skipulagningu samþættingar námsgreina og veita yfirsýn yfir áherslupætti hæfniviðmiða hverrar námsgreinar eða námssviðs.

Hverjum skóla er í sjálfsvald sett hvort námsgreinar séu kenndar aðgreindar eða samþættar en þess ber þó að gæta að námið verði sem heildstæðast.

**Kennsluhættir og viðfangsefni.**

Leitast skal við að kennsluhættir séu sem fjölbreyttastir. Þeir ættu að einkennast af viðfangsefnum sem gefa nemendum tækifæri til að þroska sjálfstæði sitt og hæfni til að skipuleggja eigið námsferli og virkni og bæta við þekkingu á reynsluheimi sínum. Kennslu þarf að skipuleggja þannig að farið sé frá því sem nemendur þekkja til hins óþekkta, frá miklum stuðningi við nemendur að sjálfstæðri vinnu þeirra. Þannig ætti verkefnavinna nemenda að byggja á lýðræðislegum vinnubrögðum, íhugun, þróun lausnaleyða, samskiptum og samstarfi við samnemendur og kennara, athugunum innandyra og í nærumhverfi skólans, tækifærum til að upplifa og draga ályktanir af reynslu sinni og þátttöku í að rannsaka, setja fram og sannreyna tilgátur. Skapa þarf svigrúm fyrir leik og sköpun í öllu námi og móta það andrúmsloft og námsumhverfi sem til þarf. Finna þarf leiðir til að vekja nemendur til umhugsunar, skoðanaskipta og rökræðu, velta fyrir sér mörgum hliðum tiltekins máls og kenna nemendum og þjálfara þá í að tjá sig og taka tillit til annarra við lausn verkefna í stórum og smáum hópum.

Kennari eða kennari og nemendur í sameiningu þurfa að velja námsgögn, verkefni og viðfangsefni með það í huga að nemendur geti notað þá hæfni, þekkingu og leikni sem þeir búa yfir til að leysa þau. Námsgögn, verkefni og viðfangsefni sem valin eru þurfa að byggja á hæfniviðmiðum og námsmarkmiðum sem unnið er að hverju sinni, vera raunhæf og verðug, vekja áhuga og hafa merkingu og gildi fyrir nemendur.

**Leiðsagnarmat.**

Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat og flétta því saman við kennslu og nám. Leiðsagnarmat hefur þann megintilgang að veita nemendum endurgjöf og leiðsögn á uppbyggjandi hátt jafnt og þétt í námsferlinu og jafnframt veita foreldrum upplýsingar um stöðu barna sinna hverju sinni. Markmiðið er að nemendur viti hvar þeir eru staddir í námsferlinu og hvert þeir eru að fara og fá leiðsögn sem hjálpi þeim að brúa bilið þar á milli. Þegar leiðsagnarmat er notað þarf kennara og nemendum að vera ljóst hvaða hæfniviðmið, námsmarkmið og matsviðmið liggja til grundvallar náminu ásamt viðmiðum um árangur.

Með leiðsagnarmati fá bæði kennarar og nemendur reglulegar upplýsingar um framvindu náms og hvort kennslan hafi skilað árangri. Öllu máli skiptir að upplýsingarnar séu nýttar til að bæta nám og kennslu svo nemendur nái því sem að er stefnt.

### 17.2 Námsmat.

Við lok grunnskóla er notaður A–D matskvarði og matsviðmið sem skólum er skylt að nota við brautskráningu nemenda, sbr. kafla 9.4 í almennum hluta aðalnámskrár. A–D matskvarði og matsviðmið sem sett eru fram við lok 4. og 7. bekkjar er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skóla og eru einungis sett fram til að styðja við námsmat við lok yngsta stigs og miðstigs. Skólum ber að ákveða þann matskvarða sem á að nota fyrir námsgreinar og námssvið annarra árganga og setja við þá matsviðmið. Gera þarf grein fyrir matskvarðanum og matsviðmiðum í skólanámskrá. Matsviðmið eiga að byggja á námsmarkmiðum og hæfniviðmiðum sem unnið er að á hverjum tíma.

Námsmat á að vera órjúfanlegur hluti af námi og kennslu og mat á hæfni og framförum nemenda reglubundinn þáttur í skólastarfi. Mikilvægt er að nemendur og foreldrar þeirra fái vitneskju um forsendur námsmats og að nemendur séu meðvitaðir um matsviðmið sem liggja til grundvallar námsmatsi svo þeim sé ljóst til hvers er ætlast af þeim.

Megintilgangur námsmats er að safna upplýsingum um námslega stöðu nemenda. Þannig fæst staðfesting á hvort nemendur hafi tileinkað sér þá þekkingu, leikni og hæfni sem felst í þeim hæfniviðmiðum, námsmarkmiðum og matsviðmiðum sem unnið er að hverju sinni. Með námsmati fást upplýsingar um námslega stöðu nemenda á þeim tímamarki sem þeirra er aflað. Þegar upplýsingar úr námsmati eru nýttar með markvissum hætti er meðal annars unnt að styrkja kennslu og kennsluaðferðir til að efla námsárangur nemenda og efla samstarf og samskipti heimila og skóla.

Til að auka áreiðanleika og réttmæti námsmats þarf það að grundvallast á:

- matsviðmiðum sem byggja á þeim hæfniviðmiðum og námsmarkmiðum sem unnið hefur verið með,
- athugunum, prófunum eða vel skilgreindum verkefnum vegna þeirrar þekkingar, leikni eða hæfni sem verið er að draga ályktanir um,
- mati á þeirri þekkingu, leikni eða hæfni sem meta á hverju sinni.

### Matsaðferðir og matsgögn.

Til að meta margs konar hæfni nemenda er mikilvægt að nota fjölbreyttar aðferðir, verkefni og viðfangsefni sem gefa sem heildstæðasta mynd af hæfni nemenda. Matsgögnum þurfa að fylgja skýr viðmið sem liggja til grundvallar náminu. Með skýrum viðmiðum á öllum að vera ljóst hvaða hæfni, þekkingu og leikni verið er að meta og til hvers er ætlast af nemendum.

Mikilvægt er að vægi matsgagna sé ákveðið fyrir fram, liggja fyrir í upphafi námstímabils og í samræmi við skipulag náms og kennslu.

Faglegt og hlutlægt mat kennara á frammistöðu nemenda er grunnur að námsmati þeirra. Mikilvægt er að kennarar geti rökstutt námsmatsniðurstöður og lagt fram matsgögn sem sýna á hverju námsmati byggir. Í námsferlinu þarf kennari að upplýsa nemendur og foreldra reglulega um námslega stöðu nemenda og framgang námsins út frá hæfniviðmiðum og námsmarkmiðum sem unnið er að hverju sinni. Þannig eru nemendur sem best undirbúnir fyrir þau viðfangsefni sem liggja til grundvallar námsmatsi.

## Kafli 18. Lykilhæfni.

Í þessum kafla er gerð grein fyrir menntagildi og megintilgangi lykilhæfni. Tekið er mið af grunnþáttunum sex sem fjallað er um í 2. kafla og áhersluþáttum í námi sem fjallað er um í 6. kafla. Sett eru fram hæfniviðmið fyrir lykilhæfni við lok 4., 7. og 10. bekkjar.

Í kafla 9.4 er fjallað um viðmið um námsmat í lykilhæfni. Matsviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar eru ekki sett fyrir lykilhæfni og ekki er gert ráð fyrir að einkunn í lykilhæfni sé birt á vitnisburðarskírteini nemenda við lok grunnskóla. Skólar setja viðmið um árangur fyrir alla árganga í lykilhæfni og birta í skólanámskrá skólans.

### 18.1 Menntagildi og megintilgangur lykilhæfni.

Í 6. kafla er fjallað um hvernig grunnþættir í menntun ásamt áhersluþáttum grunnskólalaga skulu vera leiðarljós í almennri menntun og starfsháttum grunnskóla. Jafnframt er fjallað um mikilvægi þess að grunnskólinn skapi vettvang til að þroska með nemendum hæfni í anda grunnþáttanna sem búa þá á margvíslegan hátt undir þátttöku í Lýðræðissamfélagi.

Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans. Í hverri námsgrein og námssviði skal leggja jöfnum höndum áherslu á hæfniviðmið lykilhæfni og sértæk hæfniviðmið viðkomandi námsgreinar eða námssviðs. Lykilhæfni á að endurspeglast í öllu námi og kennslu, viðfangsefnum og verklagi allra námsgreina og námssviða. Kennsluhættir skulu miða að því. Náms- og kennsla í lykilhæfni í grunnskóla skal hefjast í upphafi skólagöngu nemenda og vara grunnskólagöngu þeirra í öllu skólastarfi, námssviðum og námsgreinum.

Megintilgangur náms og kennslu í lykilhæfni er að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda, gagnrýna hugsun, búa þá undir virka þátttöku í Lýðræðissamfélagi og að þeir öðlist getu til að nýta sér styrkleika sína til áframhaldandi náms og starfsþróunar þegar þar að kemur.

Við skipulagningu náms, kennslu og samþættingar lykilhæfni við allar námsgreinar skulu öll hæfniviðmið lykilhæfni liggja til grundvallar. Með því að flétta hæfniviðmiðum lykilhæfni inn í allt nám nemenda alla skólagönguna er lagður grunnur að alhliða þroska nemenda. Miða þarf að því að nemendur þrói með sér öryggi og jákvætt viðhorf til þeirra þátta sem þeir fá þjálfun í og að því sé við haldið.

Til þess að tileinka sér þá hæfni sem lagt er upp með í hæfniviðmiðum lykilhæfni þurfa nemendur að fá tækifæri til þess að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir, miðla þekkingu sinni og leikni, taka þátt í samræðum og rökræðum, hlusta á aðra, flytja mál sitt skýrt og áheyrilega, beita skapandi og gagnrýninni hugsun, beita frumkvæði, draga ályktanir og leita nýrra lausna bæði í einstaklingsvinnu og samvinnu. Kenna þarf nemendum að nýta margvíslega miðla við þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun ásamt því að nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt. Þeir þurfa að fá þjálfun og leiðsögn í að bera ábyrgð á eigin námi, beita góðum vinnubrögðum, meta frammistöðu sína og skilja hvað þarf til þess að þeir nái framförum.

Skólastarf þar sem lykilhæfni er gert hátt undir höfði kallar á fjölbreytta kennsluhætti, skapandi námsumhverfi og möguleika nemenda á margs konar úrvinnslu verkefna.

### 18.2 Hæfniviðmið fyrir lykilhæfni.

Hæfniviðmið í lykilhæfni eru sett fram í fimm flokkum, þ.e. tjáning og miðlun, skapandi og gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi. Þótt hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfelld ferli og skapandi athöfn fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni.

**Tjáning og miðlun.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Tjáning	tjáð tilfinningar og hugmyndir þannig að þær séu skiljanlegar öðrum,	tjáð hugmyndir og tilfinningar á skýran hátt,	tjáð hugmyndir og tilfinningar á skýran og skipulegan hátt,
Tillitssemi	hlustað á aðra, sýnt tillitssemi og haldið sig við umræðuefni,	brugðist við upplýsingum, hlustað, tekið þátt í umræðum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða,	brugðist við margvíslegum upplýsingum og hugmyndum, hlustað, tekið þátt í umræðum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða,
Samskipti	rætt um áhugamál sín og skoðanir,	rætt um viðfangsefni þannig að áhugi viðmælanda sé vakinn,	rætt á skýran hátt um málefni þannig að áhugi viðmælanda sé vakinn,
Orðaforði	lært og notað ný orð til að ræða ólík viðfangsefni,	aukið orðaforða sinn og beitt honum á ólík umfjöllunarefni,	tileinkað sér og nýtt fjölbreyttan orðaforða og viðeigandi hugtök sem tengjast ólíkum viðfangsefnum,
Miðlun	nýtt ólíkar leiðir til miðlunar.	valið úr ólíkum leiðum til miðlunar.	valið úr fjölbreyttum leiðum til miðlunar.

**Skapandi og gagnrýnin hugsun.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Spyrjandi hugarfar	spurt spurninga til að hefja rannsókn á fjölbreyttum fyrirbærum,	spurt fjölbreyttra spurninga og nýtt þær til rannsókna á fjölbreyttum fyrirbærum,	spurt gagnrýninna spurninga og nýtt þær í rannsóknnum sínum,
Sköpun	unnið fjölbreytt verkefni á skapandi hátt,	bent á hugmyndir eða möguleika sem ekki hafa komið fram áður,	leyst fjölbreyttar áskoranir á skapandi hátt,
Lært af mistökum	lært af mistökum sínum,	lært af mistökum og séð möguleika til framfara,	lært af mistökum og séð í þeim nýja möguleika til framfara,
Rökræða	útskýrt mál sitt með rökum,	fært rök fyrir ólíkum skoðunum,	rökrætt álitamál frá ólíkum sjónarhornum,

Ályktun	skoðað gögn og upplýsingar og dregið eigin ályktanir,	tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga og dregið eigin ályktanir,	tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og túlkað þær,
Gagnrýnin hugsun	bent á ólík sjónarhorn í fjölbreyttum viðfangsefnum.	bent á ólík sjónarhorn og tekið rökstudda afstöðu í málum af fjölbreyttu tagi.	beitt ólíkum sjónarhornum og gagnrýninni hugsun í fjölbreyttum viðfangsefnum.

**Sjálfstæði og samvinna.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Sjálfstæði	sýnt frumkvæði í verk-efnum og beðið um aðstoð eftir þörfum,	sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum,	sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum,
Samvinna	unnið með öðrum að verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi,	unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi,	unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi,
Samstarf	gert sér grein fyrir ólíkum hlutverkum í samstarfi,	gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og lagt sitt af mörkum,	geti sinnt hlutverki sínu í samstarfi og axlað ábyrgð,
Ábyrgð	tekið ákvarðanir um hvernig honum finnst best að læra,	tekið ákvarðanir um eigið nám og hagsmuni með tilliti til annarra,	tekið ákvarðanir um eigið nám og hagsmuni með lýðræðislegum hætti,
Leiðsögn	tekið leiðsögn og endurgjöf á jákvæðan hátt.	nýtt sér leiðsögn og endurgjöf til að ná námsmarkmiðum.	nýtt sér leiðsögn, endurgjöf og gagnrýni á uppbyggilegan hátt.

**Nýting miðla og upplýsinga.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Áreiðanleiki	skilið muninn á tilbúningi og raunveruleika,	áttað sig á hvert á að leita til að afla áreiðanlegra upplýsinga og miðlað þeim áfram á réttan og ábyrgan hátt,	greint á milli áreiðanlegra og óáreiðanlegra miðla, áróðurs og upplýsinga,



Upplýsinga- öflun og miðlanotkun	gert greinarmun á skoðunum og staðreyndum,	nýtt fjölbreytta miðla til upplýsingaöflunar og tekið upplýsta afstöðu til áreiðanleika þeirra,	nýtt ólíka miðla á ábyrgan hátt til að afla, greina og miðla upplýsingum og skoðunum,
Vandvirkni og nákvæmni	haft rétt eftir hvort sem um er að ræða tal eða texta.	skilið að framsetning og gæði upplýsinga er háð mörgum þáttum og þekkt mikilvægi þess að vanda val og notkun á heimildum.	valið traustar heimildir og sett upplýsingar fram með ólíkum hætti eftir því sem við á hverju sinni á siðferðilega ábyrgan hátt.

### Ábyrgð og mat á eigin námi.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Sjálfsþekking	rætt um eigin styrkleika og þekkt hugarfar vaxtar,	sett sér markmið á grunni persónulegra styrkleika og tileinkað sér hugarfar vaxtar,	sett sér fjölbreytt og skapandi markmið á grunni persónulegra styrkleika og tileinkað sér hugarfar vaxtar,
Markmið- setning	sett sér viðráðanleg markmið og glaðst þegar þeim er náð,	sett sér persónuleg og námsleg markmið, ígrundað árangur og mistök,	sett sér raunhæf og metnaðarfull markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvernig til hefur tekist,
Ígrundun	velt fyrir sér eigin námi og hvað hann langar að læra næst,	metið nám sitt skipulega og sett sér markmið um viðfangs- efni eða hæfni,	skipulagt, ígrundað og borið ábyrgð á eigin námi,
Árangur og sjálfsþekking	skilið viðmið um árangur og til hvers er ætlast,	skilið viðmið um árangur og unnið að þeim,	skilið og rökstutt viðmið um árangur og unnið að þeim,
Náms- og starfsfræðsla	áttað sig á ólíkum og fjölbreyttum störfum sem unnin eru í samfélaginu.	tengt eigin áhuga fjölbreyttum námsleiðum og störfum.	nýtt upplýsingar um námsleiðir og fjölbreytt störf við skipulagningu eigin náms- og starfsferils.

**Kafli 19. Íslenska.**

Í þessum kafla er gerð grein fyrir menntagildi og megintilgangi íslensku. Tekið er mið af grunnþáttunum sex sem fjallað er um í 2. kafla, áhersluþáttum í námi sem fjallað er um í 6. kafla og lykilhæfni sem skilgreind er í kafla 9.4 og 18. Sett eru fram hæfniviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Á grundvelli hæfniviðmiða eru kennsluáðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar og skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla. Í lok kaflans eru sett fram matsviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Matsviðmiðum við lok 4. og 7. bekkjar er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skóla og eru þau einungis sett fram til að styðja við námsmat við lok yngsta stigs og miðstigs. Matsviðmið við lok 10. bekkjar er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk.

Kaflanum er skipt í þrennt, þ.e. íslensku, íslensku sem annað tungumál og íslenskt táknmál.

**19.1 Menntagildi og megintilgangur íslensku.**

Megintilgangur náms og kennslu í íslensku er að nemendur fái tækifæri til að efla málnotkun, tjáningu og sköpun í töluðu og rituðu máli, nota málið og kynnast mætti þess og fjölbreytileika í daglegu lífi, leik og starfi. Með tungumálinu hugsar fólk, talar, miðlar og lærir, þróar sjálfsmynd sína, tjáir tilfinningar og hugsanir og skilur líðan og hugsun annarra.

Skólinn er frá upphafi skólagöngu virkur þátttakandi í máluppeldi barns, ásamt heimili þess, og er það réttur hvers barns að öðlast hæfni í tungumáli. Traust kunnátta í móðurmáli er ein meginforsenda samskipta, miðlunar og menntunar. Lestur er mikilvægur þáttur í að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Þetta á einnig við um nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Miklu skiptir að börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn eigi þess kost að bæta íslensku við tungumálaforða sinn og læra íslensku svo vel að þau geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana. Sama gildir um þann sem er heyrnarskertur eða heyrnarlaus. Íslenskt táknmál er ekki síður en íslenska lykill að samfélaginu og virkri þátttöku í því.

Við skipulagningu náms og kennslu í íslensku skal unnið með öll hæfniviðmið á skólagöngu nemenda. Hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni sem aflað hefur verið. Stuðla þarf að því að nemendur öðlist þá hæfni sem til er ætlast.

Hæfniviðmiðum í íslensku sem og öðrum námsgreinum er skipt í nokkra flokka. Flokkarnir eru ekki einangraðir innan námsgreina eða námssviðs heldur hlutar af samofinni heild þar sem hver flokkur getur haft gagn af hinum, innan og á milli námsgreina og námssviða, sem gefur tækifæri til heildstæðrar verkefnavinnu og samþættingar.

Kennsla í íslensku þarf að miða að því að nemendur þrói með sér jákvætt viðhorf til íslensku og því sé viðhaldið, átti sig á og hafi trú á notagildi hennar og mikilvægi þess að viðhalda kunnáttu á málinu.

Nemendur þurfa að fá tækifæri til þess að láta reyna á tungumál sitt við lausn viðfangsefna, tjá hugsun sína og skoðanir, kynnast einkennum tungumálsins, töfrum þess og mætti í skólasamfélagi sem er vettvangur umræðu, samskipta, lestrar og ritunar.

Kenna þarf nemendum um málið og gildi þess, kenna og þjálfra lestur og ritun, þjálfra málnotkun í sem flestum myndum og beita gagnrýninni hugsun við lestur, ritun, í tali og hlustun og finna leiðir til að auka íslenskan orðaforða nemenda og auka áhuga þeirra á tungumálinu og fjölbreyttri notkun þess.

Margþætt hlutverk náms í íslensku kallar á samstöðu og samstarf innan skóla um máluppeldi. Mikilvægt er að grunnskólar marki sér málstefnu á grundvelli aðalnámskrár, íslenskrar málstefnu og málstefnu um íslenskt táknmál samþykktum af Alþingi.

**19.2 Hæfniviðmið fyrir íslensku.**

Hæfniviðmið í íslensku eru sett fram í fimm flokkum, þ.e. talað mál, hlustun og áhorf, lestur, bókmenntir, ritun og mál og málnotkun. Þó að hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að

líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn, fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni.

### Talað mál, hlustun og áhorf.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Framsögn	beitt skýrum og áheyrilegum framburði,	flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir undirstöðuatriðum góðrar framsagnar,	flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með við-eigandi talhraða, tónfalli, áherslum og fasi,
Tjáning	sagt frá atburði eða fyrirbæri, tjáð sig frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu,	gert grein fyrir þekkingu sinni og reynslu og tjáð hugmyndir sínar og skoðanir frammi fyrir hópi,	miðlað þekkingu sinni og reynslu, tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim með fjölbreyttum leiðum,
Hlustun og áhorf	hlustað og horft af athygli á valið efni og greint frá upplifun sinni,	hlustað og horft af athygli á fjölbreytt efni, beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það og greint frá aðalatriðum,	horft á, hlustað og tekið eftir upplýsingum í fjölbreyttu efni og greint og miðlað innihaldi þess á gagnrýnninn hátt,
Áhorf	horft og hlustað af athygli á fjölbreytt efni og greint frá upplifun sinni,	horft af athygli á myndefni, beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sýnt er og greint frá aðalatriðum,	horft og tekið eftir upplýsingum í myndefni og greint og miðlað innihaldi þess á gagnrýnninn hátt,
Nýting miðla	nýtt sér og endursagt efni á stafrænu formi.	nýtt sér myndefni og stafrænt efni á gagnrýnninn hátt og greint frá aðalatriðum þess.	nýtt sér fjölbreytta hljóð- og myndmiðla til upplýsingar og afþreyingar og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.

### Lestur og lesskilningur.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Lesfimi	beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merking texta komist til skila,	lesið texta við hæfi á nákvæman og sjálfvirknan hátt og með tjáningu sem sýnir skilning á tilgangi og merkingu texta,	lesið fjölbreytta texta af öryggi, í góðu flæði og í viðeigandi hendingum og með tjáningu í samræmi við aðstæður hverju sinni,

Lestraraðferðir	þekkt og beitt einföldum aðferðum við lestur og tilgreint dæmi um ólíkan tilgang lestrar,	beitt lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni,	valið og beitt fjölbreyttum lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni,
Orðaforði	beitt góðum orðaforða við að skilja texta og notað einfaldar aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða,	beitt fjölbreyttum orðaforða og fyrri þekkingu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða og orðasambanda,	beitt ríkulegum orðaforða, fyrri þekkingu og reynslu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað fjölbreyttar aðferðir til að efla orðaforða sinn,
Lesskilningur	skilið augljós efnisatriði valinna texta, greint og lagt mat á inntak þeirra og dregið einfaldar ályktanir,	skilið, fjallað um og dregið saman efni ólíkra texta, dregið ályktanir af efninu, greint og lagt mat á merkingu þeirra og tilgang á gagnrýninn hátt,	skilið og fjallað um fjölbreytta texta, greint þá og borið saman á margvíslegan hátt og lagt rökstutt og gagnrýnið mat á inntak þeirra og eiginleika,
Lestrarmenning	valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri.	valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta og miðlað áhuga sínum og skoðunum til annarra.	valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta, unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt og miðlað til annarra.

**Bókmenntir.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Lestur og túlkun bókmennta	unnið með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum,	lesið ýmsar bókmenntir og unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt,	lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir,
Bókmennta-greining	beitt einföldum bókmenntahugtökum í umfjöllun um bókmenntir,	beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði við umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir,	beitt algengum hugtökum í bókmenntafræði við greiningu og umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir frá ýmsum tímum,

Bókmennta- arfurinn	lesið einfalda texta frá fyrri tímum og sett sig í spor persóna og lesenda í fortíðinni,	lesið einfalda texta frá fyrri tímum og áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi,	lesið og skilið texta frá fyrri tímum, áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi og borið saman við eigin samtíð,
Ljóð	áttað sig á grunn-einkennum ljóða og unnið með innihald þeirra.	notað einföld bókmenntahugtök í umræðu og vinnu með innihald og einkenni ljóða frá ólíkum tímum.	notað algeng bókmenntahugtök í umfjöllun um bundið mál og óbundið og lesið og túlkað fjölbreytt ljóð frá ýmsum tímum.

**Ritun.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Skrift og frágangur	dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega og á lyklaborð,	miðlað texta í gegnum sjálfvirka og læsilega skrift og fyrirhafnarlausan innslátt á lyklaborð og gengið frá texta samkvæmt fyrirmælum,	haft vald á ólíkum leiðum til að miðla rituðu máli og getur valið þá leið sem hentar tilgangi og lesendum,
Uppbygging texta	búið til setningar og málsgreinar og notað til þess algengar samtengingar,	skrifað texta þar sem málsgreinar eru fjölbreyttar og texta er skipt upp í efnisgreinar,	skrifað texta þar sem efnisatriðum er skipað í röklegt samhengi, góður þráður er á milli efnisgreina og kaflaskipting er skýr,
Textategundir og málnotkun	skrifað ólíkar textategundir og skilur að hverjum texta er ætlað ákveðið hlutverk,	skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir tilefni, viðtakendum og birtingarformi,	beitt ríkulegu tungutaki, fjölbreyttum orðaforða og málsniði í texta eftir því hver tilgangur skrifanna er, fyrir hvaða viðtakendum er skrifað og hvaða birtingarform er valið,

Tjáning í texta	sett fram eigin hugmynd í texta, metið og lagfært með eða án hjálpargagna,	tjáð hugmyndir sínar, reynslu og sköpun í texta, metið, mótað og endurskrifað með hliðsjón af hjálpargögnum,	samið fjölbreyttan texta til að tjá hugmyndir, skoðanir, reynslu og sköpunarkraft, metið og endurbætt með hliðsjón af gagnrýni og hjálpargögnum,
Stafsetning og greinarmerkjasetning	beitt einföldum stafsetningarreglum og einföldum reglum við greinarmerkjasetningu.	beitt algengum atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.	beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað til þess reglur um réttitun og önnur hjálpartæki.

### Mál og málnotkun.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Einkenni málsins	þekkt og rætt ýmis einkenni málsins,	beitt málfræðiþekkingu sinni í umræðu um ýmis einkenni málsins og málnotkun sína,	beitt málfræðiþekkingu sinni í umræðu um tungumálið, þróun og einkenni þess og nýtt hana í eigin málnotkun,
Fjölbreytt málnotkun	beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og með orðaförða og málskilningi sem hæfir aldri,	notað góðan orðaförða í ræðu og riti og nýtt sér fjölbreytt málsnið við orðmyndun, tal og ritun,	áttað sig á fjölbreyttum tilbrigðum í orðaförða og málnotkun og beitt mismunandi málsniði eftir efni og tilefni í ræðu og riti,
Sköpunarkraftur	áttað sig á sköpunarmætti tungumálsins svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki,	nýtt orðaförða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta,	áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap,
Orðflokkar	áttað sig á mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða,	áttað sig á hvernig orðaförðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra,	áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra,

Orðtök og málshættir	leikið sér með margræðni tungumálsins svo sem í gegnum orðtök, einfalda málshætti og föst orðasambönd,	notað algeng orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta,	beitt fleygum orðum, algengum orðtökum, málsháttum og föstum orðasamböndum í máli sínu,
Gögn og hjálpartæki	raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.	nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um tungumál.	nýtt fjölbreytt hjálpartæki til að afla sér upplýsinga um tungumálið og styðja við notkun þess.

### 19.3 Matsviðmið fyrir íslensku við lok 10., 7. og 4. bekkjar.

Matsviðmið eru sett fram fyrir allar námsgreinar og námssvið við lok 4., 7. og 10. bekkjar og eru þau lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu. Skólum ber að setja matsviðmið fyrir námsgreinar og námssvið annarra árganga og gera grein fyrir þeim í skólanámskrá.

Matsviðmið eru birt á A–D matskvarða. A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C. Gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni sem tilgreind er í B, hæfni náð, þar sem þau eru byggð á hæfniviðmiðum árgangsins.

A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og C þeir sem ekki standast fyllilega þær kröfur sem gerðar eru í B viðmiðum. Ekki eru sett viðmið fyrir D en sá vitnisburður er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C viðmiðum. Skóli gerir þá sérstaka grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda.

A–D matskvarða og matsviðmið er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk.

A–D matskvarða og matsviðmiðum við lok 4. og 7. bekkjar er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skóla og eru einungis sett fram til að styðja við námsmat við lok yngsta stigs og miðstigs.

Matsviðmið hvers námstímabils skulu byggð á hæfniviðmiðum og þeim námsmarkmiðum sem unnið hefur verið að. Mestu skiptir að meta í lok námstímabils það sem til var ætlast samkvæmt matsviðmiðunum.

Matsniðurstöður þurfa að byggja á traustum matsgögnum og fjölbreyttum námsmatsaðferðum til þess að nemendur, foreldrar og skóli fái sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra.

### 10. bekkur.

A	<p>Nemandi getur flutt mál sitt <b>mjög skýrt</b> og <b>áheyrilega</b> með viðeigandi talhraða, tónfalli og fasi og tjáð hugmyndir sínar og skoðanir með fjölbreyttum leiðum. Hlustað á talað mál og nýtt sér á <b>sjálfstæðan hátt</b> fjölbreytta hljóð- og myndmiðla til upplýsingar og afþreyingar, tekið <b>gagnrýna</b> afstöðu til þess sem þar er birt og miðlað innihaldi þess af <b>öryggi</b>.</p> <p>Lesið <b>margvíslega</b> texta af <b>miklu öryggi</b> og í <b>mjög góðu</b> flæði með aðferðum sem hæfa tilefni og aðstæðum. Lagt <b>gott</b> mat á og glöggvað sig <b>mjög vel</b> á tengslum efnisatriða og beitt <b>rikulegum</b> orðaforða, þekkingu og reynslu af <b>sjálfstæði</b> til að mynda samhengi.</p> <p>Lesið, túlkað, metið og fjallað af <b>öryggi</b> um <b>fjölbreyttar</b> bókmenntir og beitt hugtökum í bókmenntafræði í <b>greinandi</b> umfjöllun um þær. Lesið af <b>öryggi</b> og <b>góðum skilningi</b> texta frá fyrri tímum, áttað sig á sögulegu samhengi þeirra og borið saman við eigin samtíð á <b>sjálfstæðan hátt</b>. Lesið og fjallað um <b>fjölbreytt</b> ljóð frá ýmsum tímum á <b>gagnrýnninn hátt</b>.</p>
---	--

	<p>Beitt af <b>öryggi góðum</b> vinnubrögðum við ritun og hefur <b>gott</b> vald á <b>margvíslegum</b> ólíkum leiðum til að miðla rituðu máli. Skipað efnisatriðum í <b>mjög gott</b> samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar á <b>mjög skýran</b> hátt og valið af <b>sjálfstæði</b> textategund sem hæfir viðkomandi verki, m.a. í skapandi ritun. Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu af <b>öryggi</b>.</p> <p>Beitt <b>mjög vel</b> og af <b>öryggi</b> þekkingu sinni á málfræði í umræðu um tungumálið, einkenni þess og margbreytileika og beitt því á <b>fjölbreyttan</b> og <b>skapandi</b> hátt í ræðu og riti. Áttað sig <b>mjög vel</b> á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér <b>góða grein</b> fyrir hlutverki þeirra. Nýtt sér af <b>sjálfstæði fjölbreytt</b> hjálpartæki til að styðja við málnotkun sína.</p>
B	<p>Nemandi getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi talhraða, tónfalli og fasi og tjáð hugmyndir sínar og skoðanir með fjölbreyttum leiðum. Hlustað á talað mál og nýtt sér fjölbreytta hljóð- og myndmiðla til upplýsingar og afþreyingar, tekið afstöðu til þess sem þar er birt og miðlað innihaldi þess.</p> <p>Lesið margvíslega texta af öryggi og í góðu flæði með aðferðum sem hæfa tilefni og aðstæðum. Lagt mat á og glöggvað sig á tengslum efnisatriða og beitt rikulegum orðaforða, þekkingu og reynslu til að mynda samhengi.</p> <p>Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar bókmenntir og beitt algengum hugtökum í bókmenntafræði í umfjöllun um þær. Lesið og skilið texta frá fyrri tímum, áttað sig á sögulegu samhengi þeirra og borið saman við eigin samtíð. Lesið og fjallað um fjölbreytt ljóð frá ýmsum tímum.</p> <p>Beitt skipulegum og góðum vinnubrögðum við ritun og hefur á valdi sínu ólíkar leiðir til að miðla rituðu máli. Skipað efnisatriðum í samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar á skýran hátt og valið textategund og málsnið sem hæfir viðkomandi verki, m.a. í skapandi ritun. Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu af nokkru öryggi.</p> <p>Beitt þekkingu sinni á málfræði í umræðu um tungumálið, einkenni þess og margbreytileika og beitt því á fjölbreyttan hátt í ræðu og riti. Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra. Nýtt sér fjölbreytt hjálpartæki til að styðja við málnotkun sína.</p>
C	<p>Nemandi getur flutt mál sitt <b>nokkuð skýrt</b> og <b>áheyrilega</b> með viðeigandi talhraða, tónfalli og fasi og tjáð hugmyndir sínar og skoðanir að <b>einhverju leyti</b>. Hlustað á talað mál og nýtt sér hljóð- og myndmiðla til upplýsingar og afþreyingar, greint frá skoðun sinni á því sem þar er birt og miðlað innihaldi þess <b>sæmilega</b>.</p> <p>Lesið <b>margvíslega</b> texta af <b>nokkru öryggi</b> og í <b>sæmilegu flæði</b> með aðferðum sem hæfa tilefni og aðstæðum. Að <b>einhverju leyti</b> lagt mat á og glöggvað sig á tengslum efnisatriða og beitt orðaforða, þekkingu og reynslu til að mynda samhengi.</p> <p>Lesið og fjallað um <b>fjölbreyttar</b> bókmenntir, túlkað þær og metið að <b>einhverju leyti</b> og beitt <b>einföldum</b> hugtökum í bókmenntafræði í umfjöllun um þær. Lesið og skilið með <b>sæmilegu</b> móti texta frá fyrri tímum, áttað sig að <b>nokkru leyti</b> á sögulegu samhengi þeirra og borið saman við eigin samtíð. Lesið ljóð og fjallað um þau.</p> <p>Beitt að <b>vissu marki góðum</b> vinnubrögðum við ritun og hefur <b>sæmilegt</b> vald á ólíkum leiðum til að miðla rituðu máli. Skipað efnisatriðum í <b>sæmilegt</b> samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar á <b>nokkuð skýran hátt</b> og valið textategund sem hæfir viðkomandi verki, m.a. í skapandi ritun. Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu að <b>nokkru leyti</b>.</p>



Beitt <b>sæmilega</b> þekkingu sinni á málfræði í umræðu um tungumálið, einkenni þess og margbreytileika og beitt því á <b>nokkuð fjölbreyttan</b> hátt í ræðu og riti. Áttað sig að <b>nokkru leyti</b> á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér að <b>einhverju leyti</b> grein fyrir hlutverki þeirra. Nýtt sér hjálpartæki til að styðja við málnotkun sína.
--

## 7. bekkur

A	<p>Nemandi getur lesið og flutt mál sitt <b>mjög skýrt og áheyrilega, af öryggi</b> gert grein fyrir þekkingu sinni, reynslu og skoðunum frammi fyrir hópi. Hlustað af athygli á lesið og talað mál, beitt þekkingu sinni og reynslu á <b>sjálfstæðan</b> hátt til að skilja það og endursegja. Nýtt sér myndefni og stafrænt efni á <b>skapandi og gagnrýninn</b> hátt.</p> <p>Lesið af <b>öryggi</b> texta við hæfi á <b>nákvæman</b> og <b>sjálfvirkan</b> hátt og valið við það ólíkar aðferðir við hæfi. Metið, túlkað og greint aðalatriði í lesnum texta <b>mjög vel</b> og beitt orðaforða og fyrri þekkingu af <b>sjálfstæði</b> til að mynda samhengi og skilning.</p> <p>Lesið af <b>öryggi</b> ýmsar bókmenntir, unnið <b>sjálfstætt</b> með efni þeirra og beitt grunnhugtökum bókmenntafræði við umfjöllun um þær. Lesið <b>einfalda</b> texta frá fyrri tímum og áttað sig á sögulegu samhengi þeirra. Lesið, unnið með og rætt ljóð frá ólíkum tímum, innihald þeirra og einkenni af <b>öryggi</b>.</p> <p>Valið og ritað af <b>sjálfstæði</b> ólíkar tegundir texta út frá tilefni þar sem vandlega er hugað að framsetningu og uppbyggingu. Beitt algengum reglum um stafsetningu og greinarmerkjasetningu af <b>öryggi</b>.</p> <p>Notað <b>mjög góðan</b> orðaforða og málfræðikunnáttu sína í <b>gagnrýnni</b> umræðu um málið og nýtt <b>mjög vel</b> í <b>fjölbreyttri</b> málnotkun í ræðu og riti. Greint af <b>öryggi</b> helstu einkenni og hlutverk nokkurra orðflokka og nýtt sér af <b>sjálfstæði</b> ýmsa gagnabrunna til stuðnings við málnotkun sína.</p>
B	<p>Nemandi getur lesið og flutt mál sitt skýrt og áheyrilega, gert grein fyrir þekkingu sinni, reynslu og skoðunum frammi fyrir hópi. Hlustað af athygli á lesið og talað mál, beitt reynslu sinni og þekkingu til að skilja það og endursegja. Nýtt sér myndefni og stafrænt efni á gagnrýninn hátt.</p> <p>Lesið texta við hæfi á nákvæman og sjálfvirkan hátt og beitt við það ólíkum aðferðum. Metið, túlkað og greint aðalatriði í lesnum texta og beitt orðaforða og fyrri þekkingu til að mynda samhengi og skilning.</p> <p>Lesið ýmsar bókmenntir, unnið með efni þeirra og beitt grunnhugtökum bókmenntafræði við umfjöllun um þær. Lesið einfalda texta frá fyrri tímum og áttað sig á sögulegu samhengi þeirra. Lesið, unnið með og rætt ljóð frá ólíkum tímum, innihald þeirra og einkenni.</p> <p>Valið og ritað ólíkar tegundir texta út frá tilefni þar sem hugað er að framsetningu og uppbyggingu. Beitt algengum reglum um stafsetningu og greinarmerkjasetningu.</p> <p>Notað góðan orðaforða og málfræðikunnáttu sína í umræðu um málið og nýtt í fjölbreyttri málnotkun í ræðu og riti. Greint helstu einkenni og hlutverk nokkurra orðflokka og nýtt sér ýmsa gagnabrunna til stuðnings við málnotkun sína.</p>

C	<p>Nemandi getur lesið og flutt mál sitt <b>nokkuð skýrt</b> og <b>áheyrilega</b>, gert <b>sæmilega</b> grein fyrir þekkingu sinni, reynslu og skoðunum frammi fyrir hópi. Hlustað á lesið og talað mál, skilið það að <b>bestu</b> og endursagt. Nýtt sér myndefni og stafrænt efni að <b>einhverju leyti</b> á gagnrýninn hátt.</p> <p>Lesið texta við hæfi á <b>nokkuð nákvæman</b> og <b>sjálfvirkan</b> hátt og beitt við það ólíkum aðferðum. Metið, túlkað og greint aðalatriði í lesnum texta að <b>einhverju leyti</b> og beitt orðaforða og fyrri þekkingu til að mynda <b>sæmilegt</b> samhengi og skilning.</p> <p>Lesið ýmsar bókmenntir, unnið <b>sæmilega</b> með efni þeirra og beitt nokkrum grunnhugtökum bókmenntafræði við umfjöllun um þær. Lesið með <b>stuðningi</b> einfalda texta frá fyrri tímum og áttað sig að <b>einhverju leyti</b> á sögulegu samhengi þeirra. Lesið, unnið með og rætt <b>lítilega</b> ljóð frá ólíkum tímum, innihald þeirra og einkenni.</p> <p>Valið og ritað með <b>sæmilegum</b> hætti ólíkar tegundir texta út frá tilefni þar sem að <b>einhverju leyti</b> er hugað að framsetningu og uppbyggingu. Beitt nokkrum reglum um stafsetningu og greinarmerkjasetningu.</p> <p>Notað <b>sæmilega</b> orðaforða og málfræðikunnáttu sína í umræðu um málið og nýtt að <b>nokkru leyti</b> í málnotkun í ræðu og riti. Greint nokkur einkenni og hlutverk helstu orðflokka og nýtt sér að <b>einhverju leyti</b> ýmsa gagnabrunna til stuðnings við málnotkun sína.</p>
---	--

#### 4. bekkur.

A	<p>Nemandi getur beitt mjög <b>skýrum</b> og <b>áheyrilegum</b> framburði, tjáð sig af <b>öryggi</b> frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu. Hlustað af <b>athygli</b> á lesið og talað mál og greint frá upplifun sinni. Nýtt sér efni á stafrænu formi af <b>sjálfstæði</b> og endursagt efni þess af <b>öryggi</b>.</p> <p>Beitt af <b>sjálfstæði</b> aðferðum við lestur svo hann verði lipur og skýr. Lesið fjölbreytta texta, fjallað um innihald þeirra og beitt orðaforða af <b>öryggi</b> við að skilja þá út frá samhengi.</p> <p>Þekkt <b>mjög vel</b> nokkur form bókmenntatexta og beitt af <b>öryggi</b> einföldum bókmenntahugtökum í vinnu með þá. Lesið með <b>góðum skilningi</b> einfalda texta frá fyrri tímum og sett sig í spor persóna og lesenda þeirra. Lesið ljóð og unnið <b>sjálfstætt</b> með grunneinkenni og innihald þeirra.</p> <p>Beitt grunnþáttum í uppbyggingu texta og einföldum stafsetningarreglum af <b>nokkru öryggi</b> í ritun. Skrifað <b>mjög vel</b> ólíkar textategundir og samið lipran texta frá eigin brjósti.</p> <p>Þekkt og rætt af <b>öryggi</b> ýmis einkenni tungumálsins, áttað sig <b>mjög vel</b> á sköpunarmætti þess og getur leikið sér með það og margræðni þess. Gert sér <b>góða grein</b> fyrir hlutverki nokkurra orðflokka og notagildi þess að raða í stafrófsröð.</p>
B	<p>Nemandi getur beitt skýrum og áheyrilegum framburði, tjáð sig frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu. Hlustað af athygli á lesið og talað mál og greint frá upplifun sinni. Nýtt sér og endursagt efni á stafrænu formi.</p> <p>Beitt aðferðum við lestur svo hann verði lipur og skýr. Lesið fjölbreytta, einfalda texta, fjallað um innihald þeirra og beitt orðaforða við að skilja þá út frá samhengi.</p> <p>Þekkt nokkur form bókmenntatexta og beitt einföldum bókmenntahugtökum í vinnu með þá. Lesið einfalda texta frá fyrri tímum og sett sig í spor persóna og lesenda þeirra. Lesið ljóð og unnið með grunneinkenni og innihald þeirra.</p>

	<p>Beitt grunnþáttum í uppbyggingu texta og einföldum stafsetningarreglum í ritun. Skrifað ólíkar textategundir eftir hlutverki texta og samið texta frá eigin brjósti.</p> <p>Þekkt og rætt ýmis einkenni tungumálsins, áttað sig á sköpunarmætti þess og getur leikið sér með það og margræðni þess. Gert sér grein fyrir hlutverki nokkurra orðflokka og notagildi þess að raða í stafrófsröð.</p>
C	<p>Nemandi getur beitt <b>nokkuð áheyrilegum</b> framburði, tjáð sig að <b>nokkru marki</b> frammi fyrir hópi og rætt um skoðanir sínar. Hlustað á lesið og talað mál og að <b>einhverju leyti</b> gert grein fyrir upplifun sinni. Nýtt sér efni á stafrænu formi undir leiðsögn og gert <b>nokkra grein</b> fyrir innihaldi þess.</p> <p>Beitt aðferðum við lestur svo hann verði <b>nokkuð</b> lipur og skýr. Lesið <b>einfalda</b> texta og náð merkingu þeirra og að <b>einhverju leyti</b> beitt orðaforða við að skilja þá út frá samhengi.</p> <p>Greint frá nokkrum formum bókmenntatexta og að <b>einhverju leyti</b> beitt <b>einföldum</b> bókmenntahugtökum í vinnu með þá. Með <b>stuðningi</b> lesið einfalda texta frá fyrri tímum og sett sig í spor persóna og lesenda þeirra. Lesið ljóð og unnið með <b>einföld</b> grunneinkenni og innihald þeirra.</p> <p>Beitt grunnþáttum í uppbyggingu texta og einföldum stafsetningarreglum að <b>einhverju leyti</b> í ritun. Skrifað <b>sæmilega</b> ólíkar textategundir eftir hlutverki texta og samið texta frá eigin brjósti.</p> <p>Kannast við ýmis einkenni tungumálsins, áttað sig að <b>nokkru leyti</b> á sköpunarmætti þess og getur leikið sér með það og margræðni þess. Gert sér <b>sæmilega</b> grein fyrir hlutverki nokkurra orðflokka og notagildi þess að raða í stafrófsröð.</p>

## Kafla 20. Erlend tungumál.

Í þessum kafla er gerð grein fyrir menntagildi og megintilgangi erlendra tungumála. Tekið er mið af grunnþáttunum sex sem fjallað er um í 2. kafla, áhersluþáttum í námi sem fjallað er um í 6. kafla og lykilhæfni sem skilgreind er í kafla 9.4 og 18. Þar sem nemendur geta hafið málanám á ólíkum aldri eru hæfniviðmið erlendra tungumála sett fram á þremur stigum. Á grundvelli hæfniviðmiða eru kennsluáðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar og skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla. Í lok kaflans eru sett fram matsviðmið við lok 1., 2. og 3. stigs. Matsviðmiðum við lok 1. og 2. stigs er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skóla og eru einungis sett fram til að styðja við námsmat við lok stiganna. Matsviðmið við lok 3. stigs er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk.

### 20.1 Menntagildi og megintilgangur erlendra tungumála.

Tungumálanám á að veita nemendum tækifæri til að rækta með sér tilfinningu fyrir félagslegum og menningarlegum aðstæðum hjá öðrum þjóðum. Námið á að stuðla að því að nemendur sjái sig sem hluta af og jafnoka í alþjóðasamfélagi og auka vitund þeirra um þau tækifæri sem felast í því að hafa vald á erlendum tungumálum og ríkulegum tungumálaforða.

Megintilgangur náms og kennslu í erlendum tungumálum er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður.

Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunáþroska einstaklingsins, eykur víðsýni, stuðlar að þroska á öðrum sviðum og möguleika á þátttöku í alþjóðlegum samskiptum. Kunnátta í erlendum tungumálum og kynni af öðrum þjóðum og tungumálum opna gáttir að fjölbreyttum menningarheimum, eykur víðsýni, skilning og virðingu gagnvart öðrum og fjölbreyttum aðstæðum og

lifnaðarháttum og stuðlar þar með að betri skilningi á eigin menningu og friðsamlegum og lýðræðislegum samskiptum.

Enska gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum og viðskiptum. Samstarf og samvinna Íslendinga við aðrar þjóðir kallar á staðgóða enskukunnáttu sem getur skipt sköpum í viðskiptum og þegar þarf að koma íslenskum þekkingariðnaði, sjónarmiðum eða hagsmunum á framfæri á alþjóðamarkaði. Eftir því sem enskan styrkist í sessi sem alþjóðlegt samskiptamál, bæði í atvinnulífi og frístundum, verður gildi góðrar enskukunnáttu augljóst. Upplýsinga- og margmiðlunarheimurinn gerir einnig kröfur um enskukunnáttu. Ör þróun á sviði stafrænnar fjölmiðlunar og upplýsingatækni hefur í för með sér að Íslendingar hafa aðgang að alls kyns efni sem krefst skilnings á ýmsum afbrigðum enskrar tungu.

Enska er lykiltunga á sviði æðri menntunar og vísinda og mikilvægt að hafa gott vald á henni þegar í háskólanám er komið þar sem lesefni í íslenskum háskólum er að stærstum hluta á ensku.

Annað erlenda tungumálið sem nemendur læra í grunnskóla er danska eða annað Norðurlandamál. Gert er ráð fyrir að danska sé alla jafna það norræna tungumál sem kennt er í skólum hér á landi en kennsla í norsku eða sænsku stendur til boða nemendum sem hafa sérstök tengsl við Noreg eða Svíþjóð. Kennslan kemur í staðinn fyrir dönskukennslu og hefst á sama tíma og dönskukennsla hefst í grunnskólanum.

Nemendur, sem hafa rétt á að velja norsku eða sænsku, þurfa að búa yfir undirstöðukunnáttu í málunum. Þeir hafa því kynnst samfélaginu, þekkja tjáskiptareglur þeirra og siði. Sumir þessara nemenda hafa málfarslegar og menningarlegar rætur bæði á Íslandi og í Noregi eða Svíþjóð. Mikilvægt er að þessir nemendur fái hvatningu til að viðhalda og styrkja tengsl við land og þjóð. Undirstöðukunnáttu, sem nemandi þarf að hafa til að geta stundað nám í norsku eða sænsku, er að skilja allvel talaða norsku eða sænsku, geta lesið og skilið einfalda norska eða sænska texta miðað við sinn aldurshóp og geta gert sig skiljanlegan á töluðu norsku eða sænsku máli. Þessi lágmarkskunnáttu er nauðsynleg til þess að nemendur geti nýtt sér það norskunám eða sænskunám sem í boði er.

Norðurlandamál eru kennd vegna viðvarandi samskipta og menningartengsla við norrænar þjóðir. Saga okkar er samofin sögu þeirra, menningu og menningararfi og tungumálin sprottin af sömu rót. Þau eru skilgreind nánar í gildandi norrænu tungumálafyrirlesningunni.

Tilgangur náms og kennslu í norrænum tungumálum á Íslandi er að viðhalda og styrkja tengsl við Norðurlandþjóðirnar og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið að sameiginlegum markaði menntunar og atvinnu á Norðurlöndunum. Hæfni og kunnáttu í norrænum tungumálum gerir Íslendingum kleift að vera virkir þátttakendur í mikilvægu norrænu samstarfi, námi, starfi og leik.

Góð kunnáttu í einu norrænu tungumáli er lykill að hvaða svæði sem er á Norðurlöndunum og greiðir fyrir öllum samskiptum.

Við skipulagningu náms og kennslu í erlendum tungumálum skal miða að því að nemendur öðlist hæfni í að tileinka sér inntak talaðs og ritaðs máls af ólíkum toga og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti.

Hæfniviðmiðum í erlendum tungumálum er skipt í nokkra flokka. Flokkarnir eru ekki einangraðir innan námsgreinar eða námssviðs heldur hlutar af samofinni heild þar sem hver flokkur getur haft gagn af hinum, innan og á milli námsgreina og námssviða, sem gefur tækifæri til heildstæðrar verkefnavinnu og samþættingar námsgreina og námssviða.

Kennsla í erlendum tungumálum þarf að stuðla að því að nemendur auki vitund sína um þau tækifæri sem felast í því að hafa vald á erlendum tungumálum, þeir sjái sig sem hluta af alþjóðasamfélagi og tileinki sér vinnubrögð og aðferðir sem auðvelt er að yfirfæra á nám í öðrum tungumálum og verða þeim veganesti út í lífið.

Nemendur þurfa að fá tækifæri til að láta reyna á erlent tungumál í gegnum eigin reynslu, aðstæður og áhugamál, öðlast leikni í að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum þannig að það hæfi tilgangi, aðstæðum og viðtakanda hverju sinni.

Kenna þarf nemendum um málið, gildi þess, meginreglur og orðaforða til að nýta við lestur, talað mál og ritun. Þjálfar þarf nemendur í að eiga samtal á tungumálinu, beita góðum framburði, áherslum og hrynjandi til þess að öðlast öryggi í að nýta tungumálið hvenær sem á þarf að halda. Þá er mikilvægt að í náminu fái nemendur tækifæri til að temja sér gagnrýna notkun ýmissa hjálparmiðla.

## 20.2 Hæfniviðmið fyrir erlend tungumál.

Hæfniviðmið í erlendum tungumálum eru sett fram í sex flokkum, þ.e. hlustun og áhorf, lestur og lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun og menningarlausni. Þó að hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni.

### Hlustun og áhorf.

Yfirheiti	Við lok 1. stigs getur nemandi:	Við lok 2. stigs getur nemandi:	Við lok 3. stigs getur nemandi:
Frásagnir og kynningar	skilið algeng orð, einföld fyrirmæli og frásagnir og brugðist við þeim,	skilið talað mál og frásagnir um efni tengt námi hans og daglegu lífi, brugðist við þeim og nýtt sér í námi sínu,	skilið aðalatriði úr kynningum og frásögnum um margvísleg málefni, unnið úr þeim eða nýtt sér á annan hátt,
Fjöl- og myndmiðlar	fylgt meginþræði í einföldu efni sem höfðar til barna og unglinga,	fylgt þræði í efni við hæfi á margvíslegum miðlum og nýtt í námi sínu,	fylgst með fjölbreyttu efni í fjöl- og myndmiðlum, unnið úr því eða nýtt sér á annan hátt,
Greining upplýsinga	hlustað eftir einföldum upplýsingum og nýtt sér í námi sínu.	hlustað eftir aðalatriðum, greint þau og nýtt sér í námi sínu.	hlustað eftir upplýsingum, valið þær sem eiga við hverju sinni og unnið úr þeim.

### Lestur og lesskilningur.

Yfirheiti	Við lok 1. stigs getur nemandi:	Við lok 2. stigs getur nemandi:	Við lok 3. stigs getur nemandi:
Greining aðalatriða	funduð afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu,	funduð lykilupplýsingar í texta og nýtt sér í verkefnavinnu,	aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu,
Rauntexar	skilið megininntak einfaldra rauntexa með stuðningi ef þarf,	skilið megininntak rauntexa og unnið úr efni þeirra,	lesið sér til fróðleiks rauntexa af fjölbreyttum miðlum, brugðist við efni þeirra eða unnið úr þeim á annan hátt,

Bókmenntir	lesið stuttar sögur og bækur á einföldu máli sér til ánægju,	lesið sér til gagns og ánægju einfaldar smásögur og skáldsögur og unnið með efni þeirra,	lesið sér til gagns og ánægju fjölbreyttar bókmenntir við hæfi, unnið með efni þeirra og gert sér grein fyrir gildi bókmennta,
Aðrar námsgreinar	lesið stutt og auðlesið efni tengt öðrum námsgreinum,	lesið og skilið auðlesið efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum,	lesið, skilið og unnið með efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum,
Orðaforði	lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs.	lesið og skilið texta við hæfi sem innihalda algengan orðaforða.	lesið, skilið og unnið með fjölbreyttan orðaforða úr ýmsum textum.

**Samskipti.**

Yfirheiti	Við lok 1. stigs getur nemandi:	Við lok 2. stigs getur nemandi:	Við lok 3. stigs getur nemandi:
Óformlegt samtali	spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst,	tekið þátt í óformlegu samtali um áhugamál sín og daglegt líf,	tekið þátt í óformlegu samtali með því að umorða og nota föst orða-sambönd úr daglegu máli,
Almenn samskipti	tekist á við aðstæður í skólastofunni í einföldum samskiptum,	þjargað sér við algengar aðstæður og notað almennar kurteisís- og samskiptavenjur,	tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, miðlað og tekið á móti upplýsingum,
Samræður	tekið þátt í einföldum samræðum í skólastofunni.	notað málið til samskipta í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.	tekið þátt í samræðum um kunnugleg málefni og látið skoðun sína í ljós.

**Frásögn.**

Yfirheiti	Við lok 1. stigs getur nemandi:	Við lok 2. stigs getur nemandi:	Við lok 3. stigs getur nemandi:
Tjáning	tjáð sig á einfaldan hátt um sjálfan sig og líf sitt,	tjáð sig um reynslu sína og skoðanir og brugðist við einföldum spurningum,	tjáð sig skipulega um efni sem hann þekkir eða hefur unnið með í námi sínu og brugðist við spurningum,

Frásögn og kynning	undirbúið og flutt einfalda frásögn eða kynningu um efni sem hann þekkir vel,	undirbúið og flutt frásögn eða kynningu og brugðist við einföldum spurningum,	flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni af öryggi og svarað spurningum,
Flutningur	flutt einfalt atriði sem hann hefur haft tækifæri til að æfa,	flutt tilbúið eða frum-samið efni, einn eða í félagi við aðra,	samið, æft og flutt eigið efni, einn eða í félagi við aðra,
Framsögn	tjáð sig nokkuð skiljanlega hvað varðar framburð og áherslur.	beitt málinu með nokkuð eðlilegum framburði og áherslum.	beitt málinu með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi.

**Ritun.**

Yfirheiti	Við lok 1. stigs getur nemandi:	Við lok 2. stigs getur nemandi:	Við lok 3. stigs getur nemandi:
Samfelldur texti	skrifað einfaldan texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við,	skrifað texta af mismunandi gerðum með inntak og lesanda í huga,	skrifað lipran, samfelldan texta af ólíkum gerðum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum,
Málnotkun	byggt upp einfaldar setningar, stafsett algeng orð og notað algeng greinarmerki,	beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt og skapað samhengi í texta,	sýnt góð tók á orðaforða, meginreglum málnotkunar og notað tengiorð við hæfi,
Endursögn	skrifað einfalda texta um efni sem tengist námi hans,	skrifað einfalda texta um það sem hann hefur lesið, séð eða heyrt,	skrifað skilmerkilega um efni sem hann hefur lesið, séð eða heyrt,
Persónuleg reynsla	skrifað á einföldu máli um efni sem hann þekkir vel,	lýst atburðarás eða reynslu með orðaforða sem unnið hefur verið með,	skrifað um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu með fjölbreyttum orðaforða,
Skapandi ritun	samið stutta texta frá eigin brjósti.	samið einfalda texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.	samið texta og leikið sér með málið þar sem sköpunargáfan og ímyndunaraflið fá að njóta sín.

**Menningarlæsi.**

Yfirheiti	Við lok 1. stigs getur nemandi:	Við lok 2. stigs getur nemandi:	Við lok 3. stigs getur nemandi:
Samfélag	sýnt að hann þekkir til ýmissa sérkenna menningarsvæðisins,	sýnt að hann þekkir til ýmissa þátta sem einkenna menningu og daglegt líf,	sýnt að hann þekkir til samfélagsgerðar, menningar og einkenna þjóðfélagsins,
Fjölbreytileiki	gert sér grein fyrir mismunandi siðum og hefðum á viðkomandi málsvæði,	sett sig í spor fólks á viðkomandi málsvæði og gert sér grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt með hans eigin aðstæðum,	gert sér grein fyrir fjölbreyttum uppruna íbúa á viðkomandi málsvæði og áhrifum fordóma,
Skyldleiki og afbrigði tungumála	sýnt að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.	sýnt að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.	greint á milli helstu afbrigði tungumálsins.

**20.3 Matsviðmið fyrir erlend tungumál við lok 1., 2. og 3. stigs.**

Matsviðmið eru sett fram fyrir allar námsgreinar og námssvið við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Matsviðmið fyrir erlend tungumál eru sett við lok 1., 2. og 3. stigs og eru þau lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu. Skólum ber að setja matsviðmið fyrir námsgreinar og námssvið annarra árganga og gera grein fyrir þeim í skólanámskrá.

Matsviðmið eru birt á A–D matskvarða. A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C. Gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni sem tilgreind er í B, hæfni náð, þar sem þau eru byggð á hæfniviðmiðum árgangsins.

A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og C þeir sem ekki standast fyllilega þær kröfur sem gerðar eru í B viðmiðum. Ekki eru sett viðmið fyrir D en sá vitnisburður er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C viðmiðum. Skóli gerir þá sérstaka grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda.

A–D matskvarða og matsviðmið er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk.

A–D matskvarða og matsviðmiðum við lok 1. og 2. stigs í erlendum tungumálum er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skóla og eru einungis sett fram til að styðja við námsmat við lok yngsta stigs og miðstigs.

Matsviðmið hvers námstímabils skulu byggð á hæfniviðmiðum og þeim námsmarkmiðum sem unnið hefur verið að. Mestu skiptir að meta í lok námstímabils það sem til var ætlast samkvæmt matsviðmiðunum.

Matsniðurstöður þurfa að byggja á traustum matsgögnum og fjölbreyttum námsmatsaðferðum til þess að nemendur, foreldrar og skóli fái sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra.



## 3. stig.

A	<p>Nemandi getur skilið <b>mjög vel</b> aðalatriði úr kynningum og frásögnum, fylgst án <b>vandkvæða</b> með fjöl- og myndmiðlum, hlustað eftir upplýsingum og unnið úr á <b>margvíslegan</b> hátt. Lesið <b>fyrirhafnarlítið</b>, skilið og unnið með bókmenntir og almennan texta með <b>fjölbreyttum</b> orðaforða af mismunandi miðlum. Er <b>mjög vel</b> samræðuhæfur, notar <b>markvisst</b> föst orðasambönd úr daglegu máli og getur tjáð sig <b>bæði lipurlega</b> og <b>áheyrilega</b> um <b>margvísleg málefni</b>. Getur tjáð sig <b>lipurlega</b> um efni sem hann hefur unnið með, samið sjálfur og æft. Beitt <b>eðlilegum</b> framburði, áherslum og hrynjandi.</p> <p>Getur skrifað <b>skýran</b> og <b>skilmerkilegan</b> samfelldan texta um <b>margvísleg efni</b> og leikið sér með málið. Sýnt <b>fjölbreyttan</b> orðaforða, fylgt af <b>öryggi</b> meginreglum málnotkunar og notað tengiorð við hæfi. Þekkir <b>mjög vel</b> til samfélagsgerðar, fjölbreytts mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði. Greinir <b>auðveldlega</b> á milli helstu afbrigða tungumálsins.</p>
B	<p>Nemandi getur skilið aðalatriði úr kynningum og frásögnum, fylgst með efni í fjöl- og myndmiðlum, hlustað eftir upplýsingum og unnið úr eða nýtt sér á annan hátt. Lesið, skilið og unnið með bókmenntir og almennan texta með fjölbreyttum orðaforða af mismunandi miðlum. Er vel samræðuhæfur, notar föst orðasambönd úr daglegu máli og getur tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir. Getur tjáð sig skipulega um efni sem hann hefur unnið með, samið sjálfur og æft. Beitt nokkuð eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi. Getur skrifað lipran, samfelldan texta og leikið sér með málið. Sýnt fram á góð tók á orðaforða, meginreglum málnotkunar og notað tengiorð við hæfi.</p> <p>Þekkir til samfélagsgerðar, fjölbreytts mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og greinir á milli helstu afbrigða tungumálsins.</p>
C	<p>Nemandi getur skilið <b>nokkuð vel</b> aðalatriði úr kynningum og frásögnum, hlustað eftir <b>einföldum</b> upplýsingum í fjöl- og myndmiðlum og nýtt sér. Lesið, skilið og unnið með <b>auðlesnar</b> bókmenntir og almennan texta með <b>algengum</b> orðaforða af mismunandi miðlum. Er <b>sæmilega</b> samræðuhæfur, notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og getur tjáð sig <b>sæmilega</b> um <b>málefni sem hann þekkir</b>. Getur tjáð sig á <b>einfaldan hátt</b> um efni sem hann hefur unnið með, samið sjálfur og æft. Beitt <b>sæmilegum</b> framburði, áherslum og hrynjandi. Getur skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir. <b>Nýtt sér</b> þann orðaforða sem unnið hefur verið með og fylgt grunnreglum um málnotkun. Þekkir að <b>nokkru leyti</b> til samfélagsgerðar, fjölbreytts mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði. Greinir að <b>einhverju leyti</b> á milli helstu afbrigða tungumálsins.</p>

## 2. stig.

A	<p>Nemandi getur skilið <b>vel</b> talað mál og frásagnir á margvíslegum miðlum, hlustað <b>auðveldlega</b> eftir aðalatriðum og nýtt sér í námi sínu. Lesið og skilið <b>mjög vel</b> megininntak í fjölbreyttum textum sem innihalda algengan orðaforða og nýtt sér á <b>sjálfstæðan hátt</b> við lausn verkefna. Haldið af <b>öryggi</b> uppi samræðum um efni sem hann þekkir, notað <b>ýmis</b> orðasambönd og kurteisvenjur til að gera sig skiljanlegan. Tjáð sig <b>skilmerkilega</b> með <b>eðlilegum</b> framburði og áherslum. Sagt frá reynslu sinni og skoðunum og flutt undirbúið efni. Skrifað <b>lipran</b> samfelldan texta um <b>margvísleg efni</b> þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín. Sýnt <b>góð</b> tók á orðaforða og beitt af <b>öryggi</b> þeim reglum sem unnið hefur verið með. Skilur <b>vel</b> menningu viðkomandi málsvæðis og hvað er líkt og ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu. Attar sig <b>vel</b> á skyldleika erlenda málsins við önnur tungumál sem hann er að læra.</p>
---	--

B	Nemandi getur skilið talað mál og frásagnir á margvíslegum miðlum, hlustað eftir aðalatriðum, greint þau og nýtt sér í námi sínu. Lesið og skilið megininntak í fjölbreyttum auðlesnum textum sem innihalda algengan orðaforða og nýtt sér í verkefnavinnu. Haldið uppi samræðum um efni sem hann þekkir vel, notað algeng orðasambönd og almennar kurteis- og samskiptavenjur til að gera sig skiljanlegan. Tjáð sig á vel skiljanlegu máli með nokkuð eðlilegum framburði og áherslum. Sagt frá reynslu sinn og skoðunum og flutt einfalt undirbúið efni. Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín. Sýnt nokkuð góð tók á orðaforða og beitt þeim reglum sem unnið hefur verið með. Skilur lykileinkenni í menningu viðkomandi málsvæðis og hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu. Áttar sig á skyldleika erlenda málsins við önnur tungumál sem hann er að læra.
C	Nemandi getur skilið <b>einfalt</b> talað mál og stuttar einfaldar frásagnir, hlustað eftir <b>einföldum fyrir fram ákveðnum atriðum</b> og nýtt sér í námi sínu. Lesið og skilið að <b>nokkru leyti megininntak</b> í auðlesnum textum sem innihalda algengan orðaforða og nýtt sér í verkefnavinnu. Haldið uppi <b>einföldum</b> samræðum um efni sem hann þekkir vel, notað að <b>einhverju leyti</b> algeng orðasambönd og <b>almennar</b> kurteis- og samskiptavenjur til að gera sig skiljanlegan. Tjáð sig á <b>nokkuð skiljanlegu</b> máli með <b>sæmilegum</b> framburði og áherslum. Með <b>stuðningi</b> sagt frá reynslu sinni og skoðunum og flutt <b>einfalt</b> undirbúið efni. Skrifað texta um efni sem hann þekkir vel. Sýnt <b>sæmileg</b> tók á orðaforða og beitt að <b>einhverju marki</b> þeim reglum sem unnið hefur verið með. Skilur að <b>einhverju leyti</b> lykileinkenni í menningu viðkomandi málsvæðis og hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu. Áttar sig að <b>nokkru leyti</b> á skyldleika erlenda málsins við önnur tungumál sem hann er að læra.

## 1. stig.

A	Nemandi getur skilið <b>vel</b> einfalt mál og frásagnir, hlustað eftir upplýsingum, nýtt sér í eigin verkefni og greint frá. Lesið og skilið <b>mjög vel</b> ýmsa, stutta texta og nýtt sér við <b>lausn flóknari verkefna</b> . <b>Haldið uppi</b> einföldum samræðum og skipst á upplýsingum um efni sem hann þekkir. Sagt á <b>greinargóðan hátt</b> frá efni sem hann þekkir vel og með eðlilegum framburði. Flutt atriði og lesið upp texta af <b>öryggi</b> sem hann hefur æft. Samið <b>sjálfstætt</b> og skrifað stuttan, <b>samfelldan</b> texta um efni sem hann þekkir og beitt grunnreglum sem unnið hefur verið með. Þekkir <b>vel</b> til ýmissa sérkenna menningarsvæðisins, helstu síða og hefða og áttar sig <b>vel</b> á líkindum tungumálanna.
B	Nemandi getur skilið einfalt mál og frásagnir, hlustað eftir einföldum upplýsingum, nýtt sér í eigin verkefni og greint frá því helsta. Lesið og skilið ýmsa stutta og einfalda texta með grunnorðaforða og nýtt sér í verkefnavinnu. Tekið þátt í einföldum samræðum og skipst á upplýsingum um efni sem hann þekkir. Sagt frá efni sem hann þekkir vel í einföldu máli og með eðlilegum framburði. Flutt atriði og lesið upp texta sem hann hefur æft. Samið og skrifað stuttan, einfaldan texta um efni sem hann þekkir og beitt grunnreglum sem unnið hefur verið með. Þekkir til ýmissa sérkenna menningarsvæðisins, helstu síða og hefða og áttar sig á líkindum tungumálanna.
C	Nemandi getur skilið að <b>nokkru leyti</b> einfalt mál og frásagnir, hlustað eftir <b>einföldum</b> upplýsingum og nýtt sér að <b>einhverju leyti</b> í eigin verkefni. Lesið og skilið að <b>nokkru leyti</b> ýmsa stutta og <b>einfalda</b> texta með grunnorðaforða og nýtt sér í verkefnavinnu. <b>Tekið þátt</b> í einföldum samræðum með <b>stuðningi</b> og skipst að <b>einhverju leyti</b> á upplýsingum um efni sem hann þekkir. Sagt á <b>einfaldan hátt</b> frá efni sem hann þekkir vel í <b>mjög einföldu</b> máli og með <b>nokkuð skiljanlegum</b> framburði. Flutt atriði og lesið upp texta sem hann hefur æft með <b>stuðningi</b> . Samið og skrifað <b>með stuðningi</b> stuttan,

<b>einfaldan</b> texta um efni sem hann þekkir og beitt að <b>einhverju leyti</b> grunnreglum sem unnið hefur verið með. Þekkir að <b>nokkru leyti</b> til ýmissa sérkenna menningarsvæðisins, helstu síða og hefða og áttar sig að <b>einhverju leyti</b> á líkindum tungumálanna.
---

## Kafla 21. List- og verkgreinar.

Í þessum kafla er gerð grein fyrir menntagildi og megintilgangi list- og verkgreina. Tekið er mið af grunnþáttunum sex sem fjallað er um í 2. kafla, áhersluþáttum í námi sem fjallað er um í 6. kafla og lykilhæfni sem skilgreind er í kafla 9.4 og 18.

Hæfniviðmið eru sett fram fyrir 4., 7. og 10. bekk fyrir listgreinarnar, dans, leiklist, sjónlistir og tónmennt og einnig fyrir verkgreinarnar heimilisfræði, hönnun og smíði og textílmenn. Á grundvelli hæfniviðmiða eru kennsluáferðir, námsefni og matsáferðir valdar og skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla.

Í lok kaflans eru sett fram matsviðmið listgreina og matsviðmið verkgreina við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Matsviðmiðum við lok 4. og 7. bekkjar er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skóla og eru þau einungis sett fram til að styðja við námsmat við lok yngsta stigs og miðstigs. Matsviðmið við lok 10. bekkjar er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk.

### 21.1 Menntagildi og megintilgangur list- og verkgreina.

List- og verkgreinar eru margar ólíkar námsgreinar en þrátt fyrir það er margt sem tengir þær saman.

Í list- og verkgreinum tileinka nemendur sér læsi á menningu, ferla, myndir, heilsu, hreyfingu, líkams-tjáningu og tilfinningar annarra, svipbrigði, blæbrigði í tungumáli og tónum, tækni og hið manngerða umhverfi. Nemendur fá margvísleg tækifæri og aðstæður til að þroska sköpunarhæfileika sína, dýpka þá og tileinka sér leiðir til að koma sköpun sinni í verk. Í skapandi starfi fá nemendur tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafl sitt, þjálfast í að taka ákvarðanir þar sem þeir vega og meta mismunandi valkosti og sjá afrakstur verka sinna. Nemendur þroskast í samvinnu við aðra, efla sjálfstæði sitt og sjálfsþekkingu og finna hæfileikum sínum farveg.

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuáferðum þar sem reynir á verkkunnáttu, sköpunarkraft, margs konar tjáningarleiðir og samhæfingu huga, hjarta og handar. Í list- og verkgreinum fá nemendur tækifæri til að skapa hluti, vinna með tákna, tóna, matarmenningu og líkamann í tíma og rúmi. Þótt ýmislegt tengi list- og verkgreinar saman er einnig margt sem greinir þær að. Það sem sameinar er áhersla á verkkunnáttu, tækni, sköpun, fagurfræði og gildi, efnisþekkingu, líkamsbeitingu, túlkun og tjáningu. Hins vegar er um ólíka miðla og áferðir að ræða eftir greinum og því ólíkar nálganir og mismiklar áherslur á framantalda þætti.

Allt þetta þroskar og eykur hæfni nemenda til að tengja milli hlutbundinnar og óhlutbundinnar hugsunar og takast á við sibreytilegan heim á persónulegan, gagnrýninn og skapandi hátt. Jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms stuðlar að jafnrétti nemenda til að finna hæfileikum sínum og áhugasviðum farveg.

Menntagildi listgreina felst í að nemendur geti tjáð og dýpkað tilfinningar sínar og öðlast skilning og reynslu sem ekki verður eingöngu færð í orð. Listsköpun opnar nemendum leiðir til að vinna með hugmyndir, varpa fram spurningum, endurspegla og túlka eigin reynslu og annarra. Þannig þroska þeir hæfileika sína og getu til að vega og meta gjörðir sínar og umhverfi með gagnrýnum og skapandi hætti. Við listsköpun opnast oft ný og óvænt sjónarhorn á hugmyndir og hluti, það losnar um hömlur og kímigáfa nemenda fær gjarnan notið sín í óvenjulegum og ögrandi verkefnum. Við slíkar aðstæður koma leyndir hæfileikar og styrkleikar gjarnan fram og nemendur tengjast innbyrðis.

Listir í sinni fjölbreyttustu mynd í fortíð og nútíð fást við hugtök, hugmyndir og hluti sem tengjast manneskjunnri og nánasta umhverfi hennar. Þær hreyfa við okkur, næra ímyndunarafl, efla fegurðarskyn og opna farveg til að skoða og meta eigin gildi og viðhorf. Í listum geta nemendur rýnt í gildi

samfélagsins og mannkyns á ólíkum tímum og mismunandi menningarsvæðum en einnig í persónuleg gildi eins og gagnvart einstaklingum, fjölskyldu, samfélaginu, vinnu og leik, náttúru og umhverfi, jafnrétti, fegurð, ljótleika, ofbeldi og ást.

Menntun í listum á að stuðla að því að nemendur öðlist hæfni í að takast á við ófyrirséða framtíð á skapandi hátt, sjá ný mynstur, hugsa í lausnum og þroska persónulega tjáningu og smekk.

Í verkgreinum fá nemendur tækifæri til að beita ímyndunarafli sínu, sköpunargáfu, þekkingu og verkfærni til að takast á við umhverfi sitt í markvissum tilgangi. Nemendur fá tækifæri til að leita lausna, öðlast sjálfstæði í verki og læra að líta eigin verk og ákvarðanir gagnrýnum augum. Nemandinn þarf að fást við verkefni sem hæfa þroska hans, gera tilraunir og nýta tækni í vinnu sinni til þess að auka sjálfsöryggi sitt og starfsánægju.

Verkfærni, tækni og skilningur byggist á rótgrónum hefðum handverks og er undirstaða öflugrar verkmenningar og nýsköpunar sem er mikilvægt að nýjar kynslóðir tileinki sér.

Umhverfi okkar byggist að miklu leyti á tækni sem er einn af skapandi þáttum menningar og mótárásýnd hennar, inntak, merkingu og tilgang. Í starfsumhverfi nútímans eru gerðar sífellt auknar kröfur til tækniþekkingar og skilnings á hringrásarhagkerfi, hnattrænu jafnrétti og grænum lausnum. Að skilja og vera læs á umhverfið er forsenda þess að hafa áhrif á það á sjálfbæran hátt. Í verkgreinum öðlast nemendur skilning á umhverfi sínu sem og grundvallarþekkingu.

Menntun í verkgreinum á að stuðla að því að nemandinn verði sjálfstæður í verki, öðlist færni í að leysa vandamál, þjálfði eigið fegurðarskyn og skynhreyfifærni.

Við skipulagningu náms og kennslu í list- og verkgreinum skal unnið með öll hæfniviðmið á skólagöngu nemenda. Stuðla þarf að því að nemendur öðlist þá hæfni sem til er ætlast en hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni sem aflað hefur verið.

Hæfniviðmiðum einstakra list- og verkgreina er skipt í nokkra flokka. Flokkarnir eru ekki einangraðir innan hvernar greinar heldur hlutar af samofinni heild þar sem hver flokkur getur haft gagn af hinum, innan og á milli námsgreina og námssviða, sem gefur tækifæri til heildstæðrar verkefnavinnu og samþættingar. Námi og kennslu í list- og verkgreinum má skipta í nám í greinunum sjálfum þar sem þær eru iðkaðar en einnig má samþætta þær öllu almennu námi eða ákveðnum námssviðum hverju sinni. Hvor leiðin sem valin er eiga kennsluhættir að mótast af vinnulagi hvernar greinar.

Kennsla í list- og verkgreinum þarf að miða að því að nemendur þrói með sér jákvætt viðhorf og virðingu til námsgreina innan námssviðsins og því sé við haldið.

Nemendur þurfa að fá tækifæri til þess að þróa hugmyndir sínar, finna styrk sinn, taka frumkvæði og þróa eigin útfærslur í vinnu og nýtingu á efnivið.

Kenna þarf nemendum að þróa og raungera hugmyndir sínar, nýta verklag við hæfi og þjálfða í skapandi, greinandi og túlkandi vinnubrögðum. Kennsluhættir þurfa því að mótast af virkni, sköpun og að iðka fagið þar sem verkefni nemenda eru merkingarbær, áþreifanleg afurð.

## 21.2 Hæfniviðmið fyrir listgreinar.

Hæfniviðmið listgreina eru sett fram fyrir sviðslistirnar dans og leiklist ásamt sjónlistum og tónmennt.

### 21.2.1 Hæfniviðmið fyrir sviðslistir | Dans.

Dans er mikilvægur hluti þáttur í listaflóru samfélagsins, hefur félagslegu og sögulegu hlutverki að gegna, er órjúfanlegur hluti af hreyfimenningu, hefur menningarlegt gildi og er hluti af arfleifð þjóða.

Skapandi og listræn vinna í dansi veitir nemendum tækifæri til að koma þöggulli þekkingu og skilningi á veruleikanum á framfæri með hreyfingu og líkamstjáningu. Með sköpun og líkamlegri tjáningu í dansi fá nemendur tækifæri til að hlúa að og örva hreyfi- og rýmisgreind og efla félagsþroska með þátttöku í paradönsum, hringdönsum og hópdönsum. Dans veitir einstaklingum þannig aukið tækifæri til þroska, mennta og líkamsræktar.

Hæfni í félagslegum dönsum veitir möguleika á samveru innan ákveðins ramma þar sem þátttakendur geta átt samskipti innan tiltekinna leikreglna. Dans, sem skilgreint og skapandi form, byggir að miklu leyti á samvinnu og er því í sjálfu sér þjálfun í félagslegri færni. Í félagslegu gildi dansins felst möguleiki til að brjóta niður múra tengda tungumáli, þroska og milli kynja.

Hæfniviðmið fyrir dans skiptast í tvo flokka, þ.e. sköpun og túlkun og samskipti og samvinna. Þó að hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfelld ferli og skapandi athöfn fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni.

### Sköpun og túlkun.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Tónlist, taktur og hreyfing	hreyft sig frjálst í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama,	beitt líkama sínum markvisst í dansi og hreyfingu í takt við tónlist,	samhæft tónlist, takt og hreyfingu með góðri líkamsvitund og dansað mismunandi dansform,
Hreyfimyndur og spor	dansað einföld hreyfimyndur og spor í völdum dönsum, einn eða sem hluti af pari eða hópi,	dansað flóknari hreyfimyndur og fleiri spor í ýmsum dönsum, einn eða sem hluti af pari eða hópi,	dansað erfiðari spor í margvíslegum dönsum af aukinni færni, einn eða sem hluti af pari eða hópi,
Sköpun	skapað eigin dans undir leiðsögn og tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi.	skapað eigin dans, tjáð sig í dansi og tengt saman hreyfingu og tónlist.	tekið þátt í skapandi vinnuferli í dansi, sett saman einfalt dansverk í takt við tónlist.

### Samskipti og samvinna.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Paradans	boðið upp í dans og dansað í haldi,	boðið upp í dans og vitað hvaða hald eigi við hverju sinni,	boðið upp í dans og vitað hvaða hald eigi við í þeim dönsum sem hann hefur lært,
Samskipta-venjur	virt samskipta-venjur í dansi,	farið eftir helstu samskipta-venjum í dansi og tekið tillit til annarra í samstarfi,	farið eftir samskipta-venjum í dansi og beitt kurteisvenjum honum tengdum,
Virðing	tekið tillit til jafningja í samstarfi og farið eftir fyrirmælum.	tjáð hugmyndir sínar, tekið tillit til annarra í samstarfi og farið eftir fyrirmælum.	tjáð og túlkað hugmyndir sínar og hlustað á hugmyndir annarra sem jafningi og sýnt virðingu og góða framkomu gagnvart félögum.

### 21.2.2 Hæfniviðmið fyrir sviðslistir | Leiklist.

Leiklist er í eðli sínu samþætt listform þar sem allar listgreinar koma saman. Hún nýtist vel til þess að auðga og styrkja kennslu í flestum námsgreinum og getur þannig gegnt hlutverki í samþættingu námsgreina og námssviða og ýmiss konar frístunda- og félagsstarfi á vegum skólans.

Í leiklist, sem fram fer í gegnum leik og sköpun, fá nemendur tækifæri til að setja sig í spor annarra, prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum auk þess sem reynir á félagsfærni, samvinnu, samskipti, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun og líkams- og raddbeitingu.

Nemendur beita töluðu máli bæði í spuna og í meðferð skrifaðs leiktexta. Tilraunir með mismunandi frásagnaraðferðir, málfar, málsnið og blæbrigði tungumálsins eru mikilvægur hluti af sköpunarferlinu í leiklist. Í listforminu er hið óyrta þó ekki síður mikilvægt en hið talaða mál og þannig reynir það á tjáningu í víðasta skilningi þess orðs.

Kynningar og leiksýningar eru mikilvægar í leiklist til þess að hampa afrakstri vinnunnar. Þegar allir leggjast á eitt við uppsetningu leiksýningar styrkjast stoðir jafnréttis og lýðræðis í skólasterfinu auk þess sem slíkir viðburðir hafa jákvæð áhrif á samkennd nemenda og skólaandann og gefa tækifæri til samstarfs heimilis og skóla ásamt aðila í nærsamfélaginu.

Hæfniviðmiðum fyrir leiklist er skipt í þrjú flokka, þ.e. sköpun, túlkun og samvinnu og samskipti. Þó að hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni.

#### Sköpun.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Handrit	skilja hvað handrit eða stutt leikverk er þar sem grunnreglum í uppsetningu er beitt,	skrifað handrit að stuttu leikverki þar sem grunnreglum er beitt við uppsetningu leikhandrits fyrir svið eða myndmiðla,	skrifað handrit að leikverki þar sem grunnreglum er beitt við uppsetningu leikhandrits fyrir svið eða myndmiðla,
Vinnuferli	bent á leikið efni og ólík hlutverk þess í mismunandi samhengi,	sagt frá ferlinu við uppsetningu leiksýningar, helstu störfum sem unnin eru baksviðs í leikhúsi og lýst algengum sviðsbúnaði,	skrásett og rökstutt eigið vinnuferli í leiklist,
Sviðsetning	sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi,	nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu,	unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistarverkefnum, lagt fram sínar eigin hugmyndir og nýtt hugmyndir annarra við undirbúning og sköpun leikþátta,

Sviðsbúnaður	notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína.	nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til að styrkja sköpun sína.	nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína á markvissan hátt.
--------------	--	---	--

**Túlkun.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Leiklistarform	beitt einföldu formi leiklistar,	beitt fleiri en einu formi leiklistar,	valið milli forma og stíls í eigin sköpun og rökstutt val sitt,
Leikstíll	sýnt fram á mismunandi leikstíl í sköpun og túlkun,	sýnt fram á tók á fleiri en einum leikstíl í eigin sköpun, túlkun og greiningu,	valið milli mismunandi aðferða við sviðsetningu, bæði hvað varðar frásagnarform og leikstíl, prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir í sköpunarferlinu,
Textameðferð	lært stuttan texta og flutt hann á skýran hátt fyrir áhorfendur,	flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur,	prófað sig áfram og valið úr túlkunarleiðum á mismunandi tegundum leiktexta á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur,
Persónusköpun	sett sig í spor annarra í leikrænu ferli/hlutverkaleik og tekið þátt í viðtali sem ákveðin persóna.	skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd- og líkamsbeitingu.	túlkað leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara. Beitt rými, radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína.

**Samskipti og samvinna.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Gagnrýni	lýst leiknu efni á sviði og í myndmiðlum út frá söguþræði, innihaldi og persónum í verkinu,	rætt um leikið efni á sviði og í myndmiðlum út frá fleiri en einu sjónarhorni og sett það að einhverju leyti í samhengi við eigið líf og samfélag,	rökrætt leikið efni á sviði og í myndmiðlum á gagnrýninn hátt, beitt við það viðeigandi orðaforða og sett það að nokkru leyti í menningarlegt og sögulegt samhengi,

Virðing	sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi í skólastarfi, á sýningum eða leiklistarviðburðum,	sýnt viðeigandi hegðun og borið virðingu fyrir vinnu annarra sem áhorfandi í skólastarfi, á sýningum eða leiklistarviðburðum,	sýnt viðeigandi hegðun og borið virðingu fyrir vinnu annarra sem áhorfandi í skólastarfi, á sýningum eða leiklistarviðburðum og hvatt aðra til viðeigandi hegðunar,
Samstarf	tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi.	nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþáttar.	veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana inn í vinnuferli í leiklist.

### 21.2.3 Hæfniviðmið fyrir sjónlistir.

Alls staðar í umhverfi okkar er sjónrænt áreiti sem mikilvægt er fyrir nemendur okkar að læra að lesa og greina. Í sjónlistum er unnið markvisst með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir nemendum forsendur til að sjá það sem þeir horfa á, heyra það sem þeir hlusta á, finna það sem þeir snerta og skapa út frá reynslunni.

Í sjónlistum öðlast nemendur tækifæri til að tjá sig án orða, vinna á gagnrýninn hátt með málefni daglegs lífs og með ímyndunaraflið. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn.

Í námsgreininni er unnið með alla miðla sjónlista þar sem hugmyndum er fundinn farvegur. Sjónlistir hafa félagsleg, fagurfræðileg og tilfinningaleg áhrif á fólk. Að rýna í listaverk hjálpar okkur að skilja sögu, menningu og samfélagið í heild á sama tíma og það hjálpar okkur að eflast sem persónur.

Þegar nemendur skapa sjónræn verk vinna þeir ýmist út frá eigin rannsóknum og greiningu eða með virkjun ímyndunarafllsins þar sem þeir tengja við fyrri reynslu, menningu og umhverfi. Í umræðum um myndlist skapast tækifæri til að þjálfa orðaforða myndlistar, samkennd og virðingu í tengslum við gagnrýna umræðu um upplifun nemenda á völdum listaverkum og eigin verkum.

Hæfniviðmiðum fyrir sjónlistir er skipt í þrjú flokka, þ.e. sköpun, greining og úrvinnsla og menning og umhverfi. Þó að hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni.

### Sköpun.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Aðferðir og efni	skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og tækni,	notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun,	valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla og tækni,



Útfærsla og tækni	nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar,	nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun,	greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni í eigin sköpun,
Vinnuferli	útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki,	byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknnum og reynslu,	sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal,
Hugmynda- vinna	unnið út frá kveikju við eigin listsköpun, bæði í tví- og þrívíðu formi.	unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.	skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunaraflum og/eða rannsókn, myndrænt og/eða í texta.

**Greining og úrvinnsla.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Tjáning	tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt,	tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu,	tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið,
Umfjöllun og endurgjöf	fjallað um eigin verk og annarra,	fjallað um eigin verk og annarra í samtali við aðra nemendur,	gagnrýnt af þekkingu, sanngirmi og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu,
Greining og samhengi	greint á einfaldan hátt listaverk og myndmál í því,	greint og fjallað um listaverk og áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu,	greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat, bæði í samfélaginu og á heimsvísu,
Hugtök	þekkt hugtök og heiti sem tengjast frumþáttum og lögmálum myndlistar við vinnu verkefna hverju sinni.	beitt hugtökum og heitum frumþátta og lögmála myndlistar sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.	notað orðaforða og hugtök frumþátta og lögmála myndlistar til að tjá skoðanir sínar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati.

**Menning og umhverfi.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Aðferðir og nálgun	greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka,	greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margs konar listaverka,	greint hvernig samtímalist fæst við álitamálefni daglegs lífs með fjölbreyttum nálgunum sem oft fela í sér samþættingu listgreina,
Tilgangur og samhengi	skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar,	gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar,	gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í fjölbreytt samhengi,
Stefnur og straumar	þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra listamanna, lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og þær aðferðir sem beitt var við sköpun verksins.	þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra og erlendra listamanna, lýst þeim og greint og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka.	greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð, bæði hér á landi og erlendis.

**21.2.4 Hæfniviðmið fyrir tónmennt.**

Tónmennt er leið til sköpunar og tjáskipta, oft án orða, sem einstaklingar fara til að tjá tilfinningar sínar, skoðanir og gildi. Í tónlistariðkun felst bæði hlustun og að njóta, sköpun og flutningur. Hún er ferli þar sem einstaklingar skapa merkingu með því að bregðast við og vinna úr tónum, hljóðum og þögn, einir eða í samstarfi. Tónlistariðkun krefst líkamlegrar samhæfingar, greinandi hugsunar og tilfinningatengsla. Þá hefur tónlistariðkun sterka félagslega og lýðræðislega tilvísun, enda verið notuð í gegnum tíðina sem afl til sameiningar eða aðgreiningar fólks.

Tónlistarkennsla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar; tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómun, túlkun og formi, til þess að þeir geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt.

Tónlist getur verið hluti skilgreindrar menningar eða sjálf skilgreinandi hluti menningar. Í síðara tilvikinu ræður ákveðin tónlistarstefna klæðaburði, framkomu og fleiru sem myndar menningarheild. Tónlistarmenning vísar þannig til hvernig við tengjumst, notum, fremjum, semjum og hugsunum um tónlist. Í ljósi margbrotins eðlis tónlistarinnar er mikilvægt að tónlistin sé tengd öllu skólustarfi óháð námsgreinum. Þannig kynnast nemendur fjölbreyttri tónlist og tengingu hennar við líf og starf með ólíkri og lifandi nálgun.

Hæfniviðmiðum fyrir tónmennt er skipt í þrjú flokka, þ.e. söngur og hljóðfæraleikur, sköpun og skráning og hlustun og greining. Þó að hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni.

**Söngur og hljóðfæraleikur.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Söngur og raddnotkun	beitt rödd sinni og tekið þátt í söng,	beitt rödd sinni í söng eða rappi, einn eða með öðrum,	beitt rödd sinni í tónlistarsköpun, söng eða rappi einn eða með öðrum,
Hljóma- og laglínu-hljóðfæri	leikið þrástef og einfaldar laglínur á skólahljóðfæri eða annað hljóðfæri í samspili,	leikið einfaldar laglínur og hljóma á ýmis hljóðfæri í samspili,	notað hljómahljóðfæri eða laglínuhljóðfæri á viðeigandi hátt í einföldu samspili eða hljómsveit,
Takthljóðfæri	leikið einfaldan hrynn á takthljóðfæri í samspili.	leikið hrynn á takthljóðfæri í samspili.	leikið margvíslegan hrynn á takthljóðfæri, einn og með öðrum.

**Sköpun og skráning.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Spuni	leikið einfaldan spuna á skólahljóðfæri,	spunnið stef og stuttar laglínur í samspili,	leikið spuna á laglínuhljóðfæri í samspili og með undirleik,
Hljóðfæra-tónsmíðar	samið, einn eða í hópi, stutt lag eða hljóðverk,	samið, einn eða í hópi, lag eða hljóðverk fyrir eitt eða fleiri hljóðfæri,	samið lag eða tónverk á hljóðfæri, einn eða í hópi,
Stafrænar tónsmíðar	notað tónlistarforrit til að semja stutt verk,	notað tónlistarforrit til að semja lag eða hljóðverk,	notað tónlistarforrit að eigin vali til að skapa og vinna margvísleg verk,
Grafísk nótnaskrift	samið eigið verk og skráð með grafískri nótnaskrift	samið og skráð stef eða laglínur og nýtt í eigin tónsmíð,	samið og skráð stef, laglínur og hljóma og nýtt í eigin tónsmíð,
Upptökur og hljóðvinnsla	notað upptöku- eða tónlistarforrit til að taka upp hljóð og unnið með það á einfaldan hátt.	notað tónlistarforrit til að taka upp og unnið með þau.	notað tölvur, upptökutæki og tónlistarforrit til að taka upp og fullvinna eigin verk.

**Hlustun og greining.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Hljóðfæri	greint og þekkt helstu hljóðfæraflokka, valin hljóðfæri innan hvers flokks og algengustu skólahljóðfærin,	greint og þekkt helstu hljóðfæri símfóníu-hljómsveitar, hefðbundinnar popp/rokk hljómsveitar og hljóðfæri sem eru algeng í völdum tónlistarstílum,	greint og þekkt hljóðfæri símfóníuhljómsveitar og hljóðfæri sem eru einkennandi í völdum tónlistarstílum,
Tónlistarstílar og menning	greint ólíkar raddir og einföld stílbrigði í tónlist,	greint og útskýrt ólíka tónlistarstíla og tengt viðkomandi menningu,	greint og lýst einkennum tiltekinna tónlistarstíla og sett í persónulegt, sögulegt og menningarlegt hnattrænt samhengi,
Mat á tónlist	myndað sér skoðun á tónlist sem hann heyrir,	nýtt einföld tónlistarleg hugtök til að gera grein fyrir skoðun sinni á margvíslegri tónlist,	beitt gagnrýnni hugsun við að meta tónlist og beitt tónlistarhugtökum til að rökstyðja mat sitt út frá stíl, fagurfræði og eigin smekk,
Endurgjöf	rætt um eigin tónlist og sammemenda út frá smekk og upplifun.	greint og að einhverju marki metið og endurskoðað eigin sköpun og sammemenda sinna í tónlist af sanngirni og virðingu.	greint, útskýrt og endurskoðað eigin sköpunarverk og sammemenda í tónlist af sanngirni og virðingu.

**21.3 Hæfniviðmið fyrir verkgreinar.**

Hæfniviðmið verkgreina eru sett fram fyrir heimilisfræði, hönnun og smíði og textílmennt.

**21.3.1 Hæfniviðmið fyrir heimilisfræði.**

Í heimilisfræði eru órjúfanleg tengsl milli neringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Til að styrkja þessi tengsl er mikilvægt að samþætta kennslu í matreiðslu og neringarfræði. Þekking og leikni í heimilisstörfum er kjarni heimilisfræðinnar og honum tengjast allir þættir námsins, fræðilegir sem verklegir.

Heimilisfræði er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, jafnrétti, hagsýni og nýtni, fjármálalæsi, neytendavitund, umhverfisvernd og sjálfbærni. Í heimilisfræði gefst tækifæri til að hafa áhrif á lífsstíl nemenda með markvissri fræðslu um hollustu og heilbrigði, opinber manneldismarkmið og kenna nemendum að vera læsir á upplýsingar í umhverfinu sem snerta heilsufar.

Góð leið til að kynna menningu og síðum þjóða er að kynna matarhefð þeirra. Félagslegt gildi matar er mikilvægt bæði í daglegu lífi og við tækifæri eins og veislur og hátíðarhöld þar sem matar gegnir jafnan stóru hlutverki. Mikilvægt er að heimilisfræðin taki mið af umhverfissjónarmiðum, veiti innsýn í vistfræði, glæði áhuga á umhverfisvernd og sjálfbærum lífsháttum svo sem meginstoðum hringrásarhagkerfisins.

Hæfniviðmiðum fyrir heimilisfræði er skipt í þrjá flokka, þ.e. verklag, lífshættir og menning og umhverfi. Þó að hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni.

### Verklag.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Matreiðsla	útbúið einfaldar og hollar máltíðir með aðstoð,	matreitt einfaldar og hollar máltíðir út frá ráðleggingum um mataræði frá embætti landlæknis,	skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir samkvæmt ráðleggingum um mataræði frá embætti landlæknis,
Vinnubrögð	farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld og sinnt viðeigandi frágangi,	unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld og skilið gildi viðeigandi frágangs,	beitt helstu matreiðslu-aðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsáhöld og borið ábyrgð á viðeigandi frágangi,
Vinnuvernd	gert sér grein fyrir helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.	greint frá helstu orsökum slysa við eldhússtörf og hvernig má koma í veg fyrir þau.	greint frá viðbrögðum við slysum við eldhússtörf.

### Lífshættir.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Lífshættir	tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti,	tjáð sig um heilbrigða lífshætti eins og næringu, hreyfingu og svefn,	tamið sér heilbrigða lífshætti eins og næringu, hreyfingu og svefn og tengsl þeirra við heilsufar,
Næring	valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan,	skilið og tjáð sig á einfaldan hátt um aðalatriði ráðlegginga um mataræði frá embætti landlæknis,	skilið og farið eftir aðalatriðum ráðlegginga um mataræði frá embætti landlæknis,
Hreinlæti	farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif,	öðlist færni í hreinlæti og þrifum tengdu matreiðslu,	tileinkað sér og skilið mikilvægi hreinlætis og þrifa tengdu matreiðslu og eldhúsi,

Kostnaður	tjáð sig á einfaldan hátt um kostnað við máltíð eða nesti.	gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald.	greint helstu þætti sem hafa áhrif á útgjöld við heimilishald og sýnt nýtni og hagsýni í anda neytendavitundar og sjálfbærni.
-----------	--	--	---

### Menning og umhverfi.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Umhverfi	sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni,	sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla,	sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í samhengi við jafnrétti og sjálfbærni og tjáð sig um mismunandi uppruna matvæla,
Neytendur	skilið einfaldar umbúðamerkingar,	skilið mismunandi umbúðamerkingar og þekki helstu geymslu-aðferðir,	skilið og rætt mismunandi umbúðamerkingar, metið gæði matvæla og þekkt helstu geymslu-aðferðir,
Menning	tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald og þekki þjóðlegan mat,	tjáð sig um þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð,	sagt frá íslenski og erlendra matarmenningu og matreitt ýmsa þjóðarrétti,
Kolefnisspor	gert sér grein fyrir mismunandi kolefnisspori matvæla.	áttað sig á gildi þess að neyta matvæla með sem minnst kolefnisspor.	flokkað matvæli eftir kolefnisspori og tekið ábyrga afstöðu til eigin neyslu.

#### 21.3.2 Hæfniviðmið fyrir hönnun og smíði.

Í hönnun og smíði fléttast saman sköpun, læsi og sjálfbærni á áþreifanlegan hátt sem hjálpar nemendum að skilja merkingu hugtakanna. Nemendur öðlast einnig innsýn í heim tækninnar sem eykur skilning og eflir læsi þeirra á mannert umhverfi.

Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnunni, þjálfu einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Auk þess er lögð áhersla á handverk, menningu og tengsl við verklegt framhaldsnám, tómstundir og heimilishald og að nemendur kynnist fjölbreyttum verkfærum, tækni og efnum m.a. úr nærumhverfinu. Nemendur hafa þannig áhrif á umhverfi sitt og eru um leið hvattir til að sýna umhverfinu nærgætni og virðingu. Lögð er áhersla á að nemendur séu virkir í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Þar fléttast einnig inn áhersla á nýsköpun, hagnýtingu þekkingar og grænna lausna.

Hæfniviðmiðum fyrir hönnun og smíði er skipt í þrjú flokka, þ.e. verklag, sköpun, hönnun og tækni og menning og umhverfi. Þó að hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að

nám er samfelld ferli og skapandi athöfn fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni.

### Verklag.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Verkfæri	þekkt algengustu verkfæri í trésmíði og útskýrt á einfaldan hátt virkni þeirra,	þekkt ýmis verkfæri og mælitæki sem notuð eru í formun smíðafna og útskýrt virkni þeirra,	þekkt helstu verkfæri og mælitæki sem notuð eru í formun smíðafna og útskýrt rétta notkun þeirra og virkni,
Efnisval	þekkt almenn smíðafni og á einfaldan hátt útskýrt notkun og eiginleika þeirra,	þekkt algengustu smíðafni og útskýrt rétta notkun og eiginleika þeirra,	þekkt flest smíðafni sem notuð eru og útskýrt rétta notkun og eiginleika þeirra,
Smíðaaðferðir	framkvæmt nokkrar aðferðir til festinga,	framkvæmt algengustu aðferðir festinga og útskýrt notkun þeirra,	þekkt flestar smíða-aðferðir, framkvæmt þær algengustu og útskýrt rétta notkun og eiginleika þeirra,
Vinnuvernd	beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.	útskýrt réttar vinnustellingar, valið viðeigandi hlífðarbúnað og gert sér grein fyrir samhengi góðrar umgengni og öryggisþátta	beitt viðeigandi vinnustellingum, notað réttan hlífðarbúnað, fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar.

### Sköpun, hönnun og tækni.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Vinnuteikning	dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar,	útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu,	útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu,
Vinnuferli	unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit,	lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð,	unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnislista og reiknað kostnað,

Orka og tækni	sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíða- verkefnum og nýtt virknipætti í smíðis- gripum, svo sem vogar- afl, gorma og teygjur,	hannað og smíðað verk- efni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virkni- þættir eru að verki í ýmsum hlutum,	hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu með áherslu á grænar lausnir,
Tæknilæsi	bent á ýmis tækni- fyrirbrigði er tengjast daglegu lífi,	lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi og almennt í samfélaginu,	sagt frá hvernig tækni er nýtt í atvinnulífinu, gert grein fyrir iðngreinum og mikilvægi þeirra í samfélaginu,
Samfélag	greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir,	greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir,	gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt, samfélag og jörðina,
Hugbúnaður	hannað einfaldan hlut í þrívíðum hugbúnaði.	nýtt hugbúnað við hönnun tvívíðra og þrívíðra forma,	nýtt hugbúnað við stafræna hönnun á vöru,
Stafræn smíði		nýtt sér tölvustýrðar smíðavélar til að fullvinna tvívíða og þrívíða hluti,	umbreytt stafrænni hönnun í fullunninn hlut með aðstoð tölvustýrðra tækja eða smíðavéla,
Örtölvur		nýtt sér örtölvur til að stýra einföldum aðgerðum.	nýtt sér örtölvur til að stýra aðgerðum.

### Menning og umhverfi.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Umhverfis- vitund	valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi,	gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni,	greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni og grænar lausnir að leiðarljósi við vinnu sína, svo sem við efnisval,
Endurnýting	sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með,	gert við og endurnýtt eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra,	gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýta ýmsa hluti í anda hringrásarhagkerfis,
Menning	greint og sagt frá nokkrum einkennum íslensks handverks.	greint og fjallað um íslenska hönnun og handverk í samhengi við sögu.	greint og fjallað um handverk og hönnun í samhengi við sögu, samfélag og listir.



### 21.3.3 Hæfniviðmið fyrir textílmenn.

Textílmenn felur í sér þátt hönnunar og handverks auk þjálfunar og verkfærni á fjölbreyttum sviðum. Textílmenn á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar, rætur sem liggja í heimi sögunnar, verkmenningu og listum. Námsgreinin byggir á rótgróinni handverkshefð, sem hefur þróast og tekið inn nýjar áherslur í takt við þarfir breyttra tíma og breyttra áherslna í menntun og uppeldi.

Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig, skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði og læra að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi. Í textílnámi er mikilvægt að nemendur greini, meti og setji textíl í samhengi við umhverfi, umhverfisvernd, umhverfisvitund, endurnýtingu, sjálfbærni, loftslagsmál, kolefnisspor, menningu, listir, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og vinni með efni af ólíkum toga.

Hæfniviðmiðum fyrir textílmenn er skipt í þrjá flokka, þ.e. verklag, sköpun, hönnun og tækni og menning og umhverfi. Þó að hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfelld ferli og skapandi athöfn fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni.

#### Verklag.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Áhöld	notað einfaldar aðferðir og beitt viðeigandi áhöldum,	beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar,	beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða,
Efnisval	unnið úr nokkrum gerðum textílefna,	unnið úr fjölbreyttum textílefnum,	rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangs-efni og efnisvali,
Útfærsla	unnið eftir einföldum leiðbeiningum,	unnið með einföld snið og uppskriftir,	unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf,
Vinnuvernd	beitt líkamanum rétt við vinnu sína.	þekkt mikilvægi viðeigandi líkamsstöðu og geti beitt líkamanum rétt við vinnu sína.	beitt viðeigandi vinnustillingum og verið meðvitaður um líkamsstöðu sína, þekki hugmyndir og reglur vinnuverndar.

**Sköpun, hönnun og tækni.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Hugmynda- vinna	tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu,	þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli,	beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu,
Sköpun og skreyting	skreytt textílvinnu á einfaldan og skapandi hátt,	notað fjölbreyttar aðferðir að eigin vali við skreytingu textílafurða,	skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt,
Hugtök	notað nokkur hugtök sem tengjast greininni,	útskýrt eigið verk og notað til þess hugtök greinarinnar,	lagt mat á eigin vinnubrögð og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök,
Miðlar	nýtt ýmsa miðla til að afla einfaldra hugmynda.	nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um hugmyndavinnu, hönnun og útfærslu á þeim,	notað margvíslega miðla til að afla upplýsinga fyrir hugmyndir að verkefnum sem tengjast textíl, hönnun og útfærslu á þeim,
Tækni		nýtt hugbúnað við hönnun eigin mynsturs eða myndefnis fyrir textílvinnu.	nýtt hugbúnað og tölvustýrð tæki við hönnun og vinnslu eigin verka í textílvinnu.

**Menning og umhverfi.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Efnisfræði	fjallað um íslenskt hráefni og unnið með það á einfaldan hátt,	fjallað um efnisfræði svo sem eiginleika náttúruafna og gerviefna,	þekkt mun á eiginleikum náttúruafna og gerviefna út frá áferð og kolefnisspori,
Merkingar	gert grein fyrir nokkrum tegundum textílefna,	skilið helstu tákni og merkingar textílefna,	þekkt mun á helstu táknum og merkingum textílefna og nýtt sér í daglegu lífi,
Endurnýting	notað endurunnin efni í textílvinnu,	nýtt endurunnin efni í textílvinnu og gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum,	nýtt endurunnin efni í textílvinnu, gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd og hringrásarhagkerfið,

Menning	greint nokkur einkenni íslensks handverks í textílvinnu.	greint og fjallað um hefðir í textílvinnu á Íslandi og sett í samhengi við sögu.	greint og fjallað um textílvinnu og -verk í samhengi við sögu, samfélag og listir.
---------	--	--	--

#### 21.4 Matsviðmið fyrir list- og verkgreinar.

Matsviðmið eru sett fram fyrir allar námsgreinar og námssvið við lok 4., 7. og 10. bekkjar og eru þau lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu. Skólum ber að setja matsviðmið fyrir námsgreinar og námssvið annarra árganga og gera grein fyrir þeim í skólanámskrá.

Matsviðmið eru birt á A–D matskvarða. A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C. Gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni sem tilgreind er í B, hæfni náð, þar sem þau eru byggð á hæfniviðmiðum árgangsins.

A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og C þeir sem ekki standast fyllilega þær kröfur sem gerðar eru í B viðmiðum. Ekki eru sett viðmið fyrir D en sá vitnisburður er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C viðmiðum. Skóli gerir þá sérstaka grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda.

A–D matskvarða og matsviðmið er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk.

A–D matskvarða og matsviðmiðum við lok 4. og 7. bekkjar er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skóla og eru einungis sett fram til að styðja við námsmat við lok yngsta stigs og miðstigs.

Matsviðmið hvers námstímabils skulu byggð á hæfniviðmiðum og þeim námsmarkmiðum sem unnið hefur verið að. Mestu skiptir að meta í lok námstímabils það sem til var ætlast samkvæmt matsviðmiðum.

Matsniðurstöður þarf að byggja á traustum matsgögnum og fjölbreyttum námsmatsaðferðum til þess að nemendur, foreldrar og skóli fái sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra.

Sameiginleg matsviðmið eru sett fyrir listgreinar annars vegar og verkgreinar hins vegar. Gefa skal tvær einkunnir vegna list- og verkgreina við útskrift nemenda úr grunnskóla, eina fyrir listgreinar og aðra fyrir verkgreinar. Skólar gera grein fyrir einkunnagjöf annarra árganga í skólanámskrá skólans.

##### 21.4.1 Matsviðmið fyrir listgreinar.

###### 10. bekkur.

A	Nemandi getur sýnt <b>gott</b> frumkvæði og þor, gert tilraunir í listsköpun og valið og beitt <b>mjög vel</b> viðeigandi aðferðum og tækni. Beitt fjölbreyttu formi og stíl til þess að skapa á <b>sjálfstæðan hátt</b> verk byggt á eigin hugmyndum, útskýrt og <b>rökstutt</b> vinnuferli frá hugmynd að lokaverki. Skapað og túlkað verk með <b>góðri</b> tilfinningu fyrir hrynjandi og blæbrigðum. Lýst, greint og rætt <b>mjög vel</b> inntak eigin verka og annarra, sett í menningarlegt, sögulegt og samfélagslegt samhengi og beitt <b>markvisst</b> orðaforða og hugtökum í listum. Gert <b>mjög vel</b> grein fyrir fjölbreyttu hlutverki lista í menningar- og atvinnulífi samfélagsins.
B	Nemandi getur sýnt frumkvæði og þor, gert tilraunir í listsköpun og valið og beitt viðeigandi aðferðum og tækni. Beitt fjölbreyttu formi og stíl til þess að skapa verk byggt á eigin hugmyndum, útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki. Skapað og túlkað verk með nokkurri tilfinningu fyrir hrynjandi og blæbrigðum. Lýst, greint og rætt inntak eigin verka og annarra, sett í menningarlegt, sögulegt og samfélagslegt samhengi og beitt orðaforða og hugtökum í listum. Gert grein fyrir fjölbreyttu hlutverki lista í menningar- og atvinnulífi samfélagsins.

C	<p>Nemandi getur sýnt <b>nokkurt</b> frumkvæði og þor, gert tilraunir í listsköpun og valið og á <b>nokkuð öruggan</b> hátt beitt viðeigandi aðferðum og tækni. Beitt <b>sæmilega</b> fjölbreyttu formi og stíl til þess að skapa verk byggt á eigin hugmyndum, útskýrt að <b>nokkru leyti</b> vinnuferli frá hugmynd að lokaverki. Skapað og túlkað að <b>vissu marki</b> blæbrigði verka.</p> <p>Sagt frá inntaki eigin verka og annarra, sett að <b>einhverju leyti</b> í menningarlegt, sögulegt og samfélagslegt samhengi og notað að <b>vissu marki</b> orðaforða og hugtök í listum. Gert að <b>einhverju leyti</b> grein fyrir fjölbreyttu hlutverki lista í menningar- og atvinnulífi samfélagsins.</p>
---	--

#### 7. bekkur.

A	<p>Nemandi getur sýnt frumkvæði og nýtt sér <b>vel</b> viðeigandi aðferðir og tækni við listsköpun.</p> <p>Skapað, útskýrt og sýnt eigin verk sem fela í sér <b>verkferla</b> frá hugmynd til loka verkefnis. <b>Markvisst</b> beitt og útskýrt hrynjandi og blæbrigði í verkefnum. Lýst inntaki eigin verka og annarra, rætt um þau og notað <b>fjölbreyttan</b> orðaforða til þess. Gert <b>vel</b> grein fyrir hlutverki lista og menningar í samfélaginu.</p>
B	<p>Nemandi getur sýnt frumkvæði og nýtt sér viðeigandi aðferðir og tækni við listsköpun.</p> <p>Skapað, útskýrt og sýnt eigin verk frá hugmynd til loka verkefnis. Beitt og útskýrt hrynjandi og blæbrigði í verkefnum. Lýst og rætt inntak eigin verka og annarra og beitt orðaforða og hugtökum í listum til þess. Rætt um hlutverk lista og menningar í samfélaginu.</p>
C	<p>Nemandi getur sýnt <b>nokkurt</b> frumkvæði og nýtt sér <b>eitthvað</b> af viðeigandi aðferðum og tækni við listsköpun. Skapað verk og sýnt eigin verk með <b>aðstoð</b> frá hugmynd til loka verkefnis. Beitt að <b>vissu marki</b> hrynjandi og blæbrigðum í verkefnum. Lýst og rætt að <b>einhverju leyti</b> inntak eigin verka og beitt <b>einföldum</b> orðaforða og hugtökum í listum til þess. Rætt að <b>vissu marki</b> um hlutverk lista og menningar í samfélaginu.</p>

#### 4. bekkur.

A	<p>Nemandi getur unnið <b>markvisst</b> að verkefnum sínum með þeirri tækni sem hann hefur lært. Nýtt sér leikni og <b>áunna tækni</b> í eigin listsköpun við að vinna með hugmynd til loka verkefnis. Beitt og útskýrt hrynjandi og blæbrigði í völdum verkefnum. Lýst á <b>greinargóðan hátt</b> eigin verkum og annarra og beitt til þess <b>viðeigandi</b> orðaforða. Rætt af <b>öryggi</b> tengsl lista og menningar við verkefni sín.</p>
B	<p>Nemandi getur unnið einföld verkefni með þeirri tækni sem hann hefur lært. Nýtt sér leikni sína í eigin listsköpun við að vinna með hugmynd til loka verkefnis. Beitt hrynjandi og blæbrigðum í verkefnum sínum. Lýst eigin verkum og beitt orðaforða og hugtökum í listum til þess. Rætt um listir og menningu í tengslum við verkefni sín.</p>
C	<p>Nemandi getur unnið að <b>nokkru leyti</b> einföld verkefni með þeirri tækni sem hann hefur lært. Unnið <b>með aðstoð</b> að listsköpun og unnið með hugmynd til loka verkefnis.</p> <p>Beitt að <b>einhverju leyti</b> hrynjandi og blæbrigðum í verkefnum. Lýst á <b>einfaldan hátt</b> eigin verkum og beitt að <b>einhverju leyti</b> orðaforða og hugtökum í listum til þess. Rætt að <b>vissu marki</b> um listir í tengslum við verkefni sín.</p>

## 21.4.2 Matsviðmið fyrir verkgreinar.

## 10. bekkur.

A	<p>Nemandi getur skipulagt vinnu sína <b>mjög vel</b> og beitt <b>fjölbreyttum</b> aðferðum og tækni í sjálfstæðri og skapandi vinnu. Notað vinnuteikningu eða verklýsingu á <b>sjálfstæðan hátt</b> við nýsköpun og útfærslu eigin hugmynda og unnið af <b>öryggi</b> eftir hönnunarferli og rætt af <b>innsæi</b> og <b>sjálfstæði</b> mögulegar lausnir. Greint og rætt viðfangsefni sitt á <b>gagnrýninn hátt með rökstuðningi</b> og notað til þess <b>viðeigandi</b> hugtök. Valið af <b>öryggi</b> og <b>sjálfstæði</b> efni út frá umhverfissjónarmiðum, tengt vinnu sína við sjálfbæra þróun og sýnt það í verki.</p> <p>Greint af <b>nákvæmni</b> frá mismunandi eignum og tækjum sem notuð eru, sýnt af <b>öryggi réttar</b> vinnustellingar og <b>mjög góða</b> umgengni. Lýst af <b>nákvæmni</b> einkennum íslenskrar og erlendar menningar í samhengi við verkgreinar og hvaða áhrif menning hefur á daglegt líf.</p>
B	<p>Nemandi getur skipulagt vinnu sína vel og beitt nokkrum aðferðum og tækni í sjálfstæðri og skapandi vinnu. Notað vinnuteikningu eða verklýsingu við nýsköpun og útfærslu eigin hugmynda, unnið eftir hönnunarferli og rætt af sjálfstæði mögulegar lausnir. Greint og rætt viðfangsefni sitt og notað til þess algeng hugtök. Valið efni af sjálfstæði út frá umhverfissjónarmiðum, tengt vinnu sína við sjálfbæra þróun og sýnt það í verki. Greint frá mismunandi eignum og tækjum sem notuð eru, sýnt réttar vinnustellingar og góða umgengni. Lýst einkennum íslenskrar og erlendar menningar í samhengi við verkgreinar og hvaða áhrif menning hefur á daglegt líf.</p>
C	<p>Nemandi getur skipulagt vinnu sína <b>nokkuð vel</b> og beitt <b>einföldum</b> aðferðum og tækni í sjálfstæðri og skapandi vinnu. Notað vinnuteikningu eða verklýsingu á <b>einfaldan hátt</b> við nýsköpun og útfærslu eigin hugmynda, unnið með <b>leiðsögn</b> eftir hönnunarferli og rætt mögulegar lausnir. Greint og rætt viðfangsefni sitt að <b>nokkru leyti</b> og notað til þess algeng hugtök. Valið með <b>leiðsögn</b> efni út frá umhverfissjónarmiðum, tengt vinnu sína við sjálfbæra þróun og sýnt það í verki. Greint að <b>nokkru leyti</b> frá mismunandi eignum og tækjum sem notuð eru, sýnt að <b>jafnaði</b> réttar vinnustellingar og <b>sæmilega</b> umgengni. Lýst <b>nokkrum</b> einkennum íslenskrar og erlendar menningar í samhengi við verkgreinar og hvaða áhrif menning hefur á daglegt líf.</p>

## 7. bekkur.

A	<p>Nemandi getur skipulagt vinnu sína af <b>öryggi</b>, beitt nokkrum aðferðum og tækni í <b>sjálfstæðri</b> og skapandi vinnu. Sett fram vinnuteikningu eða verklýsingu byggða á eigin hugmynd og unnið <b>sjálfstætt</b> eftir hönnunarferli. Greint og rætt <b>vel</b> viðfangsefni sitt og notað af <b>öryggi</b> til þess algeng hugtök. Haft umhverfissjónarmið til hliðsjónar við efnisval og <b>rökstutt</b> valið. Sýnt <b>frumkvæði</b> og <b>ábyrgð</b> við réttar vinnustellingar, val á hlífðar-búnaði við hæfi og <b>mjög góða</b> umgengni um vinnusvæði. Fjallað um og unnið með íslenskt hráefni og tengt það sögu og menningu.</p>
B	<p>Nemandi getur gert verkáætlun og beitt nokkrum aðferðum og tækni í sjálfstæðri og skapandi vinnu. Notað einfalda vinnuteikningu eða verklýsingu byggða á eigin hugmynd og unnið eftir hönnunarferli. Greint og rætt viðfangsefni sitt og notað til þess algeng hugtök.</p>

	Haft umhverfissjónarmið til hliðsjónar við efnisval. Sýnt réttar vinnustellingar, valið réttan hlífðarbúnað og sýnt góða umgengni um vinnusvæði. Sagt frá vinnu með íslenskt hráefni í tengslum við sögu og menningu.
C	Nemandi getur með <b>aðstoð</b> skipulagt vinnu sína og með leiðsögn beitt aðferðum og tækni í sjálfstæðri skapandi vinnu. Sett fram vinnuteikningu eða verklýsingu í hóp eða með <b>aðstoð</b> byggða á eigin hugmynd og unnið eftir hönnunarferli. Greint og rætt að <b>nokkru leyti</b> viðfangsefni sitt og notað til þess algeng hugtök. Með <b>aðstoð</b> valið umhverfisvæn efni í verkefni sín. Valið með <b>leiðsögn</b> réttar vinnustellingar, valið að jafnaði réttan hlífðarbúnað og gengið frá eftir vinnu sína. Að <b>einhverju leyti</b> sagt frá vinnu með íslenskt hráefni í tengslum við sögu og menningu.

#### 4. bekkur.

A	Nemandi getur unnið <b>sjálfstætt</b> og skipulega eftir forskrift og beitt réttum tækjum og tólum. Unnið <b>sjálfstætt</b> að verkefni byggt á eigin hugmynd að fullunninni afurð. Rætt viðfangsefni sitt af <b>öryggi</b> og nýtt sér algeng hugtök. <b>Útskýrt</b> kosti þess að velja umhverfisvæn efni úr nærumhverfi. Beitt viðeigandi vinnustellingum og sýnt af <b>öryggi</b> rétta notkun hlífðarbúnaðar. Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það.
B	Nemandi getur unnið skipulega eftir forskrift og beitt tækjum og tólum við hæfi. Unnið verkefni byggt á eigin hugmynd að fullunninni afurð. Rætt viðfangsefni sitt á skiljanlegan hátt og nýtt sér algeng hugtök. Valið umhverfisvæn efni úr nærumhverfinu. Beitt viðeigandi vinnustellingum og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar. Tengt íslenskt hráefni við verkefni sitt.
C	Nemandi getur með <b>aðstoð</b> unnið skipulega eftir forskrift og beitt <b>réttum</b> tækjum og tólum. Unnið verkefni byggt á eigin hugmynd í samvinnu eða með <b>aðstoð</b> að fullunninni afurð. Rætt viðfangsefni sitt á <b>nokkuð</b> skiljanlegan hátt og nýtt sér algeng hugtök. Með <b>aðstoð</b> valið umhverfisvæn efni úr nærumhverfi. Beitt <b>oftast</b> réttum vinnustellingum og sýnt að <b>jafnaði</b> rétta notkun hlífðarbúnaðar. Sagt að <b>einhverju leyti</b> frá íslensku hráefni.

#### Kafla 22. Náttúrugreinar.

Í þessum kafla er gerð grein fyrir menntagildi og megintilgangi náttúrugreina. Tekið er mið af grunnþáttunum sex sem fjallað er um í 2. kafla, áhersluþáttum í námi sem fjallað er um í 6. kafla og lykilhæfni sem skilgreind er í kafla 9.4 og 18. Sett eru fram hæfniviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar. A grundvelli hæfniviðmiða eru kennsluáferðir, námsefni og matsaðferðir valdar og skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla. Í lok kaflans eru sett fram matsviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Matsviðmiðum við lok 4. og 7. bekkjar er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skóla og eru einungis sett fram til að styðja við námsmat við lok yngsta stigs og miðstigs. Matsviðmið við lok 10. bekkjar er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk.

#### 22.1 Menntagildi og megintilgangur náttúrugreina.

Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni en einnig í viðhorfi til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis. Nám í náttúruvísindum á að stuðla að þekkingu, virðingu, ábyrgð og einstakri upplifun nemenda gagnvart náttúru, tækni, samfélagi og umhverfi. Þannig öðlast þeir þá hæfni sem til þarf til að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum er varða tengsl fólks og náttúru. Námið fléttar saman efnisþætti náttúrugreina og viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu, vinnubrögð og gildi náttúrugreina, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og getu til aðgerða.

Nemendur þurfa að fá tækifæri til að veita umhverfi sínu gaum, bera umhyggju fyrir því og læra að greina aðstæður hverju sinni. Íslensk náttúra og sérstaða hennar felur í sér margbreytileg námstækifæri fyrir nemendur.

Megintilgangur náms og kennslu á námssviðinu er að stuðla að því að nemendur átti sig á hvernig best er að beita þekkingu sinni og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það. Nemendur þurfa einnig að átta sig á að þekking verður ekki eingöngu byggð á beinum athugunum heldur líka á upplifun, ímyndunarafl, sköpun og samræðu og að vísindaleg þekking sé aldrei algild, endanleg eða óyggjandi. Traustur skilningur á náttúruvísindum og hlutverki þeirra innan nútímasamfélags telst vera veigamikill þáttur í þroska og menntun barna og unglunga. Hann snýst um að viðhalda og efla forvitni og áhuga þeirra á sjálfum sér, umhverfi sínu og fyrirbærum náttúrunnar.

Við skipulagningu náms og kennslu í náttúrugreinum skal unnið með öll hæfniviðmið á skólagöngu nemenda. Stuðla þarf að því að nemendur öðlist þá hæfni sem til er ætlast en hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni sem aflað hefur verið.

Hæfniviðmiðum í náttúrugreinum sem og öðrum námsgreinum er skipt í nokkra flokka. Flokkarnir eru ekki einangraðir innan námsgreina eða námssviðs heldur hlutar af samofinni heild þar sem hver flokkur getur haft gagn af hinum, innan og á milli námsgreina og námssviða, sem gefur tækifæri til heildstæðrar verkefnavinnu og samþættingar.

Kennsla í náttúruvísindum, sem getur jöfnum höndum farið fram innan- og utandyra, þarf að miða að því að nemendur þrói með sér góðan orðaforða og jákvætt viðhorf til námsgreinarinnar og því sé við haldið. Nemendur þurfa að fá tækifæri til að styrkja verklega færni sína, upplifa og njóta, skoða náttúruna og umhverfið og læra að veita því athygli, afla upplýsinga úr heimildum og athugunum og vinna úr þeim, miðla upplýsingum og treysta á forvitni sína til að þetta takist. Nemendur þurfa að fá þjálfun í og tileinka sér góð vinnubrögð, vinnuaðferðir og að greina skipulega frá niðurstöðum vinnu sinnar.

Kenna þarf nemendum að verða **vísindalæsir**, geta lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns og ánægju, notað hugtök **náttúruvísinda** í daglegu lífi, skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri og nýtt skilning sinn til að bæta heiminn í kringum sig.

## 22.2 Hæfniviðmið fyrir náttúrugreinar.

Hæfniviðmiðin eru sett fram í sex flokkum, þ.e. vinnulag náttúruvísinda sem á að vera gegnumgangandi í öllu námi og kennslu í námsgreininni, umhverfið, lífið, efnin, orkan og alheimurinn. Þótt hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni.

### Vinnulag náttúruvísinda.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Hugtök	notað einföld hugtök í náttúruvísindum við athuganir og í umræðu,	beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúruvísindum við athuganir, í umræðu og textaskrifum,	beitt hugtökum og heitum í náttúruvísindum við fjölbreyttar aðstæður,
Læsi á gögn og náttúruvísindatexta	lesið einfaldan náttúruvísindatexta og endursagt helstu atriði með eigin orðum,	lesið náttúruvísindatexta sér til gagns og endursagt með eigin orðum, túlkað myndrit og	lesið þyngri náttúruvísindatexta sér til gagns og ánægju og endursagt og rætt helstu atriði, lesið

	skoðað einfaldar myndir og sagt frá efninu,	skoðað myndefni um náttúrufræði, umorðað og nýtt til útskýringa,	út úr myndritum og myndefni um náttúrufræði, umorðað, túlkað og sett í margvíslegt samhengi,
Athuganir	framkvæmt einfaldar athuganir og skráð mælingar á hversdagslegum hlutum samkvæmt leiðbeiningum,	framkvæmt, skráð og safnað upplýsingum út frá einföldum athugunum og mælingum úti og inni samkvæmt fyrirmælum,	framkvæmt, skráð og safnað upplýsingum út frá athugunum og mælingum úti og inni, samkvæmt fyrirmælum og á eigin vegum,
Miðlun	kynnt niðurstöður einfaldra athugana og tekið þátt í umræðu um efnið,	kynnt niðurstöður rannsókna, útskýrt hvaða vinnubrögðum var beitt og tekið þátt í umræðu um efnið,	kynnt niðurstöður rannsókna, tekið þátt í gagnrýnum umræðum og metið gildi þess að vísindalegum upplýsingum sé miðlað á skýran hátt,
Vísindaleg vinnubrögð	sett fram spurningar, leitað svara um náttúruleg fyrirbæri og útskýrt valið viðfangsefni,	þekkt ferli vísindalegra vinnubrögða og unnið eftir þeim í stýrðum verkefnum,	sett fram vísindalega tilgátu og beitt margvíslegum vísindalegum vinnubrögðum til að kanna hana í þekkingarleit og úrvinnslu verkefna,
Eðli vísindalegrar þekkingar	rætt hvort tiltekið atriði í samræðu eða texta sé staðreynd eða skoðun í tengslum við náttúruvísindi,	rætt muninn á staðreynd og skoðun, tilgátu og kenningu í tengslum við náttúruvísindi,	skýrt muninn á staðreynd og skoðun, tilgátu og kenningu í tengslum við náttúruvísindi og sagt frá dæmum um vísindalega þekkingarsköpun,
Tengsl vísinda, tækni og menningar	útskýrt hvernig ákveðin tæki og búnaður geta hjálpað mannum að afla upplýsinga og hafa áhrif á heiminn.	rætt valin dæmi um samspil tækni, þekkingar og framfara og hvernig hugmyndir manna um heiminn hafa breyst með aukinni þekkingu.	tekið þátt í umræðu um hvernig náttúruvísindi bæði móta og mótast af tækni, menningu og heimsmynd mannsins.



**Umhverfið.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Hringrásir efna og orku	nefnt dæmi um samspil lífvera og lífvana þátta,	lýst samspili lífvera og lífvana þátta,	lýst hringrás efna og orku, náttúrulegum ferlum og flæði orku í náttúrunni,
Vistkerfi	skoðað og kannað helstu vistkerfi í nærumhverfi sínu,	lýst mismunandi vistkerfum og nefnt dæmi um áhrif sem nýjar tegundir geta haft á umhverfi sitt,	útskýrt þarfir lífvera og rætt á gagnrýninn hátt um þróun ólíkra vistkerfa,
Líffræðileg fjölbreytni	gert sér grein fyrir fjölbreytni innan tegunda og milli tegunda,	áttað sig á gildi líffræðilegrar fjölbreytni og tengslum við velferð manna og dýra,	útskýrt gildi líffræðilegrar fjölbreytni og tengsl við velferð manna, dýravernd, sjálfbæra þróun og vistkerfin,
Náttúruvernd	sagt frá og áttað sig á náttúruvernd í nærumhverfi sínu,	rætt um og skilið ástæður náttúruverndar,	fjallað um og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta sem tengjast náttúruvernd,
Veðurfar	gert sér grein fyrir nokkrum einkennum veðurfars í nærumhverfi,	lýst helstu sérkennum veðurfars við Ísland,	útskýrt loftslag, vinda og hafstrauma jarðar,
Loftslagsbreytingar	fjallað um hvaða hlutverki lofthjúpurinn gegnir fyrir líf á jörðinni,	útskýrt gróðurhúsaáhrif og tengsl við loftslagsbreytingar,	útskýrt loftslagsbreytingar, ástæður, afleiðingar og mótvægisáðgerðir,
Náttúruauðlindir og sjálfbær nýting	tekið þátt í umræðu um hvernig maðurinn nýtir náttúruna,	áttað sig á mikilvægi þess að nýta náttúruauðlindir án þess að ganga um of á þær,	gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun, sjálfbæra nýtingu og rýnt í eigin neysluvenjur,
Einstaklingurinn og umhverfið	gengið vel um umhverfið og átti sig á mikilvægi þess,	rætt valin dæmi um tengsl einstaklinga, nærumhverfis og umhverfismála á heimsvísu,	rætt á gagnrýninn hátt tengsl einstaklinga, nærumhverfis og umhverfismála á heimsvísu,

Geta til aðgerða	komið með hugmyndir að aðgerðum sem tengjast náttúruvernd og tekið þátt í verkefnum í nærumhverfi sínu.	skipulagt og tekið þátt í aðgerðum er varða náttúruvernd og umhverfismál í nærumhverfi sínu.	skipulagt og tekið þátt í aðgerðum er varða náttúruvernd og umhverfismál í nærumhverfi og í alþjóðlegu samhengi.
------------------	---	--	--

**Lífið.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Upplifun af náttúrunni	sagt frá eigin upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi,	lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi,	gert grein fyrir tengslum sínum við aðrar lífverur og eigin athugunum á hegðun þeirra,
Flokkun og lífsskilyrði lífvera	rætt um helstu einkenni lífvera og lífsskilyrði þeirra,	útskýrt helstu einkenni og lífsskilyrði lífvera og tekið dæmi um tengsl þeirra innbyrðis,	útskýrt einkenni og lífsskilyrði lífvera og flokkun þeirra eftir skyldleika,
Örverur	gert sér grein fyrir tilvist örvera í umhverfinu sem geta ýmist verið gagnlegar eða skaðlegar,	nefnt dæmi um gagn og skaðsemi örvera,	þekkt gagn og skaðsemi örvera,
Frumur	gert sér grein fyrir að allar lífverur eru gerðar úr frumum,	áttað sig á að frumur eru grunneining lífs á jörðinni,	útskýrt gerð frumna, líffæri þeirra og starfsemi,
Þróun	áttað sig á að lífverur hafa tekið breytingum frá upphafi lífs á jörðu,	nefnt dæmi um náttúruval og aðlögun,	fjallað um þróun lífvera og tekið dæmi um hvernig lífverur hafa aðlagast umhverfi sínu,
Erfðir		skilið að lífverur erfa einkenni forfedra sinna,	útskýrt hvernig einkenni erfast á milli kynslóða,
Bygging og starfsemi plantna	lýst ytri byggingu á helstu hlutum plantna,	sagt frá hvernig plöntur nýta ljóstillifun til að afla næringar,	gert grein fyrir fjölbreytileika plantna, starfsemi mismunandi plöntuhópa og mikilvægi þeirra fyrir kolefnisbindingu,

Bygging og starfsemi sveppa	lýst ytri byggingu á helstu hlutum sveppa,	sagt frá rotverum og hvernig sveppir afla næringar,	gert grein fyrir fjölbreytileika sveppa, starfsemi mismunandi tegunda og hvernig þeir taka þátt í samskiptum milli plantna,
Bygging og starfsemi dýra	lýst helstu einkennum valinna dýra,	sagt frá einkennum helstu hópa dýra,	gert grein fyrir fjölbreytileika dýra og mismunandi einkennum,
Líffæri og líffærakerfi	lýst byggingu og starfsemi mannslíkamans á einfaldan hátt,	lýst helstu líffærakerfum mannslíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum,	lýst hlutverki og samspili helstu líffæra og líffærakerfa mannslíkamans,
Kynheilbrigði	tjáð sig á einfaldan hátt um einkastaði líkamans og borið virðingu fyrir þeim,	lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna,	rætt kynheilbrigði, kynvitund, ábyrga hegðun í kynlífi, mikilvægi þess að virða mörk, tilfinningar og tilgang getnaðarvarna,
Heilsa	rætt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu, hvíldar og svefns.	rætt hvernig einstaklingur getur stuðlað að líkamlegu og andlegu heilbrigði.	útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð, líkamlegu og andlegu heilbrigði með ábyrgri neyslu, hegðun og samskiptum.

**Efni.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Uppbygging efna	þekkt og flokkað algeng efni og lýst helstu eiginleikum þeirra,	útskýrt að allt er búið til úr frumeindum og sameindum,	þekkt uppbyggingu frumeinda og sameinda og myndun jóna,
Varðveisla massa	með athugun sýnt fram á að efni geta skipt um form og breyst en hverfa ekki,	nefnt dæmi um varðveislu massa og tengt við hversdagslega atburði,	útskýrt varðveislu massa, tengt við hegðun efna og frumeindakennunguna,
Lotukerfið	bent á algengustu frumefni og efnasambönd,	notað algeng efnatákn í umfjöllun um lotukerfið og efni í umhverfi sínu,	útskýrt uppbyggingu lotukerfisins og tengt við eiginleika efna,

Efnajöfnur		þekkt algengar formúlur efnasambanda sem birtast í daglegu lífi,	þekkt heiti algengra frumefna og efnasambanda og unnið með þau í efnajöfnum,
Efnabreytingar og eiginleikar efna	framkvæmt og útskýrt einfaldar tilraunir um efnabreytingar og hamskipti,	gert grein fyrir efnabreytingum og hamskiptum og útskýrt með dæmum,	lýst efnabreytingum og samspili þeirra við hitastig og orku, m.a. með efnajöfnum,
Leysni	rannsakað leysni algengra efna á heimilinu,	fjallað um hugtakið leysni og tengt við athafnir í daglegu lífi,	unnið með leysni mismunandi efna í vökvum og lofttegundum,
Sýrustig	þekkt dæmi um hættuleg efni á heimilinu.	þekkt muninn á sýru og basa.	útskýrt og unnið með pH kvarðann.

**Orkan.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Orka	framkvæmt og fjallað um athuganir sem tengjast algengustu orkuformum í umhverfi sínu,	lýst helstu orkuformum og lýst einföldum dæmum um varðveislur orkunnar,	gert grein fyrir orku í mismunandi formum og tengt við varðveislur orkunnar,
Nýting orku	nefnt dæmi um uppruna orku og tekið þátt í umræðu um orkusparnað,	rætt dæmi um framleiðslu og nýtingu á orku í daglegu lífi,	lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku og lýst áhrifum á umhverfi og náttúru,
Varmi	útskýrt muninn á heitu og köldu með einföldum tilraunum,	sýnt skilning á hugtökunum varmi og hitastig og tengt þau við daglegt líf,	útskýrt mismunandi varmaflutning og samspil varma og hitastigs,
Rafmagn og segulmagn	kannað eiginleika segla,	lýst eiginleikum segla og notkun þeirra og kannað eiginleika rafhlaðinna hluta,	útskýrt stöðurafmagn og tengsl rafmagns og segulmagns,
Rafmagn og rafrásir	sagt frá þróun algengra rafmagnstækja,	framkvæmt einfaldar athuganir á rafrásum og útskýrt hvernig rafmagn verður til,	útskýrt einfaldar rafrásir,

Bylgjur	skoðað hljóð og ljós og lýst einföldum eiginleikum þeirra,	lýst eiginleikum hljóðs og ljóss og ýmsum fyrirbærum með tilliti til hljóðs og lita,	útskýrt bylgjur rafsegulrófsins og hljóðs og lýst eiginleikum þeirra,
Gagn og skaðsemi bylgna	framkvæmt og fjallað um athuganir á sýnilegum bylgjum,	rætt um gagnsemi og hættur við helstu bylgjur í nærumhverfinu,	gert grein fyrir gagnsemi og hættum við bylgjur,
Kraftar og hreyfing	framkvæmt og fjallað um athuganir sem tengjast kröftum sem birtast í daglegu lífi,	þekkt og fjallað um hreyfingu og einfaldar tegundir krafta,	útskýrt helstu kraftalögmál sem verka í daglegu lífi manna,
Massi	áttað sig á að efni hafa massa og stærð.	áttað sig á muninum á massa og rúmmáli og helstu mælieiningum þessara eiginleika.	mælt og reiknað eðlismassa efna og útskýrt muninn á massa og þyngd.

**Alheimurinn.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Jörðin	gert grein fyrir ástæðum dægarskipta,	útskýrt árstíðirnar og dægarskipti út frá stöðu jarðar í sólkerfinu,	gert grein fyrir stöðu og hreyfingu jarðar og áhrifum hennar á líf á jörðu,
Mótun lands	nefnt dæmi um hvernig land verður til og mótast,	lýst hvernig náttúruöfl hafa áhrif á myndun og mótun lands,	útskýrt hvernig land hefur myndast og mótast á jarðsögulegum tíma,
Hamfarir	nefnt dæmi um náttúruhamfarir sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð,	lýst helstu sérkennum náttúruhamfara sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð,	útskýrt hvar og af hverju helstu náttúruhamfarir verða sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð,
Tunglið	bent á hvernig tunglið tekur breytingum yfir mánuðinn,	lýst gangi tunglsins um jörðina,	gert grein fyrir áhrifum tunglsins á jörðina,
Sólkerfið	fjallað um helstu hnetti í sólkerfinu,	gert grein fyrir uppbyggingu sólkerfisins,	þekkt eiginleika sólkerfisins og gert grein fyrir myndun, stöðu og hreyfingu sólkerfa,

Alheimurinn	gert sér grein fyrir að flestar stjórnur á himninum eru sólar í öðrum sólkerfum.	gert grein fyrir staðsetningu jarðarinnar í vetrarbrautinni.	gert grein fyrir myndun og þróun stjarna.
-------------	--	--	---

### 22.3 Matsviðmið fyrir náttúruvísindi.

Matsviðmið eru sett fram fyrir allar námsgreinar og námssvið við lok 4., 7. og 10. bekkjar og eru þau lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu. Skólum ber að setja matsviðmið fyrir námsgreinar og námssvið annarra árganga og gera grein fyrir þeim í skólanámskrá.

Matsviðmið eru birt á A–D matskvarða. A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C. Gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni sem tilgreind er í B, hæfni náð, þar sem þau eru byggð á hæfniviðmiðum árgangsins.

A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og C þeir sem ekki standast fyllilega þær kröfur sem gerðar eru í B viðmiðum. Ekki eru sett viðmið fyrir D en sá vitnisburður er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C viðmiðum. Skóli gerir þá sérstaka grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda.

A–D matskvarða og matsviðmið er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk.

A–D matskvarða og matsviðmiðum við lok 4. og 7. bekkjar er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skóla og eru einungis sett fram til að styðja við námsmat við lok yngsta stigs og miðstigs. Matsviðmið hvers námstímabils skulu byggð á hæfniviðmiðum og þeim námsmarkmiðum sem unnið hefur verið að. Mestu skiptir að meta í lok námstímabils það sem til var ætlast samkvæmt matsviðmiðunum.

Matsniðurstöður þarf að byggja á traustum matsgögnum og fjölbreyttum námsmatsaðferðum til þess að nemendur, foreldrar og skóli fái sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra.

### 10. bekkur.

A	Nemandi getur á <b>greinargóðan</b> hátt beitt algengustu hugtökum náttúruvísinda, lesið, <b>greint</b> , túlkað og tjáð sig <b>skipulega og á sjálfstæðan</b> hátt um texta og myndefni tengt náttúru, vísindum og tækni. Framkvæmt athuganir og tilraunir á <b>sjálfstæðan</b> hátt, skráð niðurstöður, dregið með <b>greinargóðum</b> hætti ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota <b>fjölbreytt</b> sjónarhorn. Metið og greint <b>skipulega og á skýran</b> hátt upplýsingar sem tengjast náttúruvísindum og gert <b>góða</b> grein fyrir áhrifum náttúruvísinda á þekkingarsköpun, tækniþróun og daglegt líf fólks. Lýst <b>ítarlega</b> hringrás efna og orku í náttúrunni og þörfum lífvera í ólíkum vistkerfum, gert <b>góða</b> grein fyrir áhrifum mannsins á hringrásir og ferla í náttúrunni. <b>Greint, útskýrt vel</b> og rætt á <b>gagnrýninn og sjálfstæðan</b> hátt málefni sem tengjast umhverfinu, náttúruvernd og loftslagsbreytingum og gert <b>mjög góða</b> grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru, <b>rökrætt</b> af góðum skilningi eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélagsins og <b>haft frumkvæði</b> að skipulagningu aðgerða til úrbóta. Aflað sér <b>fjölbreyttra</b> upplýsinga um einkenni og þróun lífvera og gert <b>mjög góða</b> grein fyrir þeim. Rætt á gagnrýninn og <b>sjálfstæðan</b> hátt um heilsu og kynheilbrigði út frá <b>mjög góðri</b> þekkingu á líkama mannsins. <b>Greint og útskýrt</b> uppbyggingu efna og <b>útskýrt á sjálfstæðan hátt</b> ólíka eiginleika þeirra. <b>Rökrætt</b> hvernig notagildi efna tengist virkni þeirra við ólíkar aðstæður. <b>Útskýrt á greinargóðan</b> hátt varðveislu orkunnar, gert grein fyrir ólíkum orkuformum og rætt á <b>gagnrýninn og skipulegan</b> hátt um nýtingu mannsins á orku. Framkvæmt athuganir á rafmagni, bylgjum og kröftum á <b>sjálfstæðan</b> og <b>öruggan</b> hátt og útskýrt <b>mjög vel</b> . Fjallað með <b>skýrum</b> hætti um uppbyggingu lands og þá náttúruferla sem hafa áhrif þar á. Útskýrt á <b>greinargóðan</b> hátt stöðu jarðar, áhrif tunglsins og uppbyggingu sólkerfisins. Fjallað <b>skýrt og skipulega</b> um helstu fyrirbæri í alheiminum.
---	--

B	<p>Nemandi getur á skýran hátt beitt algengustu hugtökum náttúruvísinda, lesið, greint, túlkað og tjáð sig á skýran hátt um texta og myndefni tengt náttúru, vísindum og tækni. Framkvæmt athuganir og tilraunir með öruggum hætti, skráð niðurstöður, dregið á skýran hátt ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn. Metið og greint á skýran hátt upplýsingar sem tengjast náttúruvísindum og gert grein fyrir áhrifum náttúruvísinda á þekkingarsköpun, tækniþróun og daglegt líf fólks. Lýst hringrás efna og orku í náttúrunni og þörfum lífvera í ólíkum vistkerfum, gert grein fyrir áhrifum mannsins á hringrásir og ferla í náttúrunni. Greint, útskýrt og rætt á gagnrýninn hátt málefni sem tengjast umhverfinu, náttúruvernd og loftslagsbreytingum og gert góða grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru, rætt af góðum skilningi eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélagsins og skipulagt aðgerðir til úrbóta. Aflað sér upplýsinga um einkenni lífvera og þróun og gert góða grein fyrir þeim. Rætt á gagnrýninn hátt um heilsu og kynheilbrigði út frá þekkingu á líkama mannsins. Gert skýra grein fyrir uppbyggingu efna og ólíkum eiginleikum þeirra. Rætt hvernig notagildi efna tengist virkni þeirra við ólíkar aðstæður. Gert góða grein fyrir varðveislu orkunnar, ólíkum orkuformum og rætt á gagnrýninn hátt um nýtingu mannsins á orku. Framkvæmt athuganir á rafmagni, bylgjum og kröftum á öruggan hátt og útskýrt þær. Sagt frá uppbyggingu lands og þeim náttúruferlum sem hafa áhrif þar á. Útskýrt á skýran hátt stöðu jarðar, áhrif tunglsins og uppbyggingu sólkerfisins. Fjallað um helstu fyrirbæri alheimsins.</p>
C	<p>Nemandi getur að <b>nokkru leyti</b> beitt algengustu hugtökum náttúruvísinda, lesið, <b>greint</b>, túlkað og tjáð sig að <b>vissu marki</b> um texta og myndefni tengt náttúru, vísindum og tækni. Framkvæmt athuganir og tilraunir <b>undir leiðsögn</b>, skráð niðurstöður, dregið ályktanir af gögnum og <b>útskýrt</b>. Metið og <b>greint nokkuð vel</b> upplýsingar sem tengjast náttúruvísindum og gert grein fyrir áhrifum náttúruvísinda á þekkingarsköpun, tækniþróun og daglegt líf fólks. Lýst <b>sæmilega</b> hringrás efna og orku í náttúrunni og þörfum lífvera í <b>einhverjum</b> vistkerfum, gert <b>nokkra grein</b> fyrir áhrifum mannsins á hringrásir og ferla í náttúrunni. <b>Útskýrt</b> og rætt málefni sem tengjast umhverfi sínu, náttúruvernd og loftslagsbreytingum og gert <b>nokkra</b> grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru, <b>sagt frá</b> eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélagsins og <b>tekið þátt</b> í aðgerðum til úrbóta. Aflað sér <b>einhverra</b> upplýsinga um einkenni og þróun lífvera og gert <b>nokkra</b> grein fyrir þeim. Rætt um heilsu og kynheilbrigði út frá þekkingu á líkama mannsins. Gert að <b>nokkru leyti</b> grein fyrir uppbyggingu efna og eiginleikum þeirra. Rætt <b>dæmi</b> um hvernig notagildi efna tengist virkni þeirra við <b>ákveðnar</b> aðstæður. <b>Gert grein fyrir</b> varðveislu orkunnar, ólíkum orkuformum og <b>rætt um</b> nýtingu mannsins á orku. Framkvæmt athuganir á rafmagni, bylgjum og kröftum <b>nokkuð vel</b> og útskýrt að <b>nokkru leyti</b>. Sagt að <b>vissu marki</b> frá uppbyggingu lands og þeim náttúruferlum sem hafa áhrif þar á. Útskýrt að <b>nokkru leyti</b> stöðu jarðar, áhrif tunglsins og uppbyggingu sólkerfisins. Fjallað að <b>nokkru leyti</b> um helstu fyrirbæri í alheiminum.</p>

## 7. bekkur.

A	<p>Nemandi getur notað hugtök náttúruvísinda á <b>skipulagðan og skýran</b> hátt við verkefnavinnu, lesið sér til, greint frá og útskýrt <b>á skýran og ítarlegan hátt</b> náttúruvísindatexta og -myndefni. Framkvæmt athuganir og tilraunir á <b>sjálfstæðan</b> og öruggan hátt, nýtt niðurstöður til <b>skipulegrar og fjölbreyttrar</b> framsetningar á tölulegum gögnum og mælingum. Sagt með <b>gagnrýnum hætti</b> frá niðurstöðum sem tengjast náttúruvísindum og tengt við tækniþróun og daglegt líf fólks. Lýst <b>á greinargóðan hátt</b> samspili ólíkra þátta í náttúrunni og þörfum lífvera í ólíkum vistkerfum. Gert <b>mjög góða</b> grein fyrir áhrifum mannsins á náttúruna. Greint á <b>gagnrýninn hátt</b> málefni sem tengjast umhverfinu, náttúruvernd og loftslagsbreytingum, rætt <b>á sjálfstæðan hátt</b> áhrif þeirra á lífsgæði og náttúru, <b>rökrætt</b> eigin lífssýn í tengslum við umhverfismál og haft <b>frumkvæði</b> að</p>
---	---

	<p>skipulagningu aðgerða til úrbóta. Aflað sér <b>fjölbreyttra</b> upplýsinga um einkenni lífvera og fjölbreytileika og gert <b>góða</b> grein fyrir þeim. Rætt af virðingu og á <b>sjálfstæðan hátt</b> um heilsu og kynheilbrigði út frá þekkingu á líkama mannsins. Útskýrt á <b>skýran og greinargóðan hátt</b> uppbyggingu algengra efna og helstu eiginleika þeirra. <b>Rökrætt af góðum skilningi</b> dæmi um notagildi efna og tengt við ólíkar aðstæður. Gert <b>góða grein</b> fyrir helstu orkuformum og á <b>gagnrýninn</b> hátt tengt þau við daglegt líf. Framkvæmt athuganir á rafmagni og kröftum á skipulegan og <b>sjálfstæðan hátt</b> og útskýrt <b>mjög vel</b>. Útskýrt á <b>greinargóðan hátt</b> árstíðir á jörðu og birtingarmyndir tunglsins með tilliti til stöðu þeirra í sólkerfinu og hvernig náttúruöfl móta landið.</p>
B	<p>Nemandi getur notað hugtök náttúruvísinda á skýran hátt við verkefnavinnu, lesið sér til, greint frá og útskýrt með skýrum hætti náttúruvísindatexta og -myndefni.</p> <p>Framkvæmt athuganir og tilraunir á öruggan hátt, nýtt niðurstöður til skipulegrar framsetningar á tölulegum gögnum og mælingum. Sagt á skýran hátt frá niðurstöðum sem tengjast náttúruvísindum og tengt við tækniþróun og daglegt líf fólks. Lýst samspili ólíkra þátta í náttúrunni og þörfum lífvera í ólíkum vistkerfum. Gert grein fyrir áhrifum mannsins á náttúruna. Greint málefni sem tengjast umhverfinu, náttúruvernd og loftslagsbreytingum, rætt áhrif þeirra á lífsgæði og náttúru, rætt eigin lífssýn í tengslum við umhverfismál og skipulagt einfaldar aðgerðir til úrbóta. Aflað sér helstu upplýsinga um einkenni lífvera og fjölbreytileika og gert grein fyrir þeim. Rætt af virðingu um heilsu og kynheilbrigði út frá þekkingu á líkama mannsins. Útskýrt uppbyggingu algengra efna og helstu eiginleika þeirra. Rætt dæmi um notagildi efna og tengt við ólíkar aðstæður.</p> <p>Lýst helstu orkuformum og tengt þau við daglegt líf. Framkvæmt athuganir á rafmagni og kröftum á skipulegan hátt og útskýrt. Útskýrt árstíðir á jörðu og birtingarmyndir tunglsins með tilliti til stöðu þeirra í sólkerfinu og hvernig náttúruöfl móta landið.</p>
C	<p>Nemandi getur notað hugtök náttúruvísinda að <b>nokkru leyti</b> við verkefnavinnu, lesið sér til, greint frá og útskýrt að <b>nokkru leyti</b> náttúruvísindatexta og -myndefni. Framkvæmt athuganir og tilraunir með <b>leiðsögn</b>, nýtt niðurstöður til <b>nokkuð góðrar</b> framsetningar á tölulegum gögnum og mælingum. Rætt að <b>vissu marki</b> um niðurstöður sem tengjast náttúruvísindum og tengt við <b>dæmi um</b> tækniþróun og daglegt líf fólks. Lýst <b>völdum dæmum</b> um samspil ólíkra þátta í náttúrunni og þörfum lífvera í vistkerfum. Gert <b>nokkuð góða</b> grein fyrir áhrifum mannsins á náttúruna. <b>Útskýrt að nokkru leyti</b> málefni sem tengjast umhverfinu, náttúruvernd og loftslagsbreytingum, rætt að <b>nokkru leyti</b> áhrif þeirra á lífsgæði og náttúru, <b>sagt frá</b> eigin lífssýn í tengslum við umhverfismál og <b>tekið þátt í</b> einföldum aðgerðum til úrbóta. Aflað sér með <b>leiðsögn</b> upplýsinga um einkenni lífvera og fjölbreytileika og gert <b>nokkra</b> grein fyrir þeim. Rætt að <b>vissu marki</b> um heilsu og kynheilbrigði út frá þekkingu á líkama mannsins. <b>Sagt frá</b> uppbyggingu algengra efna og eiginleikum þeirra. Getur að <b>nokkru leyti</b> rætt dæmi um notagildi efna og tengt við ólíkar aðstæður. <b>Bent á</b> helstu orkuform og tengt þau við daglegt líf. Framkvæmt athuganir á rafmagni og kröftum. Útskýrt að <b>nokkru leyti</b> árstíðir á jörðu og birtingarmyndir tunglsins með tilliti til stöðu þeirra í sólkerfinu og hvernig náttúruöfl móta landið.</p>



## 4. bekkur.

A	<p>Nemandi getur á <b>öruggan hátt</b> sagt frá hugtökum náttúruvísinda, lesið með <b>góðum skilningi</b> og endursagt á <b>skýran hátt</b> einfaldan náttúruvísindatexta og -myndefni. Farið á öruggan og <b>sjálfstæðan</b> hátt eftir leiðbeiningum tengdum athugunum og mælingum, kannað náttúruleg viðfangsefni á <b>skipulagðan</b> hátt og deilt niðurstöðum með <b>skýrum</b> hætti. Lýst á <b>greinargóðan hátt</b> nærumhverfi sínu og stöðu lífvera í vistkerfum, rætt á <b>sjálfstæðan hátt</b> um umgengni mannsins um náttúruna og <b>sett fram</b> hugmyndir að aðgerðum sem vernda náttúruna. Sagt á <b>greinargóðan hátt</b> frá einkennum lífvera og fjölbreytileika þeirra, lýst byggingu mannlíkamans <b>mjög vel</b>, rætt á <b>sjálfstæðan hátt</b> um heilbrigða lífshætti og ábyrgð á eigin líkama. <b>Sagt frá</b> völdum efnum og lýst eiginleikum þeirra á <b>skýran</b> hátt. Rætt á <b>greinargóðan hátt</b> um notagildi valinna efna og gert athuganir á þeim á <b>sjálfstæðan hátt</b>. <b>Útskýrt</b> algengustu orkuformin í nærumhverfinu og tengt þau á <b>greinargóðan hátt</b> við daglegt líf. Framkvæmt á <b>sjálfstæðan hátt</b> og <b>útskýrt vel</b> einfaldar athuganir á rafmagni og kröftum. Fjallað um dægraskiptin af <b>öryggi</b> og greint með <b>skýrum og skipulögðum hætti</b> frá sólkerfinu. Sagt á <b>greinargóðan hátt</b> frá náttúruöflum sem móta land.</p>
B	<p>Nemandi getur á <b>skýran hátt</b> sagt frá hugtökum náttúruvísinda, lesið og endursagt aðalatriði úr einföldum náttúruvísindatexta og -myndefni. Farið á öruggan hátt eftir leiðbeiningum tengdum athugunum og mælingum, kannað náttúruleg viðfangsefni og deilt niðurstöðum. Lýst nærumhverfi sínu og stöðu lífvera í völdum vistkerfum, rætt um umgengni mannsins um náttúruna og hugmyndir að aðgerðum sem vernda náttúruna.</p> <p>Sagt frá helstu einkennum lífvera og fjölbreytileika þeirra, lýst byggingu mannlíkamans, rætt um heilbrigða lífshætti og ábyrgð á eigin líkama. Nefnt valin efni og sagt frá eiginleikum þeirra. Rætt um notagildi valinna efna og gert einfaldar athuganir á þeim. Sagt frá algengustu orkuformum í nærumhverfinu og tengt þau við daglegt líf. Framkvæmt og fjallað um einfaldar athuganir á rafmagni og kröftum. Fjallað um dægraskiptin með <b>skýrum</b> hætti og greint frá sólkerfinu. Sagt frá náttúruöflum sem móta land.</p>
C	<p>Nemandi getur að <b>nokkru leyti</b> sagt frá <b>völdum</b> hugtökum náttúruvísinda, lesið og endursagt að <b>einhverju leyti</b> einfaldan náttúruvísindatexta og -myndefni. Farið með <b>stuðningi</b> eftir leiðbeiningum tengdum athugunum og mælingum, kannað náttúruleg viðfangsefni að <b>vissu marki</b> og deilt niðurstöðum. Lýst nærumhverfi sínu og <b>nefnt dæmi</b> um stöðu lífvera í völdum vistkerfum, rætt að <b>nokkru leyti</b> um umgengni mannsins um náttúruna og hugmyndir að aðgerðum sem vernda náttúruna. Sagt frá <b>nokkrum</b> einkennum lífvera og <b>nefnt dæmi um</b> fjölbreytileika þeirra, lýst að <b>nokkru leyti</b> byggingu mannlíkamans, rætt að <b>vissu marki</b> um heilbrigða lífshætti og ábyrgð á eigin líkama. <b>Bent á</b> valin efni og sagt að <b>einhverju leyti</b> frá eiginleikum þeirra. Rætt að <b>nokkru leyti</b> um notagildi valinna efna og gert einfaldar athuganir á þeim með <b>leiðsögn</b>. <b>Nefnt dæmi</b> um orkuform í nærumhverfinu og tengt þau að <b>einhverju leyti</b> við daglegt líf. Framkvæmt með <b>stuðningi</b> og fjallað að <b>nokkru leyti</b> um einfaldar athuganir á rafmagni og kröftum.</p> <p>Fjallað um dægraskiptin að <b>nokkru leyti</b> og greint frá <b>völdum atriðum</b> tengdum sólkerfinu. Sagt að <b>vissu marki</b> frá náttúruöflum sem móta land.</p>

## Kafli 23. Skólaíþróttir.

Í þessum kafla er gerð grein fyrir menntagildi og megintilgangi skólaíþróttanna sem felur í sér íþróttir, líkamsrækt og sund. Tekið er mið af grunnþáttunum sex sem fjallað er um í 2. kafla, áhersluþáttum í námi sem fjallað er um í 6. kafla og lykilhæfni sem skilgreind er í kafla 9.4 og 18. Sett eru fram hæfniviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Á grundvelli hæfniviðmiðanna eru kennsluáðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar og skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla. Í lok kaflans eru sett fram matsviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Matsviðmiðum við lok 4. og 7. bekkjar er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skóla og eru þau einungis sett fram til að styðja við námsmat við lok yngsta stigs og miðstigs. Matsviðmið við lok 10. bekkjar er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk.

### 23.1 Menntagildi og megintilgangur skólaíþróttanna.

Skólaíþróttir, ásamt grunnþættinum heilbrigði og velferð, gegna veigamiklu hlutverki í heilsuuppeldi og heilsurækt nemandans allan grunnskólann. Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan sem ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Því skal skólustarf skipulagt með það í huga að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan nemenda. Öll hreyfing, hvort sem um er að ræða tilfallandi eða skipulagða þátttöku, miðar að því að viðhalda eða bæta líkamlega færni, andlega vellíðan og heilbrigði, stuðla að félagslegum tengslum eða að ná árangri í keppnis- og afreksíþróttum á öllum stigum.

Með íþróttum og líkamsrækt má þjálfa og efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda, kenna markmiðasetningu og streitustjórnun, skapa þeim aðstæður til heilbrigðra lífshátta og þróa seiglu og þrautseigju. Íslensk náttúra og útinám er kjörinn vettvangur fyrir hreyfingu og ýmiss konar íþróttir og áhersla skal lögð á að kynna fyrir nemendum íþróttaiðkun úti við allt árið. Sundiðkun er heilsueflandi hreyfing og góð leið til heilsuþótar.

Megintilgangur náms og kennslu námssviðsins er að nemendur fái fræðslu um og tækifæri til markvissrar heilsuræktar og heilsueflingar og öðlist skilning á mikilvægi þeirra fyrir líkamlega, andlega og félagslega vellíðan. Markviss hreyfing og beiting líkamans í íþróttum og líkamsrækt er mikilvægur hluti heilbrigðis, heilsuræktar og heilsueflingar sem nemendur þurfa á að halda í daglegu lífi, leik og starfi. Þannig öðlast nemendur innsýn og fræðslu í fjölbreyttum íþróttagreinum. Með því að samþætta hreyfingu og heilsueflandi umhverfi inn í allt skólustarf skapast möguleiki til að ná fram jákvæðum skólabrag og hlúa að þroska og heilbrigði hvers einstaklings frá sem flestum hliðum.

Kennsla þarf að miða að því að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til og þrói með sér trú á mikilvægi hreyfingar, heilsuræktar og heilsueflingar og þessum þáttum sé við haldið. Til að bregðast við mismunandi þörfum nemenda þarf að gæta að jöfnum tækifærum þeirra, taka mið af einstaklingsbundnum þörfum og íhuga stöðu mismunandi hópa út frá jafnréttis- og mannréttindasjónarmiðum.

Nemendur þurfa að fá tækifæri til að njóta styrkleika sinna og áhugasviða og byggja þannig upp jákvæða sjálfmynd og efla sjálfstraust sitt. Mikilvægt er að nýta áhugamál nemenda til að hvetja til hreyfingar og heilbrigðis og þjálfa þá í að taka ákvarðanir um eigið heilbrigði, skynja áhrif hreyfingar og heilsueflingar á andlega og líkamlega vellíðan og öðlast skilning á hvaða þættir geta haft áhrif á heilsu þeirra og líðan til lífstíðar.

Fræða þarf nemendur um vellíðan, heilsueflingu og heilbrigði, hreyfingu og hreyfifærni og skapa þeim öruggt umhverfi sem hvetur til hreyfingar.

Byggja þarf kennsluna á markvissri hreyfiþjálfun með áherslu á daglega hreyfingu sem leggur grunn að heilsu og velferð nemenda til lífstíðar.

Útikennsla gefur tækifæri til að nýta öll skynfæri með því að tengja viðfangsefni ýmsum þáttum námsviða og námsgreina samhliða hreyfiþjálfun. Þannig er útikennsla góð viðbót við skipulega kennslu skólaíþróttanna ásamt því að skapa tækifæri til samþættingar við önnur námssvið.

Fjölbreytt hreyfinám á sér stað við útiveru, einkum í náttúrulegu umhverfi. Útikennsla gefur gott tækifæri til að tengja heilsuuppeldi og sjálfbærni í lifnaðarháttum. Nemendur þurfa að þekkja, skilja og virða náttúruna og næsta umhverfi sitt, manngert eða náttúrulegt. Nemendur læra að klæðast eftir veðri og undirbúa sig með nesti og viðeigandi búnað. Ratvísi, skipulag og stjórnun eru mikilvægir þættir sem nást fram með útivistarferðum. Einnig er kjörið að nýta virka ferðamáta milli heimilis og skóla eftir því sem nokkur er kostur, þ.e. með því að ganga eða hjóla í skólann.

Með kennslu íþróttagreina nást mörg markmið í einu, bæði líkamleg, félagsleg og andleg. Það mikilvægasta er þó gleðin og löngunin til að taka þátt og hreyfa sig meira, bæta líkamsástand og auka sjálfstraust. Með því að glíma við ögrandi verkefni lærist að þjálfun og ástundun gefur árangur jafnt í íþróttum sem öðru námi og persónulegir eiginleikar eins og seigla, sjálfsagi og yfirvegun eflast.

Við skipulagningu náms og kennslu í skólaíþróttum skal unnið með öll hæfniviðmið á skólagöngu nemenda. Stuðla þarf að því að nemendur öðlist þá hæfni sem til er ætlast en hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni sem aflað hefur verið.

Hæfniviðmiðum námssviðsins er skipt í nokkra flokka. Flokkarnir eru ekki einangraðir innan námsgreina eða námssviðs heldur hlutar af samofinni heild þar sem hver flokkur getur haft gagn af hinum, innan og á milli námsgreina og námssviða, sem gefur tækifæri til heildstæðrar verkefnavinnu og samþættingar.

Hæfniviðmið kaflans eiga við um allt nám og kennslu skólaíþrótta sama hvar það fer fram, í íþróttahúsi, útisvæði eða sundlaug.

### 23.2 Hæfniviðmið fyrir skólaíþróttir.

Hæfniviðmið eru sett fram í fimm flokkum, þ.e. líkamsvitund, leikni og afkastageta, félagslegir þættir, heilsa og efling þekkingar, öryggis- og skipulagsreglur og skólasund. Þó að hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild.

Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn, fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni.

#### Líkamsvitund, færni og afkastageta.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Þol	gert æfingar sem reyna á þol í íþróttum,	gert æfingar sem reyna á loftháð þol í íþróttum,	gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirt þol í íþróttum,
Styrkur	gert æfingar sem styrkja hreyfifærni líkamans,	gert æfingar með eigin líkamspyngd sem reyna á styrk og stöðugleika,	sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem bæta líkamsstöðu, kraftúthald og styrk bæði í kyrrstöðu og á hreyfingu,
Liðleiki	gert almennar liðleikaæfingar,	gert æfingar sem reyna á liðleika og hreyfigetu,	gert liðleikaæfingar sem reyna á hreyfividd og hreyfigetu,
Samhæfing	gert hreyfingar sem styðja við samhæfingu hægri og vinstri,	sýnt útfærslu hreyfinga þannig að þær renni vel saman,	sýnt útfærslu flókinna hreyfinga þannig að þær renni vel saman,

Taktur	gert einfaldar rytmískar æfingar,	gert einfaldar rytmískar æfingar og fylgt takti,	gert rytmískar æfingar og fylgt takti,
Hópiþróttir	tekið þátt í boltaleikjum og sýnt boltafærni,	tekið þátt í mismunandi hópiþróttagreinum,	tekið þátt í hópiþróttum,
Einstaklings-íþróttir	tekið þátt í æfingum með áherslu á mótun hreyfiþroska,	tekið þátt í einstaklingsíþróttum,	tekið þátt í einstaklingsíþróttum og heilsurækt,
Stöðluð próf	tekið þátt í stöðluðum prófum.	nýtt sér stöðluð próf í íþróttum til að meta eigið þrek og hreysti.	nýtt sér stöðluð próf í íþróttum til að meta eigið þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.

**Félagslegir þættir.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Tilfinningar	skilið þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leik,	skilið mikilvægi jákvæðra samskipta,	skilið mikilvægi gagnkvæmrar virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann,
Virgni	sýnt virgni og vinnu-semi í æfingum og leikjum,	skilið mikilvægi stundvísí, aga og sjálfstæðra vinnubragða í tengslum við góðan árangur,	skilið mikilvægi góðrar ástundunar og sjálfsgaga í tengslum við góðan árangur,
Leikreglur	skilið einfaldar leikreglur og tekið þátt í leikjum,	þekkt helstu leikreglur í leikjum, hóp- og einstaklingsíþróttum,	þekkt mismunandi tegundir leikreglna í hóp- og einstaklingsíþróttum,
Háttvísi	skilið mikilvægi leikreglna og farið eftir þeim.	farið eftir leikreglum og sýnt háttvísi í leik.	farið eftir leikreglum og sýnt háttvísi í leik og hvatt til jákvæðrar framkomu við samherja og mótherja.

**Heilsa og heilsuefning.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Markmiðasetning, íþróttir	sett sér einföld markmið í íþróttum,	sett sér langtímamarkmið í íþróttum,	unnið með og sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum,

Markmiðasetning, heilsurækt	sett sér einföld markmið í heilsurækt,	sett sér langtíma-markmið í heilsurækt,	unnið með og sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í heilsurækt og metið árangur,
Markmiðasetning, hreyfifærni	nýtt sér niðurstöður úr stöðluðum prófum til að vinna að bættri hreyfifærni,	nýtt sér niðurstöður úr stöðluðum prófum til að vinna að eflingu hreyfingar,	nýtt sér niðurstöður úr stöðluðum prófum til að móta eigin þjálfunaráætlun,
Líffræðiþekking	þekkt helstu líkamshluta,	tengt hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu,	vitað hvaða hlutverk helstu vöðvahópar hafa í tengslum við þjálfun líkamans,
Útivistarbúnaður	skilið gildi viðeigandi fatnaðar og búnaðar til útivistar og notkunar hans,	valið viðeigandi fatnað og mikilvægan búnað til útivistar og nýtt hann,	valið og nýtt sér viðeigandi fatnað og nauðsynlegan búnað sem hæfir valinni útivist,
Útivist	tekið þátt í skipulagðri útivist í náttúrunni og áttað sig á og varast hættur sem fylgt geta,	skipulagt að einhverju leyti útivist í fjölbreyttu landslagi, tekið þátt, fylgt áætlunum og varast hættur sem fylgt geta,	skipulagt, tekið þátt og fylgt áætlun um útivist í mismunandi aðstæðum og varast hættur sem fylgt geta,
Heilsuefling	þekkt hvað felst í heilsueflandi líferni,	sýnt almenna þekkingu á heilsueflandi líferni,	sýnt og skilið mikilvægi eigin ábyrgðar á líkamlegu og andlegu heilbrigði og líkamlegu ásigkomulagi,
Heilsurækt	tekið þátt í heilsurækt í nærumhverfi,	tekið þátt í alhliða heilsurækt sem er í boði utan skóla,	sótt og nýtt sér upplýsingar um alhliða heilsurækt sem er í boði utan skóla,
Mælingar	gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum eða æfingum,	notað mælingar til að leggja mat á lipurð og samhæfingu,	notað mælingar til að leggja mat á eigin afkastagetu með tilliti til þreks, hreysti, lipurðar og samhæfingar,
Virkni	tekið þátt í leikjum.	tekið þátt og sýnt virkni í leikjum.	tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi.

**Öryggi og hreinlæti.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Öryggisreglur	þekkt til helstu öryggisreglna í skólaíþróttum,	gert sér grein fyrir mikilvægi helstu öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óhöppum,	tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum,
Skyndihjálpar	gert viðvart ef óhapp verður,	framkvæmt grunnatriði skyndihjálpar,	framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar, endurlífgunar og björgunar,
Hreinlæti	skilið mikilvægi hreinlætis í tengslum við allar íþróttir.	skilið mikilvægi eigin ábyrgðar á hreinlæti og heilbrigði við alla íþróttaiðkun.	fundið til eigin ábyrgðar á hreinlæti og heilbrigði við alla íþróttaiðkun.

**Sund.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Fjölbreyttar sundaðferðir	tekið þátt í fjölbreyttum leikjum í vatni,	beitt fjölbreyttum sundaðferðum,	sýnt leikni í vatni og beitt fjölbreyttum sundaðferðum,
Heilsuefling	notið sín í vatni,	eft eigin heilsu í vatni,	tekið þátt í fjölbreyttum leiðum til að efla eigin heilsu í vatni,
Þolsund	gert æfingar sem reyna á þol í 100 metra sundi,	gert æfingar sem reyna á loftháð þol í 300 metra sundi,	gert æfingar sem reyna á loftháð þol í 600 metra sundi,
Sprettisund	gert æfingar sem reyna á loftfirrt þol í 8 metra sundi,	gert æfingar sem reyna á loftfirrt þol í 12 metra sundi,	gert æfingar sem reyna á loftfirrt þol í 25 metra sprettisundi,
Bringusund	synt 12 metra bringusund með eða án hjálpartækja,	sýnt leikni og synt 25 metra bringusund viðstöðulaust,	sýnt leikni og synt 50 metra bringusund viðstöðulaust,
Baksund	synt 12 metra skólabaksund og baksund með eða án hjálpartækja,	sýnt leikni og synt 25 metra baksund viðstöðulaust,	sýnt leikni og synt 50 metra baksund viðstöðulaust,

Skriðsund	synt 12 metra skriðsund með eða án hjálpartækja,	sýnt leikni og synt 25 metra skriðsund viðstöðulaust,	sýnt leikni og synt 50 metra skriðsund viðstöðulaust,
Kafsund	synt 5 metra kafsund viðstöðulaust,	sýnt leikni og synt 8 metra kafsund viðstöðulaust,	sýnt leikni og synt 15 metra kafsund viðstöðulaust,
Björgunarsund	bjargað sér í vatni.	synt björgunarsund með jafningja að lágmarki 12 metra,	synt björgunarsund með jafningja að lágmarki 25 metra,
Björgun			framkvæmt björgun úr vatni og notast við björgunaráhöld,
Þol í vatni		troðið marvaða í hálfu mínútu.	troðið marvaða í eina mínútu.

### 23.3 Matsviðmið fyrir skólaþróttir við lok 10., 7. og 4. bekkjar.

Matsviðmið eru sett fram fyrir allar námsgreinar og námssvið við lok 4., 7. og 10. bekkjar og eru þau lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu. Skólum ber að setja matsviðmið fyrir námsgreinar og námssvið annarra árganga og gera grein fyrir þeim í skólanámskrá.

Matsviðmið eru birt á A–D matskvarða. A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C. Gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni sem tilgreind er í B, hæfni náð, þar sem þau eru byggð á hæfniviðmiðum árgangsins.

A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og C þeir sem ekki standast fyllilega þær kröfur sem gerðar eru í B viðmiðum. Ekki eru sett viðmið fyrir D en sá vitnisburður er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C viðmiðum. Skóli gerir þá sérstaka grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda.

A–D matskvarða og matsviðmið er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk.

A–D matskvarða og matsviðmiðum við lok 4. og 7. bekkjar er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skóla og eru einungis sett fram til að styðja við námsmat við lok yngsta stigs og miðstigs.

Matsviðmið hvers námstímabils skulu byggð á hæfniviðmiðum og þeim námsmarkmiðum sem unnið hefur verið að. Mestu skiptir að meta í lok námstímabils það sem til var ætlast samkvæmt matsviðmiðunum.

Matsniðurstöður þarf að byggja á traustum matsgögnum og fjölbreyttum námsmatsaðferðum til þess að nemendur, foreldrar og skóli fái sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra.

### 10. bekkur.

A	Nemandi getur sýnt fram á <b>mjög gott</b> þol í hlaupi. Sýnt <b>mjög góðan</b> styrk og stöðugleika í mismunandi vöðvahópum og <b>mjög góða</b> samhæfingu, liðleika, leikni og úthald í æfingum. Útskýrt af <b>öryggi</b> og <b>góðum skilningi</b> leikreglur í hópíþrótt og einstaklingsíþrótt og fylgt þeim. Gert á <b>skýran hátt góða</b> grein fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans og sett sér <b>skýr</b> markmið í heilsurækt. Útskýrt og metið <b>mjög vel</b> hugtök þjálfunar grunnþátta, útskýrt mismunandi þjálfunaraðferðir og sýnt æfingar við hæfi. Nefnt helstu vöðvahópa líkamans og útskýrt <b>mjög vel</b> og á <b>skýran</b> hátt hvaða hlutverk þeir hafa. Útskýrt og tileinkað sér <b>mjög vel</b> öryggis- og skipulagsreglur sund-
---	--

	staða. Framkvæmt <b>mjög vel</b> allar sunaðferðir og hefur <b>mjög gott</b> þol í 600 metra sundi. Framkvæmt, útskýrt og beitt flestum atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og björgun úr vatni og notað af <b>öryggi</b> björgunaráhöld. Synt af <b>öryggi</b> 25 m björgunarsund með jafningja.
B	Nemandi getur sýnt fram á gott þol í hlaupi. Sýnt góðan styrk og stöðugleika í mismunandi vöðvahópum og góða samhæfingu, liðleika, leikni og úthald í æfingum. Útskýrt af góðum skilningi leikreglur í hópíþrótt og einstaklingsíþrótt og fylgt þeim. Gert vel grein fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans og sett sér markmið í heilsurækt. Útskýrt og metið vel hugtök þjálfunar grunnþátta, útskýrt mismunandi þjálfunaraðferðir og sýnt æfingar við hæfi. Nefnt helstu vöðvahópa líkamans og útskýrt vel hvaða hlutverk þeir hafa. Útskýrt og tileinkað sér öryggis- og skipulagsreglur sundstaða. Framkvæmt vel allar sunaðferðir og hefur gott þol í 600 metra sundi. Framkvæmt, útskýrt og beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og björgun úr vatni og notað björgunaráhöld. Synt 25 m björgunarsund með jafningja.
C	Nemandi getur sýnt fram á nokkuð gott þol í hlaupi. Sýnt <b>sæmilegan</b> styrk og stöðugleika í mismunandi vöðvahópum og <b>nokkuð góða</b> samhæfingu, liðleika, leikni og úthald í æfingum. Útskýrt <b>nokkuð vel</b> helstu leikreglur í hópíþrótt og einstaklingsíþrótt og að <b>mestu</b> farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik. Gert <b>grein</b> fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans og sett sér <b>einföld</b> markmið í heilsurækt. Útskýrt og metið hugtök þjálfunar grunnþátta <b>nokkuð vel</b> og lýst mismunandi þjálfunaraðferðum og sýnt æfingar við hæfi. Nefnt vöðvahópa líkamans á <b>viðunandi hátt</b> og hvaða hlutverk þeir hafa. Útskýrt og tileinkað sér <b>nokkuð vel</b> öryggis- og skipulagsreglur sundstaða. Framkvæmt <b>nokkuð vel</b> allar sunaðferðir og hefur <b>nokkuð gott</b> þol í 600 metra sundi. Framkvæmt og útskýrt <b>nokkuð vel</b> helstu atriði skyndihjálpar, framkvæmt björgun úr vatni og notað björgunaráhöld. Synt 15–25 m björgunarsund með jafningja.

## 7. bekkur.

A	Nemandi getur sýnt fram á <b>mjög gott</b> þol í hlaupi. Sýnt <b>mjög góðan</b> styrk og stöðugleika í mismunandi vöðvahópum og <b>mjög góða</b> samhæfingu, liðleika, leikni og úthald í æfingum. Útskýrt af <b>öryggi</b> og <b>góðum skilningi</b> leikreglur í hópíþrótt og einstaklingsíþrótt og fylgt þeim. Gert á <b>skýran hátt góða</b> grein fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans og unnið með langtímamarkmið í heilsurækt. Tengt <b>mjög vel</b> hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu. Útskýrt og tileinkað sér <b>mjög vel</b> öryggis- og skipulagsreglur sundstaða. Framkvæmt <b>mjög vel</b> allar sunaðferðir og hefur <b>mjög gott</b> þol í 300 metra sundi. Framkvæmt, útskýrt og beitt grunnatriðum skyndihjálpar og framkvæmt björgun úr vatni af <b>öryggi</b> . Synt af <b>öryggi</b> 12 m björgunarsund með jafningja.
---	---



B	Nemandi getur sýnt fram á gott þol í hlaupi. Sýnt góðan styrk og stöðugleika í mismunandi vöðvahópum og góða samhæfingu, liðleika, leikni og úthald í æfingum. Útskýrt vel leikreglur í hópíþrótt og einstaklingsíþrótt og fylgt þeim. Gert góða grein fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans og unnið með langtímamarkmið í heilsurækt. Tengt vel hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu. Útskýrt og tileinkað sér vel öryggis- og skipulagsreglur sundstaða. Framkvæmt vel allar sundaðferðir og hefur gott þol í 300 metra sundi. Framkvæmt, útskýrt og beitt helstu grunnatriðum skyndihjálpar og framkvæmt björgun úr vatni. Synt 12 m björgunarsund með jafningja.
C	Nemandi getur sýnt fram á <b>nokkuð gott</b> þol í hlaupi. Sýnt <b>nokkuð góðan</b> styrk og stöðugleika í mismunandi vöðvahópum og nokkuð góða samhæfingu, liðleika, leikni og úthald í æfingum. Útskýrt <b>nokkuð vel</b> leikreglur í hópíþrótt og einstaklingsíþrótt og fylgt þeim. Gert <b>nokkuð góða</b> grein fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans og unnið með langtímamarkmið í heilsurækt. Tengt <b>sæmilega vel</b> hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu. Útskýrt og tileinkað sér <b>nokkuð vel</b> öryggis- og skipulagsreglur sundstaða. Framkvæmt <b>nokkuð vel</b> allar sundaðferðir og hefur <b>nokkuð gott</b> þol í 300 metra sundi. Framkvæmt, útskýrt og beitt helstu grunnatriðum skyndihjálpar og framkvæmt björgun úr vatni. Synt björgunarsund með jafningja.

#### 4. bekkur.

A	Nemandi getur sýnt fram á <b>mjög gott</b> þol í leikjum og hlaupi. Sýnt <b>mjög góðan</b> styrk og stöðugleika í mismunandi vöðvahópum og <b>mjög góða</b> samhæfingu, liðleika, leikni og úthald í æfingum. Útskýrt af <b>öryggi</b> og <b>góðum skilningi</b> leikreglur í leikjum og fylgt þeim. Gert á <b>skýran hátt góða</b> grein fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans og unnið með einföld markmið í íþróttum. Þekkt <b>mjög vel</b> leikreglur og sýnt háttvísi í leik. Þekkt <b>mjög vel</b> helstu líkamshluta. Útskýrt og tileinkað sér <b>mjög vel</b> öryggis- og skipulagsreglur sundstaða. Framkvæmt <b>mjög vel</b> allar sundaðferðir og hefur <b>mjög gott</b> þol í 100 metra sundi. Framkvæmt og beitt einföldum grunnatriðum skyndihjálpar og bjargað sér í vatni af <b>öryggi</b> .
B	Nemandi getur sýnt fram á gott þol í leikjum og hlaupi. Sýnt góðan styrk og stöðugleika í mismunandi vöðvahópum og góða samhæfingu, liðleika, leikni og úthald í æfingum. Útskýrt vel leikreglur í leikjum og fylgt þeim. Gert góða grein fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans og unnið með einföld markmið í íþróttum. Þekkt vel leikreglur og sýnt háttvísi í leik. Þekkt vel helstu líkamshluta. Útskýrt og tileinkað sér vel öryggis- og skipulagsreglur sundstaða. Framkvæmt vel allar sundaðferðir og hefur gott þol í 100 metra sundi. Framkvæmt og beitt einföldum grunnatriðum skyndihjálpar og bjargað sér í vatni.
C	Nemandi getur sýnt fram á <b>nokkuð gott</b> þol í leikjum og hlaupi. Sýnt <b>nokkuð góðan</b> styrk og stöðugleika í mismunandi vöðvahópum og <b>nokkuð góða</b> samhæfingu, liðleika, leikni og úthald í æfingum. Útskýrt <b>nokkuð vel</b> leikreglur í leikjum og fylgt þeim. Gert <b>sæmilega góða</b> grein fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans og unnið með einföld markmið í íþróttum. Þekkt <b>sæmilega vel</b> leikreglur og sýnt háttvísi í leik. Þekkt <b>nokkuð vel</b> helstu líkamshluta. Útskýrt og tileinkað sér <b>sæmilega vel</b> öryggis- og skipulagsreglur sundstaða. Framkvæmt <b>nokkuð vel</b> allar sundaðferðir og hefur <b>nokkuð gott</b> þol í 100 metra sundi. Framkvæmt og beitt einföldum grunnatriðum skyndihjálpar og bjargað sér í vatni.

## Kafli 24. Samfélagsgreinar.

Í þessum kafla er gerð grein fyrir menntagildi og megintilgangi samfélagsgreina. Tekið er mið af grunnþáttunum sex sem fjallað er um í 2. kafla, áhersluþáttum í námi sem fjallað er um í 6. kafla og lykilhæfni sem skilgreind er í kafla 9.4 og 18. Sett eru fram hæfniviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Á grundvelli hæfniviðmiða eru kennsluáðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar og skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla. Í lok kaflans eru sett fram matsviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Matsviðmiðum við lok 4. og 7. bekkjar er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skóla og eru þau einungis sett fram til að styðja við námsmat við lok yngsta stigs og miðstigs. Matsviðmið við lok 10. bekkjar er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk.

### 24.1 Menntagildi og megintilgangur samfélagsgreina.

Samfélagsgreinar fjalla um nemendurna sjálfa, sjálfsþekkingu og tengslamyndun og nemendurna sem hluta af samfélagi og menningu í víðu samhengi. Samfélagsgreinar eru grundvöllur þess að nemendur fái kennslu og þjálfun í sjálfsþekkingu, jafnrétti, mannréttindum, þeim reglum og gildum sem eiga við í lýðræðislegu samfélagi og hvaða áhrif og ábyrgð hver einstaklingur getur haft á eigið líf og samfélagið sem hann býr í. Samfélagsgreinar eru vettvangur náms um sögulega atburði, að skilja í hverju farsælt líf á jörðinni felst, að bregðast við áskorunum í umhverfinu og að efla skilning nemenda á réttlæti, frelsi, vináttu, virðingu og almennum mannréttindum.

Megintilgangur náms og kennslu samfélagsgreina felst í að þroska hæfni nemenda til að skilja sjálfan sig og aðra, að eiga innihaldsrík samskipti við aðra, skilja og skynja veruleikann, umhverfið, samfélagið, söguna og menninguna. Nemendum er ætlað að öðlast hæfni í að mynda og þróa ný tengsl með því að virkja þá til þátttöku í samfélaginu, tileinka sér þau gildi og reglur sem þar ríkja og öðlast skilning á þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Samfélagsgreinum er einnig ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með ígrundun og samræðu þar sem afstaða þeirra mótast af rökum og virkri hlustun á ólík sjónarmið.

Við skipulagningu náms og kennslu í samfélagsgreinum skal unnið með öll hæfniviðmið á skólagöngu nemenda. Stuðla þarf að því að nemendur öðlist þá hæfni sem til er ætlast en hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni sem aflað hefur verið.

Hæfniviðmiðum í samfélagsgreinum er skipt í nokkra flokka. Flokkarnir eru ekki einangraðir innan námsgreinar eða námssviðs heldur hlutar af samofinni heild þar sem hver flokkur getur haft gagn af hinum, innan og á milli námsgreina og námssviða, sem gefur tækifæri til heildstæðrar verkefnavinnu og samþættingar.

Kennsla í samfélagsgreinum þarf að miða að því að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til og þrói með sér trú á mikilvægi þess að rækta eigin sjálfsmynd, félagsfærni og borgaravitund. Nemendur láti sig málefni samfélagsins í fortíð, nútíð og framtíð varða og tileinki sér lýðræðisleg vinnubrögð, samræðu, rökræðu og hnattræna hugsun.

Nemendur þurfa að fá tækifæri til að fræðast um og taka á málefnum daglegs lífs, er snerta þá sjálfa og samfélagið, á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Gera þarf nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samtals og rökræðu. Kenna þarf nemendum að iðka lýðræðisleg vinnubrögð og stuðla að því að þeir skilji hugmyndir og hugsjónir sem liggja til grundvallar viðhorfum til umhverfis, auðlinda, menningar, sögu og mannréttinda.

Byggja þarf kennsluna upp með vinnubrögðum sem örva skapandi og gagnrýna hugsun, samræðu, rökræðu og skoðanaskipti. Með því móti öðlast nemendur hæfni til að takast á við mikilvæg samfélagsleg málefni úr fortíð, nútíð og framtíð.

### 24.2 Hæfniviðmið fyrir samfélagsgreinar.

Hæfniviðmið fyrir samfélagsgreinar eru sett fram í sex flokkum, þ.e. vinnulag samfélagsgreina sem á að vera gegnumgangandi í öllu námi og kennslu í námsgreininni, sjálfsmynd, siðferði og trú, borgara-

vitund, saga og jörðin okkar. Þó að hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni.

### Vinnulag samfélagsgreina.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Hugtök	rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi,	útskýrt og notað mikilvæg hugtök samfélagsgreina,	útskýrt, rökrætt og beitt mikilvægum hugtökum samfélagsgreina,
Upplýsingalæsi	aflað sér upplýsinga um samfélagið úr völdum textum, hljóð- og myndefni og sagt frá efninu,	aflað sér upplýsinga um samfélagsleg málefni úr textum, hljóð- og myndefni, umorðað og nýtt til umfjöllunar,	aflað sér upplýsinga um samfélagsleg og alþjóðleg málefni úr heimildum á fjölbreyttu formi, túlkað og hagnýtt,
Skoðana-myndun	greint upplýsingar og ólíkar skoðanir úr völdum heimildum og myndað sér eigin skoðanir,	metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum úr heimildum á ólíku formi og myndað sér eigin skoðanir,	vegið og metið upplýsingar og skoðanir úr heimildum á margvíslegu formi, myndað sér eigin skoðanir og tekið upplýsta afstöðu til málefna,
Gagnrýnar umræður	spurt spurninga og tekið þátt í umræðu um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni,	spurt opinna spurninga og tekið þátt í umræðu um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga,	spurt fjölbreyttra spurninga og tekið þátt í gagnrýninni umræðu um samfélagsleg og siðferðileg málefni frá mismunandi sjónarhornum,
Setja sig í spor annarra	sett sig í spor jafnaldra og fjölskyldumeðlima,	sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum,	sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf á ýmsum stöðum og tímum,
Miðlun	miðlað þekkingu sinni og skoðunum tengdum samfélaginu,	miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum mál-efnum á fjölbreyttan hátt,	miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum og hnattrænum mál-efnum á fjölbreyttan og skapandi hátt,

Lýðræðislegt samstarf	tekið þátt í samstarfi og sameiginlegum ákvörðunum í jafningjahópi og innan fjölskyldunnar.	tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.	tekið ábyrgan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
-----------------------	---	---	---

**Sjálfsmynd.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Félagsmótun	sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af uppruna, búsetu, fjölskyldu, siðum og venjum,	lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á eigin sjálfsmynd, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu,	útskýrt hvernig sjálfsmynd mótast af menningu, félagslegu umhverfi, aðstæðum og alþjóðlegum áhrifum,
Þarfir	áttað sig á mikilvægi næringar, hvíldar, svefnis, hreyfingar og hreinlætis,	rætt um heilbrigða lífshætti og samskipti og ræktað mikilvægar þarfir,	gert sér grein fyrir þörfum sínum og fjallað um ábyrgð sína á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði,
Tilfinningar	áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, tilhlökkun, sorg og reiði,	lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun,	þekkt margbreytileika eigin tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta,
Hugarfar	áttað sig á mikilvægi jákvæðra viðhorfa fyrir sjálfan sig,	lýst með dæmum mikilvægi jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfars og seiglu fyrir eigin þroska,	rökstutt mikilvægi eigin jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfar vaxtar og seiglu fyrir persónulega farsæld og þroska,
Sjálfsþekking	gert sér og öðrum grein fyrir hvar eigin styrkur og áhugi liggur,	gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og hvernig hægt er að vinna með þá þætti á uppbyggilegan hátt,	gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og myndað sér raunhæfa framtíðaráætlun á grunni þeirrar sjálfsþekkingar,
Virðing	sýnt sjálfum sér og öðrum virðingu og sagt frá því hvernig það er hægt,	sýnt virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sett sér mörk í samskiptum og lýst því hvernig það er hægt,	borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sett mörk í samskiptum og virt mörk annarra og útskýrt mikilvægi virðingar,

Staðalmyndir	fjallað um ólíka einstaklinga og hópa í skóla- og nærsamfélaginu,	lýst staðalmyndum og fordómum í samfélaginu og áhrifum þeirra og áttað sig á skaðsemi þeirra,	fjallað með gagnrýnum hætti um og greint staðalmyndir og fordóma, uppruna þeirra og afleiðingar,
Kynjafræði	bent á dæmi um fjölbreytni kynhlutverka og áhrif þeirra á sjálfsmyndina,	beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og áttað sig á fjölbreytni hinseginleikans,	beitt hugtökum tengdum kynjafræði og útskýrt hvaða hlutverki þau gegna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd,
Fjármál einstaklings	áttað sig á kostnaði við eigin neyslu og muninum á þörfum og löngunum.	gert grein fyrir útgjöldum vegna þarfa, langana og hegðunar einstaklinga og mikilvægi fyrirhyggju í fjármálum.	gert grein fyrir hvernig þarfir, langanir og hegðun móta fjárhagslega stöðu einstaklinga og tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu.

#### Siðferði og trú.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Virðing fyrir fjölbreytileika	áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og borið virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og siðum,	dregið fram ólíkan bakgrunn fólks og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði,	borið saman ólíkan bakgrunn og fjölbreytni fólks, fjallað um og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði,
Trú og lífsviðhorf	velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni,	rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs,	fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins,
Trúarbrögð	sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu,	gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims,	túlkað frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims,

Áhrif trúarbragða	áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum.	borið saman valin trúarbrögð og lífsviðhorf og áhrif þeirra á líf fólks.	útskýrt gildi trúarbragða og lífsviðhorfa, borið saman og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa, samfélaga og sögu.
-------------------	---	--	--

**Borgaravitund.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Reglur	sýnt þekkingu á reglum í samskiptum og útskýrt tilgang þeirra,	rætt reglur í samskiptum fólks og tilgang þeirra og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum,	útskýrt hlutverk reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur,
Mannréttindi	rætt um réttindi sín og skyldur og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna,	rætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur og mikilvægi mannréttinda og jafnréttis í samfélaginu og á heimsvísu og þekki vel til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna,	þekkt almenn ákvæði um mannréttindi, uppruna þeirra og áhrif, hafi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og geti rökrætt gildi mannréttinda og jafnréttis á öllum sviðum samfélagsins og á heimsvísu,
Samfélagsgerð	áttað sig á að hver einstaklingur er hluti af stærra samfélagi,	fjallað um ólíkar samfélagsgerðir og hvernig þær tengjast lífi einstaklinga,	greint hvernig hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögð og stjórnmál, móta samfélagsgerð og tengjast lífi einstaklinga,
Lýðræði	bent á dæmi um lýðræðislega þætti í skóla- og nær-samfélaginu,	lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta hér á landi,	útskýrt uppruna, einkenni og framkvæmd lýðræðis og skoðað hlutverk borgara á gagnrýninn hátt í hnattrænu samhengi,
Stjórnkerfi	sagt frá nokkrum stofnunum samfélagsins,	gert grein fyrir hlutverki mikilvægra stofnana samfélagsins,	útskýrt þróun og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands og þátttöku í alþjóðasamfélaginu,

Velferðar-samfélag	áttað sig á mikilvægi samhjálpar í samfélaginu,	gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd þeirra í samfélaginu,	útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélag,
Samneysla	þekkt dæmi um grunnþjónustu í samfélaginu,	áttað sig á hvernig og hvers vegna kostnaður við ýmsa grunnþjónustu er greiddur af sameiginlegum sjóðum samfélagsins,	skilið að skatta- og fjármálaumhverfi og lífskjör í samfélagi eru breytileg og þekkt þætti sem hafa áhrif á þau í alþjóðlegu samhengi,
Slysavarnir	varast hættur á heimili sínu, í umferðinni og nærumhverfi,	séð gildi slysavarna og þekkt viðbrögð við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni,	bent á, fyrirbyggt og útskýrt rétt viðbrögð við ýmsum hættum í manngerðu umhverfi og náttúrunni,
Umferðarreglur	sagt frá umferðarreglum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og farið eftir þeim,	gert grein fyrir umferðarreglum og helstu umferðarmerkjum og nýtt í daglegu lífi,	áttað sig á nauðsyn þess að sýna ábyrga hegðun í umferðinni vegna öryggis síns og annarra,
Geta til aðgerða	rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra og tekið þátt í samfélagsmálum.	sett sig inn í málefni samfélagsins, áttað sig á möguleikum til áhrifa og sýnt það í verki með ábyrgum hætti.	ígrundað eigin getu til aðgerða og beitt sér á ábyrgan hátt fyrir málefnum sem stuðla að betra samfélagi.

### Saga.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Sögulegar heimildir	áttað sig á að ólíkar heimildir segja ólíka sögu,	metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð,	gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum,
Fjölskyldan	áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna,	gert sér grein fyrir fjölbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra á ólíkum tímum,	útskýrt og borið saman hlutverk, fjölbreytileika og þróun fjölskyldunnar á mismunandi tímum og menningarsvæðum,

Heimabyggð	uppgötvað og nefnt dæmi um einkenni og sögu heimabyggðar,	greint samhengi umhverfis, sögu, menningar og mannlífs í heimabyggð og tengsl við önnur landsvæði,	sýnt fram á skilning á íslensku samfélagi og útskýrt samhengi umhverfis, sögu, menningar, trúar, atvinnulífs og byggðaþróunar,
Íslandssaga	nefnt dæmi um sögu og einkenni Íslands,	fjallað um einkenni og þróun íslensks samfélags,	útskýrt einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu landsins, sögu og menningu þjóðar,
Saga	sagt frá völdum persónum, atburðum og tímabilum í sögunni,	fjallað um og greint persónur, atburði, tímabil, tildrög og gang sögunnar,	sett í samhengi, sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á atburðum, tímabilum, tildrögum og gangi mannkynssögunnar,
Söguleg þróun	komið auga á þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga,	áttað sig á að sagan hefur mótast af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, atferli, lífsviðhorfum, samfélagsskipulagi og atvinnuháttum,	útskýrt og metið hvernig sagan hefur mótast af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögðum viljaverkum og tilviljunum,
Áhrif sögu á samtímann	fjallað um atburði í sögunni í tengslum við samtímann.	útskýrt með dæmum hvernig sögulegir atburðir hafa áhrif á samfélög og líf fólks í samtímanum.	sýnt fram á skilning á sögulegu og hugmyndafræðilegu samhengi atburða sem eiga sér stað í samtímanum á heimsvísu.

**Jörðin okkar.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Kortalæsi	áttað sig á hlutverki og notagildi landakorta og ratað með hjálp einfaldra korta,	notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga og vinna úr þeim og sett upp einföld kort,	greint, þekkt og fjallað um upplýsingar á kortum, gröfum og annars konar myndum og sett upp kort til að miðla fjölbreyttum upplýsingum,
Samfélög	nefnt dæmi um ólíkar aðstæður, menningu og líf fólks,	varpað ljósi á ólíkar aðstæður, menningu og líf fólks á jörðinni,	greint og borið saman ólíka menningarheima og samfélög, trúarbrögð, hefðir og siði, aðstæður og líf fólks,



Auðlindir	nefnt dæmi um hvernig maðurinn nýtir náttúruna til að lifa af,	skýrt hvernig notkun mannsins á auðlindum getur haft margvísleg áhrif á lífsgæði og lífbreytileika,	varpað ljósi á hvers vegna sjálfbær nýting auðlinda er mikilvæg fyrir samfélög og í hnattrænu samhengi,
Neyslu-samfélagið	lýst því hvernig matvæli og föt verða til og hvar þau enda,	lýst í grófum dráttum ferli daglegra neysluvara, uppruna þeirra, flutningi, sölu, nýtingu, förgun, endurvinnslu og kolefnisspori,	varpað ljósi á neyslu-samfélag nútímans, ferli hráefna frá öflun til eyðingar og hugmyndum um mikilvægi hringrásarhagkerfis,
Áhrif mannsins	bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi,	skýrt með dæmum áhrif tækni og mannlegra athafna á samfélag, loftslag og umhverfi,	útskýrt áhrif og afleiðingar mannlegra athafna og tækni á loftslag, náttúru og lífsskilyrði alls lífs á jörðinni,
Sjálfbær þróun	nefnt dæmi um hvernig athafnir okkar hafa afleiðingar til framtíðar,	fjallað um hvað sjálfbær þróun felur í sér,	sýnt fram á skilning á sjálfbærri þróun og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf og lífsskilyrði alls lífs á jörðinni,
Ábyrgð á náttúruvernd	gert sér grein fyrir mikilvægi sínu í umgengni um og vernd náttúrunnar.	skýrt með dæmum mikilvægi náttúruverndar og þess að allir leggi sitt af mörkum.	varpað ljósi á ábyrgð einstaklinga, fyrirtækja, stjórnvalda og alþjóðasamfélags á verndun náttúru og lífsgæða á jörðinni.

### 24.3 Matsviðmið fyrir samfélagsgreinar við lok 10., 7. og 4. bekkjar.

Matsviðmið eru sett fram fyrir allar námsgreinar og námssvið við lok 4., 7. og 10. bekkjar og eru þau lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu. Skólum ber að setja matsviðmið fyrir námsgreinar og námssvið annarra árganga og gera grein fyrir þeim í skólanámskrá.

Matsviðmið eru birt á A–D matskvarða. A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C. Gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni sem tilgreind er í B, hæfni náð, þar sem þau eru byggð á hæfniviðmiðum árgangsins.

A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og C þeir sem ekki standast fyllilega þær kröfur sem gerðar eru í B viðmiðum. Ekki eru sett viðmið fyrir D en sá vitnisburður er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C viðmiðum. Skóli gerir þá sérstaka grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda.

A–D matskvarða og matsviðmið er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk.

A–D matskvarða og matsviðmiðum við lok 4. og 7. bekkjar er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skóla og eru einungis sett fram til að styðja við námsmat við lok yngsta stigs og miðstigs.

Matsviðmið hvers námstímabils skulu byggð á hæfniviðmiðum og þeim námsmarkmiðum sem unnið hefur verið að. Mestu skiptir að meta í lok námstímabils það sem til var ætlast samkvæmt matsviðmiðunum.

Matsniðurstöður þarf að byggja á traustum matsgögnum og fjölbreyttum námsmatsaðferðum til þess að nemendur, foreldrar og skóli fái sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra.

#### 10. bekkur.

A	<p>Nemandi getur <b>túlkað, metið og hagnýtt</b> upplýsingar um samfélagsmálefni á margvíslegu formi. Myndað sér skoðanir og <b>fært rök fyrir</b> þeim. Útskýrt og beitt hugtökum samfélagsgreina af <b>öryggi</b> og á <b>frumlegan, skipulegan og gagnrýninn hátt</b> fjallað um málefni frá mismunandi sjónarhornum. <b>Sýnt frumkvæði</b> og tekið virkan, jákvæðan og <b>ábyrgan</b> þátt í gagnrýninni samræðu og lýðræðislegu samstarfi. Á sjálfstæðan og <b>gagnrýninn hátt</b> greint og fjallað um áhrif margvíslegra þátta á mótun sjálfsmyndar, hugarfars, samskipta og hegðunar. Útskýrt með <b>sjálfstæðum hætti</b> hlutverk siðferðis, trúar og lífsskoðana í lífi einstaklinga og greint með <b>skipulögðum hætti</b> ólíkar birtingarmyndir þessara þátta og áhrif í samfélögum. <b>Rökrætt og greint á gagnrýninn hátt</b> stöðu einstaklinga sem þátttakenda í samfélaginu, réttindi, skyldur og getu til aðgerða. Útskýrt gildi mannréttinda og lýðræðis. Fjallað á <b>sjálfstæðan hátt</b> um stjórnkerfið og áhrif þess á líf einstaklinga. <b>Greint á gagnrýninn hátt</b> sögulega viðburði nær og fjær og <b>útskýrt</b> orsakasamhengi og áhrif frá ólíkum sjónarhornum. Borið saman og <b>greint á gagnrýninn hátt</b> ólíka menningarheima út frá aðstæðum og lífi fólks og nýtt í því skyni <b>margþættar</b> upplýsingar á kortum. Útskýrt með <b>sjálfstæðum og greinargóðum hætti</b> áhrif mannkyns á jörðina og þýðingu sjálfbærrar þróunar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.</p>
B	<p>Nemandi getur túlkað og hagnýtt upplýsingar um samfélagsmálefni á margvíslegu formi og myndað sér skoðanir. Útskýrt og beitt hugtökum samfélagsgreina og á skipulegan og fjölbreyttan hátt, fjallað um samfélagsleg og siðferðileg málefni frá mismunandi sjónarhornum. Tekið virkan og jákvæðan þátt í gagnrýninni samræðu og lýðræðislegu samstarfi. Á sjálfstæðan hátt greint og fjallað um áhrif margvíslegra þátta á mótun sjálfsmyndar, hugarfars, samskipta og hegðunar. Útskýrt hlutverk siðferðis, trúar og lífsskoðana á líf einstaklinga og greint ólíkar birtingarmyndir þessara þátta og áhrif í samfélögum. Rökrætt stöðu einstaklinga sem þátttakenda í samfélaginu, réttindi, skyldur og getu til aðgerða. Útskýrt gildi mannréttinda og lýðræðis. Fjallað um stjórnkerfið og áhrif þess á líf einstaklinga. Fjallað um sögulega viðburði nær og fjær, orsakasamhengi og áhrif þeirra frá ólíkum sjónarhornum. Borið saman ólíka menningarheima út frá aðstæðum og lífi fólks og nýtt í því skyni fjölbreyttar upplýsingar á kortum. Útskýrt áhrif mannkyns á jörðina og þýðingu sjálfbærrar þróunar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.</p>
C	<p>Nemandi getur <b>að vissu marki hagnýtt</b> upplýsingar um samfélagsmálefni og myndað sér skoðanir. Að <b>einhverju leyti</b> útskýrt mikilvæg hugtök samfélagsgreina og fjallað um samfélagsleg og siðferðileg málefni. Tekið þátt í samræðu og lýðræðislegu samstarfi.</p> <p>Fjallað um áhrif margvíslegra þátta á mótun sjálfsmyndar, hugarfars, samskipta og hegðunar. <b>Fjallað um</b> hlutverk siðferðis, trúar og lífsskoðana á líf einstaklinga og <b>nefnt dæmi</b> um birtingarmyndir þeirra og áhrif í samfélögum. <b>Lýst</b> stöðu einstaklinga sem þátttakenda í samfélaginu, réttindi, skyldur og getu til aðgerða. Fjallað <b>að einhverju leyti</b> um gildi mannréttinda og lýðræðis, uppbyggingu stjórnkerfisins og áhrif þess á líf einstaklinga. Fjallað <b>að einhverju leyti</b> um sögulega viðburði nær og fjær og áhrif þeirra. <b>Fjallað um</b> ólíka menningarheima út frá aðstæðum og lífi fólks og nýtt í því skyni</p>

upplýsingar á kortum. <b>Fjallað um</b> áhrif mannkyns á jörðina og þýðingu sjálfbærrar þróunar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.
--

## 7. bekkur.

A	Nemandi getur <b>hagnýtt</b> og <b>túlkað</b> upplýsingar um samfélagsmálefni á margvíslegu formi. Á <b>fjölbreyttan</b> og <b>skipulegan</b> hátt fjallað um samfélagsleg málefni frá ólíkum sjónarhornum, myndað sér skoðanir og <b>fært rök fyrir</b> þeim. Tekið <b>virkan, jákvæðan</b> og <b>ábyrgan</b> þátt í samræðu og lýðræðislegu samstarfi. <b>Útskýrt á sjálfstæðan hátt</b> hvernig ólíkir þættir hafa áhrif á sjálfsmynd, hugarfar, samskipti og hegðun. Fjallað á <b>sjálfstæðan hátt</b> um viðfangsefni sem varða trúarbrögð, lífsviðhorf og siðferði í daglegu lífi sínu og annarra. <b>Ígrundað</b> stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu og <b>rökrætt</b> réttindi sín og skyldur. Fjallað á <b>gagnrýninn hátt</b> um lýðræði og stofnanir samfélagsins og áhrif þeirra á líf einstaklinga. Fjallað á <b>greinargóðan hátt</b> um sögulega viðburði og þróun samfélaga frá <b>ólíkum sjónarhornum</b> . <b>Borið saman</b> ólíkar aðstæður fólks á jörðinni, m.a. með því að afla sér með <b>sjálfstæðum hætti</b> upplýsinga úr kortum. <b>Útskýrt</b> hvernig daglegt líf mannsins hefur áhrif á umhverfi, samfélag og lífsgæði.
B	Nemandi getur hagnýtt upplýsingar um samfélagsleg málefni á margvíslegu formi. Fjallað um samfélagsleg málefni frá ólíkum sjónarhornum og myndað sér skoðanir. Tekið virkan og jákvæðan þátt í samræðu og lýðræðislegu samstarfi. Lýst því hvernig ólíkir þættir hafa áhrif á sjálfsmynd, hugarfar, samskipti og hegðun. Fjallað um viðfangsefni sem varða trúarbrögð, lífsviðhorf og siðferði í daglegu lífi sínu og annarra. Greint stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu og rætt um réttindi sín og skyldur. Fjallað um lýðræði og stofnanir samfélagsins og áhrif þeirra á líf einstaklinga. Fjallað um sögulega viðburði og þróun samfélaga frá völdum sjónarhornum. Sagt frá ólíkum aðstæðum fólks á jörðinni, m.a. með því að afla sér upplýsinga úr kortum. Tengt hvernig daglegt líf mannsins hefur áhrif á umhverfi, samfélag og lífsgæði.
C	Nemandi getur að <b>vissu marki hagnýtt</b> upplýsingar um samfélagsmálefni á margvíslegu formi. Að <b>einhverju leyti</b> fjallað um samfélagsleg málefni og myndað sér skoðanir. Tekið þátt í samræðu og lýðræðislegu samstarfi. Lýst <b>nokkrum dæmum</b> um hvernig ólíkir þættir hafa áhrif á sjálfsmynd, hugarfar, samskipti og hegðun. Fjallað að <b>einhverju leyti</b> um viðfangsefni sem varða trúarbrögð, lífsviðhorf og siðferði í daglegu lífi sínu og annarra. <b>Fjallað um</b> stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu og <b>nefnt dæmi</b> um réttindi sín og skyldur. <b>Fjallað að einhverju leyti</b> um lýðræði og stofnanir samfélagsins og áhrif þeirra á líf einstaklinga. Fjallað að <b>einhverju leyti</b> um sögulega viðburði og þróun samfélaga. <b>Nefnt dæmi</b> um ólíkar aðstæður fólks á jörðinni, m.a. með því að afla sér upplýsinga úr kortum. <b>Sagt frá</b> hvernig daglegt líf mannsins hefur áhrif á umhverfi, samfélag og lífsgæði.

## 4. bekkur.

A	Nemandi getur aflað sér og <b>hagnýtt</b> upplýsingar um samfélagsleg málefni á margvíslegu formi og fjallað um þau frá <b>ólíkum sjónarhornum</b> og á fjölbreyttan hátt. Tekið <b>virkan</b> og <b>jákvæðan</b> þátt í samræðu og samstarfi. Sagt frá sjálfum sér og <b>útskýrt mikilvægi</b> heilbrigðs lífemis, jákvæðra viðhorfa, samskipta og hegðunar. <b>Borið saman</b> ólíkan bakgrunn, lífshætti og trú fólks. Fjallað á <b>sjálfstæðan hátt</b> um reglur í samskiptum, réttindi sín og skyldur. <b>Útskýrt hlutverk</b> helstu stofnana í nærsamfélagi sínu. Fjallað á <b>skýran</b> hátt um valdar persónur, atburði og tímabil og <b>útskýrt</b> breytingar sem orðið hafa í
---	---

	<p>samfélaginu. <b>Fjallað um</b> mismunandi aðstæður fólks á jörðinni. <b>Útskýrt</b> hvernig athafnir okkar í dag geta haft áhrif á framtíðina.</p>
B	<p>Nemandi getur aflað sér upplýsinga um samfélagsleg málefni á margvíslegu formi og fjallað um þau á fjölbreyttan hátt. Tekið þátt í samræðu og samstarfi. Sagt frá sjálfum sér og fjallað um mikilvægi heilbrigðs lífennis, jákvæðra viðhorfa, samskipta og hegðunar. Fjallað um ólíkan bakgrunn, lífshætti og trú fólks. Fjallað um reglur í samskiptum, réttindi sín og skyldur. Þekkt helstu stofnanir í nærsamfélagi sínu. Fjallað um valdar persónur, atburði og tímabil og rætt breytingar sem orðið hafa í samfélaginu. Nefnt dæmi um mismunandi aðstæður fólks á jörðinni. Sagt frá hvernig athafnir okkar í dag geta haft áhrif á framtíðina.</p>
C	<p>Nemandi getur að <b>vissu marki</b> aflað sér upplýsinga og fjallað um samfélagsleg málefni. Að <b>einhverju leyti</b> tekið þátt í samræðu og samstarfi. Sagt frá sjálfum sér og <b>nefnt dæmi</b> um mikilvægi heilbrigðs lífennis, jákvæðra viðhorfa, samskipta og hegðunar. <b>Nefnt dæmi</b> um ólíkan bakgrunn, lífshætti og trú fólks. <b>Nefnt dæmi</b> um reglur í samskiptum, réttindi sín og skyldur. Þekkt að <b>einhverju leyti</b> helstu stofnanir í nærsamfélagi sínu. <b>Nefnt dæmi</b> um valdar persónur, atburði og tímabil og <b>sagt frá</b> breytingum sem orðið hafa í samfélaginu. <b>Nefnt dæmi</b> um aðstæður fólks á jörðinni. <b>Nefnt dæmi</b> um það hvernig athafnir okkar í dag geta haft áhrif á framtíðina.</p>

## Kafla 25. Stærðfræði.

Í þessum kafla er gerð grein fyrir menntagildi og megintilgangi stærðfræðinnar. Tekið er mið af grunnþáttunum sex sem fjallað er um í 2. kafla, áhersluþáttum í námi sem fjallað er um í 6. kafla og lykilhæfni sem skilgreind er í kafla 9.4 og 18. Sett eru fram hæfniviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar. A grundvelli hæfniviðmiða eru kennsluáferðir, námsefni og matsaðferðir valdar og skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla. Í lok kaflans eru sett fram matsviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Matsviðmiðum við lok 4. og 7. bekkjar er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skóla og eru einungis sett fram til að styðja við námsmat við lok yngsta stigs og miðstigs. Matsviðmið við lok 10. bekkjar er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk.

### 25.1 Menntagildi og megintilgangur stærðfræði.

Stærðfræði hefur frá því sögur hófust verið mikilvægur hluti menningarinnar þar sem verkefni hennar er að finna, skapa, tjá og útskýra hvers kyns regluleika, lögmál, kerfi og mynstur. Hún er mikilvæg leið til að ígrunda, skapa merkingu og skilja náttúru, samfélag, efnahag, vísindi, tækni og stafræna þróun.

Með þekkingu á stærðfræði getur nemandi náð betri stjórn á aðstæðum, aukið getu sína til aðgerða, átt í samskiptum, skipulagt, dregið ályktanir og tekið skynsamlegri og gagnrýnni ákvarðanir og borið ábyrgð í daglegu lífi, m.a. á eigin lífsháttum, fjármálum og neyslu.

Megintilgangur náms og kennslu í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni og skilning til að nota stærðfræði sem verkfæri í fjölbreyttum og margs konar tilgangi og við ólíkar aðstæður í daglegu lífi, leik og starfi. Nemendur þurfa að fá tækifæri til að þróa með sér hæfni til að setja fram lausnir og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausn viðfangsefna og leggja mat á niðurstöður.

Við skipulagningu náms og kennslu í stærðfræði skal unnið með öll hæfniviðmið á skólagöngu nemenda. Stuðla þarf að því að nemendur öðlist þá hæfni sem til er ætlast en hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni sem aflað hefur verið.

Hæfniviðmiðum í stærðfræði sem og öðrum námsgreinum er skipt í nokkra flokka. Flokkarnir eru ekki einangraðir innan námsgreinar eða námssviðs heldur hlutar af samofinni heild þar sem hver flokkur

getur haft gagn af hinum, innan og á milli námsgreina og námssviða, sem gefur tækifæri til heildstæðrar verkefnavinnu og samþættingar.

Nám í stærðfræði þarf að eiga sér stað alla skólagönguna og miða að því að nemendur þrói með sér jákvætt viðhorf til stærðfræðilegra viðfangsefna og því sé viðhaldið, átti sig á notagildi hennar og öðlist trú á eigin getu. Mikilvægt er að nemendur séu meðvitaðir um að mistök skapa tækifæri til að læra af þeim, þeir þurfa að greina hvað fór úrskeiðis og styrkja þannig skilning sinn á stærðfræði.

Nemendur þurfa að fá tækifæri til að leita lausna, rannsaka, setja viðfangsefni fram á fjölbreyttan hátt, beita skapandi hugsun, ígrundun og röksemdum og að tjá sig um viðfangsefni sín með orðaforða stærðfræðinnar og grundvallarhugtökum hennar. Verkefni þurfa að vera fjölbreytt, verðug og áhuga-verð fyrir nemendur. Hlutverk kennarans er að stuðla að því að nemendur öðlist hæfni í stærðfræði og skapa þeim aðstæður til merkingarbærs stærðfræðináms þar sem nemendur eru virkir þátttakendur bæði í fjölbreyttri vinnu, samræðum og rökræðu um stærðfræði.

Kenna þarf nemendum á og þjálfa í notkun verkfæra, hjálpargagna og stafrænna tækja, hugbúnaðar og forritunar til að geta rannsakað, framkvæmt útreikninga, lagt fram og túlkað gögn.

Byggja þarf kennsluna á menningarlegum margbreytileika og sögu stærðfræðinnar til að nemendur skilji gildi hennar og áhrif á menningu og samfélög.

## 25.2 Hæfniviðmið fyrir stærðfræði.

Hæfniviðmið í stærðfræði eru sett fram í fimm flokkum, þ.e. vinnulag stærðfræðinnar sem á að vera gegnumgangandi í öllu námi og kennslu í stærðfræði, tölur og reikningur, algebra, tölfræði og líkindi og rúmfræði og mælingar. Þótt hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni.

### Vinnulag stærðfræðinnar.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Verkfæri og hlutbundin gögn	nýtt sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum,	nýtt sér verkfæri og hlutbundin gögn til að rannsaka og finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum,	valið og nýtt ólík hjálpargögn og verkfæri til stærðfræðilegrar iðkunar, þ.m.t. tölvutækni og gervigreind,
Samræður og tjáning	tekið þátt í samræðum um stærðfræði, hugtök hennar og lausnaleiðir,	tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína fyrir öðrum og spurt spurninga til að leita lausna,	tjáð sig og spurt spurninga um stærðfræðileg viðfangsefni, útskýrt og rökstutt lausnir sínar fyrir öðrum,
Táknmál og hugtök	notað rétt heiti yfir stærðfræðitákn og nýtt þau rétt við útreikninga,	notað rétt heiti yfir stærðfræðitákn, nýtt þau af nákvæmni við útreikninga og yfirfært milli táknmáls og daglegs máls,	notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg verkefni,

Þróun aðferða	þróað hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með náttúrulegum tölum,	þróað hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með ræðum tölum,	þróað, útskýrt og rökstutt hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með ræðum tölum,
Sannanir		metið hvort sönnun eða einföld rök byggð á stærðfræðilegum eiginleikum eru gild,	sett fram, túlkað og metið einföld stærðfræðileg rök og sannanir,
Þrautalausnir	nýtt aðferðir og leiðir til að leysa þrautir og rökstutt svör sín,	leyst þrautir og rökstutt svör,	nýtt fjölbreyttar reikniáðgerðir og stærðfræðilegt samhengi til að leysa þrautir og rökstutt svör sín,
Rannsóknarvinna	unnið, einn og í samvinnu, að lausnum á stærðfræðilegu viðfangsefni með því að kanna, rannsaka og setja fram tilgátur,	unnið skipulega, einn og í samvinnu, að því að finna lausnir á stærðfræðilegum viðfangsefnum með því að kanna, rannsaka, greina og meta,	unnið skipulega, einn og í samvinnu, að því að rannsaka, setja fram, greina, túlka og meta stærðfræðileg viðfangsefni og líkön,
Kynningar	undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði,	undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði,	undirbúið og flutt kynningar og skrifað texta um eigin vinnu með stærðfræði,
Reiknihugsun og forritun	búið til einföld reiknirit og tjáð þau með því að nota breytur, skilyrði og lykkjur.	notað forritun til að rannsaka gögn í töflum.	rannsakað stærðfræðilega eiginleika og samhengi með því að nota forritun.

### Tölur og reikningur.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Röðun talna og talnamengi	raðað náttúrulegum tölum og einföldum brotum eftir stærð,	raðað ræðum tölum eftir stærð og útskýrt tengsl þeirra við heiltölur,	útskýrt eiginleika í talnamengjum náttúrulegra talna, heilla talna, ræðra talna og rauntalna,
Námundun	nýtt sér námundun með heiltölum,	nýtt sér námundun við útreikninga með heiltölum og tugabrotum,	nýtt sér námundun með viðeigandi nákvæmni í útreikningum,

Sætiskerfi	notað tugakerfisrithátt og sýnt skilning á sætiskerfi við ritun náttúrulegra talna,	notað tugakerfisrithátt og sýnt skilning á sætiskerfi við ritun tugabrota,	notað tugakerfisrithátt, og sýnt skilning á sætiskerfi við ritun staðalforms tölu,
Grunnreikni-aðgerðir	nýtt sér grunnreikni-aðgerðirnar fjórar og reiknað með náttúrulegum tölum,	nýtt sér grunnreikni-aðgerðirnar fjórar og reiknað með ræðum tölum,	reiknað með rauntölum og nýtt sér tengsl og samhengi reikni-aðgerðanna við útreikninga,
Hlutföll	unnið með einföld brot og hlutföll með flatarlíkani, á talnalínu og á brotastriki,	sett hlutfall fram sem almennt brot, tugabrot og prósentu og beitt þeim við rauntengd viðfangsefni,	skýrt sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu og beitt þeim við rauntengd viðfangsefni,
Reiknireglur		nýtt sér reiknireglur, tengsl reikni-aðgerðanna og forgangs röð aðgerða við útreikninga,	nýtt sér samhengi og tengsl reikni-aðgerðanna og þekkingu sína í talnafræði við útreikninga,
Rætur og veldi			reiknað með veldum og ferningsrótum í einföldum tilvikum,
Fjármál	notað grunnreikni-aðgerðir til að finna lausnir á og takast á við verkefni daglegs lífs og fjármála og skilið verðgildi peninga.	nýtt stærðfræði til að takast á við verkefni er tengjast helstu hugtökum persónulegra fjármála og haldið utan um eigin fjármál.	nýtt helstu hugtök fjármála, í tengslum við eigin fjármál, launagreiðslur, skatta og fjárfestingar og nýtt við útreikninga og úrlausnir verkefna daglegs lífs.

**Algebra.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Mynstur	kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnarunum og myndrænum mynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs,	kannað og búið til rúmfræðileg mynstur og nýtt sér táknmál algebrunnar til að vinna með þau,	unnið með talnarunur og mynstur á skipulegan hátt og lýst þeim með táknmáli algebrunnar,
Hnitakerfi	notað rúðunet með höfuðáttum í rauntengdu samhengi, teiknað og staðsett punkta í hnitakerfi,	teiknað og staðsett punkta í hnitakerfi og notað hnit til að teikna flatarmyndir,	túlkað gróf beinna lína í hnitakerfi í rauntengdu samhengi, teiknað þau á blaði og stafrænt og notað teikningarnar til að leysa jöfnur,

Föll	notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og lýsa sambandi milli stærða,	rannsakað og sett fram talnarunur og lýst þeim með myndum, orðum og fallstærðum,	unnið með fallahugtakið á mismunandi formi og við mismunandi aðstæður, bæði á blaði og með stafrænum verkfærum,
Óþekktar stærðir	reiknað með óþekktum stærðum í einföldum tilvikum,	notað bókstafi til að tákna óþekktar stærðir og reiknað með þeim,	einfaldað algebrustæður og leyst jöfnur með einni óþekkttri stærð,
Jöfnur og ójöfnur	fundið eina óþekkta stærð í jöfnu með heiltölum og rökstutt lausnir sínar.	fundið lausnir á jöfnum með því að nota algengar reiknireglur.	sett fram jöfnur og ójöfnur út frá gefnum forsendum og túlkað merkingu lausnar sinnar við raunverulegt samhengi,
Jöfnuhneppi			leyst saman jöfnur með fleiri en einni óþekkttri stærð,
Margliður			fundið skurðpunkta við ása og útskýrt tengsl við þáttun og staðalform fyrir fyrsta og annars stigs margliður.

**Tölfræði og líkindi.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Gagnavinnsla	safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið og túlkað á einfaldan hátt,	safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau með fjölbreyttum hætti,	notað tölfræðihugtök til að setja fram, lýsa, skýra og túlka gögn,
Tölfræðikannanir	talið, flokkað og skráð, lesið og túlkað niðurstöður og sett upp í einföld myndrit, með og án stafrænna hjálpartækja,	gert einfaldar tölfræðikannanir og framkvæmt einfalda tölfræðiútreikninga,	skipulagt og framkvæmt tölfræðikannanir og dregið ályktanir af þeim,
Myndrit	lesið úr einföldum myndritum,	lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum,	lesið, skilið og lagt mat á tölfræðilegar upplýsingar sem settar eru fram opinberlega,



Líkindatilraunir	gert einfaldar tilraunir með líkur og sett í samhengi við spil.	dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur,	framkvæmt tilraunir þar sem líkur og tilviljanir koma við sögu og túlkað niðurstöður sínar,
Líkinda-reikningur		reiknað út líkur í einföldum tilvikum.	notað hugtök í líkinda-reikningi, eins og skilyrtar líkur, óháða atburði og notað einfaldar talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum.

### Rúmfræði og mælingar.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Tungumál	notað hugtök úr rúmfræði, til að lýsa hlutum í umhverfi sínu,	notað hugtök rúmfræðinnar til að lýsa eiginleikum hversdagslegra og fræðilegra fyrirbrigða,	notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að lýsa eiginleikum fræðilegra fyrirbrigða,
Verkfæri	rannsakað, gert tilraunir og teikningar á einfaldan hátt, t.d. með því að nota rúmfræðiforrit og hlutbundin gögn,	rannsakað, gert tilraunir og teikningar með því að nota rúmfræðiforrit og hlutbundin gögn,	nýtt rúmfræðiforrit til að gera teikningar, rannsaka rúmfræðilega eiginleika og setja fram rök,
Mynstur	speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum,	hliðrað, speglað eða snúið flatarmyndum, til dæmis við rannsóknir á mynstrum,	
Skýringarmyndir	gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu,	rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir og notað til þess mælikvarða og einslögun,	teiknað skýringarmyndir og unnið með teikningar annarra út frá gefnum forsendum, t.d. um mælikvarða, einslögun og hlutföll, rannsakað og lýst sambandi milli teikningar og hlutar,
Tími og klukkan	lesið og notað mismunandi framsetningu á tíma, notað skífuklukku og stafræna klukku og lesið tímatöflur,	beitt jafngildi milli ólíkra tímaeininga til að ákvarða liðinn tíma af nákvæmni,	beitt brotum úr tímaeiningum og reiknað á milli tímabelta,

Mælieiningar	valið viðeigandi mælieiningu fyrir lengd, massa og rúmmál og þekkt tengsl á milli algengra mælieininga metrakerfisins innbyrðis,	beitt tengslum á milli lengdar-, flatar-, rúmmáls-, tíma- og massaeininga metrakerfisins innbyrðis,	útskýrt tengsl mælieininga metrakerfis og túlkað miðað við önnur kerfi,
Mælingar	áætlað og mælt massa, lengd, rúmmál, tíma og hitastig með stöðluðum og óstöðluðum mælitækjum,	áætlað og mælt massa, lengd, rúmmál, hraða, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum,	
Tvívið form	áætlað og mælt ummál og flatarmál með stöðluðum og óstöðluðum mælitækjum,	áætlað, mælt og reiknað hornastærðir, ummál og flatarmál marghyrninga og gráður í hringgeira,	beitt þekktum eiginleikum lína, þríhyrninga og annarra marghyrninga til að reikna hliðarlengdir og horn, reiknað og útskýrt tengsl milli grundvallareiginleika hrings, útskýrt og beitt reglu Pýþagórasar,
Þrívíð form	borið kennsl á tening, kúlu, keilu, sívalning, píramída og strendinga.	áætlað og reiknað rúmmál og yfirborðsflatarmál þristrendings, réttstrendings og píramída.	mælt stærðir á þrívíðum formum, áætlað og reiknað rúmmál og yfirborðsflatarmál og skilið tengsl við tvívíð form, samhverfu og snúningsmiðju.

### 25.3 Matsviðmið fyrir stærðfræði við lok 10., 7. og 4. bekkjar.

Matsviðmið eru sett fram fyrir allar námsgreinar og námssvið við lok 4., 7. og 10. bekkjar og eru lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu. Skólum ber að setja matsviðmið fyrir námsgreinar og námssvið annarra árganga og gera grein fyrir þeim í skólanámskrá.

Matsviðmið eru birt á A–D matskvarða. A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C. Gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni sem tilgreind er í B, hæfni náð, þar sem þau eru byggð á hæfniviðmiðum árgangsins.

A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og C þeir sem ekki standast fyllilega þær kröfur sem gerðar eru í B viðmiðum. Ekki eru sett viðmið fyrir D en sá vitnisburður er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C viðmiðum. Skóli gerir þá sérstaka grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda.

A–D matskvarða og matsviðmið er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk.

A–D matskvarða og matsviðmiðum við lok 4. og 7. bekkjar er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skóla og eru einungis sett fram til að styðja við námsmat við lok yngsta stigs og miðstigs.

Matsviðmið hvers námstímabils skulu byggð á hæfniviðmiðum og þeim námsmarkmiðum sem unnið hefur verið að. Mestu skiptir að meta í lok námstímabils það sem til var ætlast samkvæmt matsviðmiðunum.

Matsniðurstöður þarf að byggja á traustum matsgögnum og fjölbreyttum námsmatsaðferðum til þess að nemendur, foreldrar og skóli fái sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra.

#### 10. bekkur.

A	<p>Nemandi getur tjáð sig um stærðfræðileg efni og sett fram á <b>skýran</b> og <b>fjölbreyttan hátt</b>. Notað af <b>öryggi</b> hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa <b>flóknari</b> verkefni. <b>Valið</b> og nýtt ólík hjálpartæki til stærðfræðilegra verka, <b>greint, túlkað og metið</b> stærðfræðileg líkön og kynnt niðurstöður sínar á <b>skýran</b> og <b>greinargóðan hátt</b>. Notað rauntölur og reiknað af <b>öryggi</b> með ræðum tölum, greint af <b>öryggi</b> samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum. Verið <b>leiðandi</b> í að þróa lausnaleyðir, nýtt sér samhengi og tengsl reikniáðgerðanna og notað þá þekkingu af <b>sveigjanleika</b> við útreikninga og mat á þeim.</p> <p>Rannsakað <b>skipulega</b> mynstur og alhæft um þau, leyst jöfnur af <b>öryggi</b>, notað breytistærðir á <b>sveigjanlegan hátt</b> og lýst sambandi þeirra með stæðum og föllum. Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar af <b>öryggi</b> og á fjölbreyttan hátt. Nýtt einslögun, hornareglur og hnitakerfi til að teikna, greina og skapa rúmfræðilega hluti. Sett fram <b>nákvæm</b> rúmfræðileg rök, mælt og reiknað lengd, flöt og rými af <b>öryggi</b> og nýtt tölur til þessara hluta. Notað tölfræðihugtök af <b>öryggi</b> til að skipuleggja, framkvæma og túlka tölfræðirannsóknir. Framkvæmt og dregið ályktanir á <b>sjálfstæðan</b> og <b>gagnrýninn</b> hátt af tilraunum, þar sem líkur og tilviljun koma við sögu. Notað líkindahugtök og talningar af <b>öryggi</b> til að reikna og túlka líkur á atburðum.</p>
B	<p>Nemandi getur tjáð sig um stærðfræðileg efni og sett þau fram á <b>skýran hátt</b>. Notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa verkefni. Nýtt ólík hjálpartæki til stærðfræðilegra verka, greint og túlkað stærðfræðileg líkön og kynnt niðurstöður sínar á <b>skýran hátt</b>. Notað rauntölur og reiknað með ræðum tölum, greint samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum. Tekið þátt í að þróa lausnaleyðir, nýtt sér samhengi og tengsl reikniáðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim. Rannsakað mynstur og alhæft um þau, leyst jöfnur, notað breytistærðir og lýst sambandi þeirra með stæðum og föllum. Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar á fjölbreyttan hátt. Nýtt einslögun, hornareglur og hnitakerfi til að teikna, greina og skapa rúmfræðilega hluti. Sett fram rúmfræðileg rök, mælt og reiknað lengd, flöt og rými og nýtt tölur til þessara hluta. Notað tölfræðihugtök til að skipuleggja, framkvæma og túlka tölfræðirannsóknir. Framkvæmt og dregið ályktanir af tilraunum, þar sem líkur og tilviljun koma við sögu. Notað líkindahugtök og talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum.</p>
C	<p>Nemandi getur tjáð sig <b>nokkuð vel</b> um stærðfræðileg efni. Notað <b>að vissu marki</b> hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa <b>einföld</b> verkefni. Nýtt ólík hjálpartæki til stærðfræðilegra verka, <b>sett fram</b> stærðfræðileg líkön og kynnt niðurstöður sínar á <b>viðeigandi hátt</b>. Notað rauntölur og reiknað með ræðum tölum, skráð svör sín með tugakerfisrithætti og tekið þátt í að þróa eigin lausnaleyðir. Nýtt sér samhengi og tengsl reikniáðgerðanna og notað <b>algengar</b> reiknireglur. Rannsakað mynstur, leyst <b>einfaldar</b> jöfnur, reiknað með breytistærðum og notað reglur algebrunnar við reikning. Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar <b>að vissu marki</b>. Nýtt einslögun, hornareglur og hnitakerfi til að teikna, greina og skapa rúmfræðilega hluti. Sett fram <b>einföld</b> rúmfræðileg rök <b>undir leiðsögn</b>, mælt og reiknað lengd, flöt og rými og nýtt tölur til þessara hluta. Notað tölfræðihugtök við að skipuleggja, framkvæma og túlka tölfræðirannsóknir <b>undir</b></p>

	<b>leiðsögn.</b> Framkvæmt og dregið <b>einfaldar</b> ályktanir af tilraunum, þar sem líkur og tilviljun koma við sögu. Notað <b>einföld</b> líkindahugtök og talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum.
--	--

## 7. bekkur.

A	Nemandi getur á <b>fumlausan</b> hátt beitt hugtökum sem eru einkennandi fyrir stærðfræðina í daglegu lífi, rætt lausnir sínar og tjáð sig um þær. Beitt af <b>öryggi</b> og <b>sjálfstæði</b> hlutbundnum gögnum við lausnir verkefna. <b>Verið leiðandi</b> í að þróa hentugar aðferðir við lausnir verkefna. Beitt <b>fumlaust</b> og á <b>sjálfstæðan</b> hátt ólíkum reikniáðgerðum og nýtt sér samhengi og tengsl þeirra við útreikninga og mat á þeim. Unnið með, <b>rannsakað</b> og <b>lýst</b> mynstur, leyst jöfnur og ójöfnur. Notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir og nýtt sér af <b>öryggi</b> reglur algebrunnar við reikning. Beitt af <b>öryggi</b> og á fjölbreyttan hátt undirstöðuhugtökum rúmfræðinnar. <b>Fumlaust</b> teiknað, greint og skapað rúmfræðilega hluti. Sýnt fram á <b>góð</b> tók á mælingum og mælieiningum. Safnað upplýsingum og framkvæmt tölfræðirannsóknir einn og í samvinnu við aðra, lesið úr þeim, <b>miðlað</b> og dregið af þeim <b>ályktanir</b> .
B	Nemandi getur beitt hugtökum sem eru einkennandi fyrir stærðfræðina í daglegu lífi, rætt lausnir sínar og tjáð sig um þær. Beitt hlutbundnum gögnum við lausnir verkefna. Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við lausnir verkefna. Beitt ólíkum reikniáðgerðum og nýtt sér tengsl þeirra við útreikninga og mat á þeim. Unnið með mynstur og leyst jöfnur og ójöfnur. Notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir og nýtt sér reglur algebrunnar við reikning. Beitt á fjölbreyttan hátt undirstöðuhugtökum rúmfræðinnar. Teiknað, greint og skapað rúmfræðilega hluti. Sýnt fram á að hafa náð tókum á mælingum og mælieiningum. Safnað upplýsingum og framkvæmt tölfræðirannsóknir einn og í samvinnu við aðra, sett þær fram á myndrænan hátt og útskýrt niðurstöður sínar.
C	Nemandi getur með <b>stuðningi</b> beitt og tjáð sig um hugtök sem eru einkennandi fyrir stærðfræðina í daglegu lífi og rætt lausnir sínar. Unnið <b>skipulega</b> að stærðfræðilegum verkefnum með leiðsögn. Beitt <b>einföldum</b> reikniáðgerðum og nýtt sér <b>hlutbundin</b> gögn við lausnir verkefna. Unnið með mynstur og leyst jöfnur <b>með aðstoð</b> eða <b>eftir leiðbeiningum</b> . Notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir og nýtt sér reglur algebrunnar við reikning <b>með aðstoð</b> eða <b>eftir leiðbeiningum</b> . Beitt undirstöðuhugtökum rúmfræðinnar. <b>Með aðstoð</b> teiknað og greint rúmfræðilega hluti. Sýnt fram á að hafa <b>nokkuð góð</b> tók á mælingum og mælieiningum. <b>Með aðstoð</b> safnað upplýsingum og framkvæmt tölfræðirannsóknir, sett þær fram á myndrænan hátt og útskýrt niðurstöður sínar.

## 4. bekkur.

A	Nemandi getur <b>af öryggi</b> tjáð sig um stærðfræði, beitt stærðfræðitáknum, hlutbundnum gögnum og hugtökum. <b>Fumlaust</b> reiknað og beitt náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt. Notað tugakerfið <b>af öryggi</b> og sett lausnir fram á réttan hátt. Á <b>fumlausan</b> hátt greint mynstur í talnarunum og myndum og tjáð sig um reglur þeirra. Leyst einfaldar jöfnur. Unnið á <b>sjálfstæðan</b> hátt með rúmfræðileg hugtök, mælt, teiknað, greint og skapað rúmfræðilega hluti. Beitt að <b>nokkru leyti</b> ólíkum reikniáðgerðum og mælieiningum og nýtt sér samhengi og tengsl þeirra við útreikninga og mat á þeim. Framkvæmt rannsóknir úr daglegu lífi í samvinnu við aðra og lesið úr þeim. Safnað
---	---

	upplýsingum, miðlað þeim og <b>dregið ályktanir</b> . Gert tilraunir með líkur og <b>tjáð sig um</b> niðurstöður þeirra.
B	Nemandi getur með aðstoð tjáð sig um stærðfræði, leyst stærðfræðileg viðfangsefni, beitt stærðfræðitáknum, hlutbundnum gögnum og hugtökum. Reiknað og beitt náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt. Notað tugakerfið og sett lausnir fram á réttan hátt. Greint mynstur í talnarunum og myndum og tjáð sig um reglur þeirra. Leyst einfaldar jöfnur. Unnið með rúmfræðileg hugtök, mælt, teiknað, greint og skapað rúmfræðilega hluti. Beitt að nokkru marki ólíkum reikniaðgerðum og mælieiningum. Framkvæmt rannsóknir úr daglegu lífi í samvinnu við aðra og lesið úr þeim, safnað upplýsingum og miðlað þeim. Gert einfaldar tilraunir með líkur og skráð niðurstöður þeirra.
C	Nemandi getur með <b>stuðningi</b> tjáð sig um stærðfræði, leyst stærðfræðileg viðfangsefni, rætt um þau og notað viðeigandi skýringarmyndir. Reiknað og beitt náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt. <b>Með aðstoð</b> þekkt tugakerfið og sett fram lausnir. Greint <b>einföld</b> mynstur í talnarunum, myndum og leyst einfaldar jöfnur. <b>Með aðstoð</b> unnið með rúmfræðileg hugtök, mælt, teiknað, greint og skapað rúmfræðilega hluti. Gert <b>einfaldar</b> rannsóknir <b>með leiðsögn</b> og/eða í samvinnu við aðra, safnað upplýsingum og skráð þær. <b>Tekið þátt</b> í að gera tilraunir með líkur.

## Kafli 26. Upplýsinga- og tæknimennt.

Í þessum kafla er gerð grein fyrir menntagildi og megintilgangi upplýsinga- og tæknimenntar. Tekið er mið af grunnþáttunum sex sem fjallað er um í 2. kafla áhersluþáttum í námi sem fjallað er um í 6. kafla og lykilhæfni sem skilgreind er í kafla 9.4 og 18. Sett eru fram hæfniviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar. A grundvelli hæfniviðmiða eru kennsluáðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar og skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla. Í lok kaflans eru sett fram matsviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Matsviðmiðum við lok 4. og 7. bekkjar er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skóla og eru þau einungis sett fram til að styðja við námsmat við lok yngsta stigs og miðstigs. Matsviðmið við lok 10. bekkjar er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk.

### 26.1 Menntagildi og megintilgangur upplýsinga- og tæknimenntar.

Góð hæfni í öllum þáttum upplýsinga- og tæknimenntar verður sífellt mikilvægari þar sem kröfur um tæknifærni og upplýsingalæsi eru mikilvægur þáttur í námi, atvinnulífi og daglegu lífi fólks. Þekking á tækni, hvernig hún mótast og breytist getur ýtt undir þróun nýrra lausna og ábyrgrar umgengni við tæknina og allar upplýsingar sem unnið er með.

Skólasöfn sem upplýsingamiðstöð gegna stóru hlutverki í upplýsinga- og tæknimennt og eiga að vera aflvaki fyrir fjálsan lestur, ritun, efnisleit, úrvinnslu gagna, fjölhátta miðlun og fjölhátta læsi á breiðum grunni. Þar má halda utan um spil og tölvuleiki, sérhæfðan búnað tengdan tækninotkun og forritun við hæfi barna og unglunga, ýta undir áhuga nemenda á margvíslegum áhugasviðum og skapa tækifæri til samvinnu.

Megintilgangur náms og kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að nemendur öðlist alhliða hæfni í að greina, afla, nota og vinna með upplýsingar og gögn af virðingu og á gagnrýninn hátt í samræmi við siðferðileg viðmið við ólíkar aðstæður í daglegu lífi, leik og starfi. Mikilvægt er að nemendur fái að rækta með sér áhuga og þekkingu á tækjabúnaði og tækninni sem er allt í kringum okkur og þróa með sér tæknivitund.

Við skipulagningu náms og kennslu í upplýsinga- og tæknimennt skal unnið með öll hæfniviðmið á skólagöngu nemenda. Stuðla þarf að því að nemendur öðlist þá hæfni sem til er ætlast en hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni sem aflað hefur verið.

Hæfniviðmiðum í upplýsinga- og tæknimennt sem og öðrum námsgreinum er skipt í nokkra flokka. Flokkarnir eru ekki einangraðir innan námsgreinar eða námssviðs heldur hlutar af samofinni heild þar sem hver flokkur getur haft gagn af hinum, innan og á milli námsgreina og námssviða sem gefur tækifæri til heildstæðrar verkefnavinnu og samþættingar.

Kennsla í upplýsinga- og tæknimennt þarf að eiga sér stað alla skólagönguna og miða að því að nemendur þrói með sér jákvætt viðhorf til námsgreinarinnar og því sé við haldið, átti sig á notagildi hennar og öðlist trú á eigin getu.

Nemendur þurfa að fá tækifæri til að efla þekkingu á því hvernig tæknilegar lausnir eru notaðar og virka, leita lausna og setja viðfangsefni fram á fjölbreyttan hátt. Þeir þurfa að beita skapandi hugsun, ígrundun og röksemdum og tjá sig um viðfangsefni sín með orðaforða upplýsinga- og tæknimenntar og grundvallarhugtökum hennar.

Kenna þarf nemendum á tækni- og hugbúnað og þjálfu notkun þeirra. Leggja þarf áherslu á upplýsinga- og tæknimennt sem þverfaglegt námssvið þar sem raunhæf viðfangsefni eru samþætt inn í flestar námsgreinar og námssvið. Nemendur fá þannig þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu.

## 26.2 Hæfniviðmið fyrir upplýsinga- og tæknimennt.

Hæfniviðmið í upplýsinga- og tæknimennt eru í fjórum flokkum, þ.e. upplýsinga- og miðlalæsi, sköpun og miðlun, stafræn borgaravítund og lausnaleit. Þó að hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni.

### Upplýsinga- og miðlalæsi.

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Nýting skólasafns	nýtt skólasafn sér til gagns og ánægju,	nýtt skólasafn til þekkingaröflunar í stýrðu námi og á eigin forsendum til gagns og ánægju,	nýtt skólasafn á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar til gagns og ánægju,
Upplýsingaleit	leitað að og valið viðeigandi upplýsingar og stafrænt efni,	nýtt leitarvélar, gervigreind og önnur verkfæri á siðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar,	nýtt leitarvélar, gagnabanka, gervigreind og önnur verkfæri á fjölbreyttan og siðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar og skilji hvað liggur til grundvallar,
Greining og úrvinnsla gagna	greint muninn á fræðilegu efni og skáldskap,	lagt mat á gæði ýmissa upplýsinga og áttað sig á fjölbreytileika stafræns efnis,	greint, borið saman og metið á gagnrýnnan hátt trúverðugleika og áreiðanleika gagna, upplýsinga og stafræns efnis,

Heimildanotkun	þekkt að höfundaréttur gildir um fjölbreytt efni og unnið með heimildir á einfaldan hátt.	unnið með heimildir í samræmi við höfundarétt og sett fram einfalda heimildaskrá.	unnið með fjölbreyttar heimildir og metið áreiðanleika þeirra, virt höfundarétt og almennt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum.
----------------	---	---	---

**Sköpun og miðlun.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Kynningarefni	nýtt hugbúnað við gerð einfaldra kynninga,	nýtt hugbúnað við gerð margvíslegra kynninga,	valið og nýtt hugbúnað við gerð og framsetningu fjölbreyttra og gagnvirkra kynninga,
Ritvinnsla	nýtt hugbúnað við uppsetningu einfaldra ritunarverkefna,	nýtt hugbúnað við uppsetningu ritunarverkefna samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang,	valið og nýtt hugbúnað við uppsetningu fjölbreyttra ritunarverkefna og ritgerða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang,
Vinnsla tölulegra gagna	nýtt hugbúnað við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum,	nýtt hugbúnað við gagnasöfnun og framsetningu á tölulegum gögnum,	valið og nýtt hugbúnað við gagnasöfnun, greiningu og framsetningu á tölulegum gögnum,
Ljósmyndir og kvikmyndun	tekið ljósmyndir og stutt myndskreið,	nýtt tæki og hugbúnað við ljósmyndun og stuttmyndagerð,	valið og nýtt tæki og hugbúnað við vandaða ljósmyndun og kvikmyndagerð,
Myndvinnsla og myndsköpun	nýtt tæki og hugbúnað við myndsköpun,	nýtt tæki og hugbúnað við einfalda hönnun, myndvinnslu og myndsköpun,	valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreytta hönnun, myndvinnslu og myndsköpun,
Hljóðvinnsla	nýtt hugbúnað í einfalda hljóðvinnslu,	nýtt tæki og hugbúnað við upptökur og einfalda hljóðvinnslu,	valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreyttar upptökur og hljóðvinnslu,
Netmiðlun	nýtt hugbúnað við einfalda netmiðlun.	nýtt hugbúnað við netmiðlun.	valið og nýtt hugbúnað við fjölbreytta netmiðlun.

**Stafræn borgaravitund.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Jafnvægi í stafrænni notkun og vellíðan	beitt góðri líkamsstöðu við notkun stafrænnar tækni og útskýrt muninn á jákvæðum og neikvæðum skjátíma og sagt frá hvernig notkun stafrænna miðla getur haft áhrif á líðan,	hugað að eigin heilsu og vellíðan við notkun stafrænnar tækni og gert sér grein fyrir mikilvægi jafnvægis í skjátíma,	nýtt stafræna tækni til að auka vellíðan og bæta heilsu, fundið jafnvægi í notkun sinni og þekkt margvísleg einkenni og afleiðingar ofnotkunar tölvu og snjalltækja og útskýrt áhrif samfélagsmiðla á líf sitt,
Friðhelgi og öryggi	útskýrt á einfaldan hátt hvað persónuupplýsingar eru og hverju má og má ekki deila í stafrænu umhverfi,	gert sér grein fyrir mikilvægi þess að vernda persónuupplýsingar og friðhelgi einkalífs í stafrænu umhverfi og áttað sig á hvernig sé hagur af því að safna stafrænum upplýsingum,	gert sér grein fyrir notkun persónuupplýsinga og metið tilgang hennar á gagnrýninn hátt og beitt leiðum til að verjast söfnun persónuupplýsinga,
Stafrænt fótspor og auðkenni	lýst á einfaldan hátt hugtakinu stafrænt fótspor, skilið hvernig það verður til og hvert sé samspil þess og netnotkunar,	rætt og útskýrt að öll netnotkun einstaklinga skilur eftir sig spor í stafrænu umhverfi til langframa,	gert sér grein fyrir stafrænu fótspori og hvernig það mótast af allri nethegðun,
Virðing í stafrænu umhverfi	gert sér grein fyrir mikilvægi þess að leita til fullorðinna ef hætta eða áreiti skapast á netinu,	gert sér grein fyrir helstu hættum í stafrænu umhverfi og þekkt vel ólíkar leiðir til að tilkynna ólöglegt og vafasamt efni á netinu og að samfélagsmiðlar hafa áhrif á samskipti,	þekkt helstu hættur í stafrænu umhverfi og varið sjálfan sig, búnað og gögn við ýmsum ógnum á netinu og getur nýtt stafrænt umhverfi á uppbyggilegan hátt,
Samskipta-reglur, orðræða og virðing í stafrænum samskiptum	þekkt hugtakið neteinelti og einfaldar reglur í samskiptum og myndbirtingum á netinu og þekkt leiðir til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti.	nefnt helstu netöryggis- og samskiptareglur og tekið ábyrgð á eigin nethegðun og beitt leiðum til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti.	gert grein fyrir helstu siðareglum á netinu og skilið hvernig þær byggja á gagnkvæmri virðingu og beitt leiðum til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti, hatursorðræðu og stafrænum átökum.



**Lausnaleit.**

Yfirheiti	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
Stafrænn stuðningur	nefnt dæmi um einfaldan stafrænan stuðning í námi,	nýtt stafrænan stuðning í námi,	valið viðeigandi stafrænan stuðning markvisst við nám,
Varðveisla gagna	gert sér grein fyrir því að í sumum hugbúnaði þarf að vista gögn til að varðveita vinnuna,	flokkað og vistað gögn á öruggan hátt,	flokkað, vistað og varðveitt gögn á öruggan hátt,
Tölvur og snjalltæki	þekkt mismunandi tegundir tölva, snjalltækja og helstu jaðartæki og nýtt til menntunar,	nýtt mismunandi tegundir tölva, snjalltækja og jaðartækja til menntunar,	nýtt fjölbreyttan og viðeigandi tækjabúnað til menntunar og leyst tæknileg úrlausnarefni,
Notkun hugbúnaðar og einföld forritun	þekkt ýmsan hugbúnað og tæki og nýtt þau til að leysa einfaldar þrautir.	nýtt hugbúnað og tæki á fjölbreyttan hátt og til að leysa fjölbreyttar þrautir. Hafa fengið kynningu á grunnhugtökum í forritun.	nýtt forritun til sköpunar og til að efla rökhugsun og lausnaleit.

**26.3 Matsviðmið fyrir upplýsinga- og tæknimennt.**

Matsviðmið eru sett fram fyrir allar námsgreinar og námssvið við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Þau eru lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu. Skólum ber að setja matsviðmið fyrir námsgreinar og námssvið annarra árganga og gera grein fyrir þeim í skólanámskrá.

Matsviðmið eru birt á A–D matskvarða. A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C. Gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni sem tilgreind er í B, hæfni náð, þar sem þau eru byggð á hæfniviðmiðum árgangsins.

A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og C þeir sem ekki standast fyllilega þær kröfur sem gerðar eru í B viðmiðum. Ekki eru sett viðmið fyrir D, en sá vitnisburður er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C viðmiðum. Skóli gerir þá sérstaka grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda.

A–D matskvarða og matsviðmið er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda úr 10. bekk.

A–D matskvarða og matsviðmiðum við lok 4. og 7. bekkjar er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir skóla og eru einungis sett fram til að styðja við námsmat við lok yngsta stigs og miðstigs.

Matsviðmið hvers námstímabils skulu byggð á hæfniviðmiðum og þeim námsmarkmiðum sem unnið hefur verið að. Mestu skiptir að meta í lok námstímabils það sem til var ætlast samkvæmt matsviðmiðunum.

Matsniðurstöður þarf að byggja á traustum matsgögnum og fjölbreyttum námsmatsaðferðum til þess að nemendur, foreldrar og skóli fái sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra.

## 10. bekkur.

A	Nemandi getur á <b>gagnrýninn</b> hátt vegið og metið gæði upplýsinga til þekkingarmiðlunar. Á <b>ábyrgan</b> hátt virt siðferði í heimildavinnu og unnið með heimildir eftir viðurkenndum aðferðum. Nýtt sér af <b>öruggi</b> og <b>eigin frumkvæði</b> margs konar tæknibúnað, hugbúnað og gögn á ábyrgan og skapandi hátt við <b>fjölbreytta</b> verkefnavinnu. Lýst og á <b>gagnrýninn</b> hátt rætt stafræna borgaravitund og verið <b>meðvitaður</b> um sína eigin. Nýtt sér af <b>öruggi</b> möguleika stafræns stuðnings á ýmsu formi. Skipulagt <b>mjög vel</b> , flokkað og varðveitt gögn á öruggan hátt. Leyst <b>fjölbreytt</b> tæknileg vandamál og flókin forritunarverkefni á <b>skapandi</b> hátt.
B	Nemandi getur vegið og metið gæði upplýsinga til þekkingarmiðlunar. Virt siðferði í heimildarvinnu og unnið með heimildir eftir viðurkenndum aðferðum. Nýtt sér á sjálfstæðan hátt margs konar tæknibúnað, hugbúnað og gögn á ábyrgan og skapandi hátt við fjölbreytta verkefnavinnu. Rætt stafræna borgaravitund og tengt við eigin notkun stafrænnar tækni. Nýtt sér vel möguleika stafræns stuðnings á ýmsu formi. Skipulagt, flokkað og varðveitt gögn á öruggan hátt. Leyst tæknileg vandamál og flókin forritunarverkefni.
C	Nemandi getur að <b>vissu marki</b> vegið og metið gæði upplýsinga til þekkingarmiðlunar. Virt að <b>nokkru leyti</b> siðferði í heimildavinnu og unnið með heimildir. Nýtt sér að <b>nokkru leyti</b> margs konar tæknibúnað, hugbúnað og gögn á ábyrgan og skapandi hátt við verkefnavinnu. Að <b>nokkru leyti</b> rætt stafræna borgaravitund og tengt við eigin notkun stafrænnar tækni. Nýtt sér <b>nokkuð vel</b> möguleika stafræns stuðnings á ýmsu formi. Flokkað og varðveitt gögn á öruggan hátt. Leyst <b>einföld</b> tæknileg vandamál og forritunarverkefni.

## 7. bekkur.

A	Nemandi getur nýtt sér <b>mjög vel</b> skólasafn og gagnaveitur til upplýsinga- og þekkingaröflunar. Lagt <b>gagnrýnið</b> mat á trúverðugleika og gæði upplýsinga. Unnið með heimildir og sett upp heimildaskrá. Nýtt sér <b>mjög vel</b> margs konar tæknibúnað, hugbúnað og gögn á <b>ábyrgan</b> og <b>skapandi</b> hátt við <b>fjölbreytta</b> verkefnavinnu. Lýst reglum um hegðun á netinu af <b>öruggi</b> og á <b>gagnrýninn</b> hátt. Rætt um samband heilsu og vellíðunar við notkun stafrænnar tækni. Nýtt <b>fjölbreyttan</b> stafrænan stuðning í námi. Flokkað og varðveitt gögn á öruggan hátt. Leyst <b>fjölbreytt</b> forritunarverkefni og þrautir.
B	Nemandi getur nýtt sér skólasafn og gagnaveitur til upplýsinga- og þekkingaröflunar. Lagt mat á trúverðugleika og gæði upplýsinga. Unnið með heimildir og sett upp einfalda heimildaskrá. Nýtt sér margs konar tæknibúnað, hugbúnað og gögn á ábyrgan og skapandi hátt við verkefnavinnu. Lýst reglum um hegðun á netinu og rætt um samband heilsu og vellíðunar við notkun stafrænnar tækni. Nýtt stafrænan stuðning í námi. Flokkað og varðveitt gögn á öruggan hátt. Leyst ýmis forritunarverkefni og þrautir.
C	Nemandi getur að <b>einhverju leyti</b> nýtt sér skólasafn og gagnaveitur til upplýsinga- og þekkingaröflunar. Lagt mat á trúverðugleika upplýsinga. Unnið á <b>einfaldan</b> hátt með heimildir og sett upp mjög einfalda heimildaskrá. Nýtt sér að <b>nokkru leyti</b> margs konar tæknibúnað, hugbúnað og gögn á <b>skapandi</b> hátt við verkefnavinnu. Lýst <b>helstu</b> reglum um hegðun á netinu og að <b>nokkru leyti</b> rætt um samband líðan, heilsu og notkunar stafrænnar tækni. Að <b>nokkru leyti</b> nýtt stafrænan stuðning í námi. Flokkað og varðveitt gögn á öruggan hátt <b>upp að vissu marki</b> . Leyst <b>einföld</b> forritunarverkefni og þrautir.

## 4. bekkur.

A	Nemandi getur með <b>góðu móti</b> nýtt skólasafn sér til gagns og ánægju. Leitað að <b>fjölbreyttum</b> upplýsingum í textum og á vef og unnið verkefni upp úr heimildum. Nýtt sér af <b>öryggi</b> valinn tæknibúnað, hugbúnað og gögn við verkefnavinnu. Rætt á <b>ítarlegan</b> hátt um viðeigandi hegðun á netinu. Af <b>öryggi</b> varðveitt gögn og leyst forritunarverkefni.
B	Nemandi getur nýtt skólasafn sér til gagns og ánægju. Leitað að tilteknum upplýsingum í textum og á vef og unnið verkefni upp úr völdum heimildum. Nýtt sér valinn tæknibúnað, hugbúnað og gögn við einfalda verkefnavinnu. Rætt um viðeigandi hegðun á netinu. Varðveitt gögn og leyst einföld forritunarverkefni.
C	Nemandi getur að <b>einhverju leyti</b> nýtt skólasafn sér til gagns og ánægju. Leitað að <b>einhverju leyti</b> að <b>tilteknum</b> upplýsingum í textum og á vef og unnið verkefni upp úr <b>völdum</b> heimildum. Nýtt sér að <b>nokkru leyti</b> valinn tæknibúnað, hugbúnað og gögn við <b>einfalda</b> verkefnavinnu. Nefnt <b>dæmi</b> um viðeigandi hegðun á netinu. Að <b>nokkru leyti</b> varðveitt gögn og leyst <b>mjög einföld</b> forritunarverkefni.